# FRÉTTABLAÐIÐ

225. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 26. SEPTEMBER 2015




# Áfengið var númer eitt

Fyrir ári setti Steinn Ármann Magnússon tappann í flöskuna. Áfengisneyslan hafði stjórnað lífi hans um árabil. Hann var orðinn dagdrykkjumaður og íhugaði að gerast útigangsmaður. Steinn Ármann sneri vörn í sókn, fór í meðferð og öðlaðist nýtt líf. →26

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Skondið heimilislíf

Þrír ættliðir með Tourette →34



## Skyggnst inn í myndheim Katrínar Sig

→54



Bretland

## Nýr leiðtogi Verkamannaflokksins

→38

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ
ATVINNA ● NETVERSLUN ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015











SMÁRALIND

## Veður




Suðaustan hvassviðri eða stormur og víða talsverð rigning, jafnvel mikil úrkoma suðaustan til. Hiti víða 8 til 13 stig. SJÁ SÍÐU 52

# Kjötið fer á markað 2019 eða 2020

**LANDBÚNAÐUR** „Það er heilmikill ávinningur í að ná í nýtt erfðaefni í þessa holdanautastofna okkar, þá bæði fyrir kjötgæði og kjötmagn og þannig möguleika greinarinnar til að viðhalda tekjum og mæta þörfum markaðarins um magn,“ segir Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda.

Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, hefur undirritað reglugerð sem heimilar flutning á erfðaefni nautgripa til landsins. Þar er um að ræða sæði og fósturvísa til nautaeldis. Sigurður Loftsson segir að Landssambandið hafi upphaflega haft aðrar hugmyndir um málið en að þetta hafi verið lendingin eftir umfjöllun fagaðila um dýraheilbrigði og sjúkdómavarnir.

Tilgangur reglugerðarinnar er að efla nautakjötsframleiðslu á landinu. Nautaeldi af þessum toga verður háð ströngum skilyrðum en kálfar ræktaðir með þessum hætti þurfa að dvelja í einangrunarstöð fyrstu 9 mánuði lífs síns.

Sigurður segir að næstu skref séu að fjármagna og setja upp einangrunarstöðina. „Ef það tekst í haust er hægt að sækja fósturvísa til Noregs.“ Hann reiknar með að fyrsta kjötið komi á markað á árunum 2019 til 2020.

Sigurður segir að ekki sé hægt að ræða um nýjan nautgripastofn á Íslandi þar sem blendingastofnar eru hér þegar til.

Framleiðsla nautakjöts hefur hingað til ekki náð að anna eftirspurn en í fréttatilkynningu segir Sigurður Ingi að innflutningur erfðaefnis sé í raun forsenda þess að annað verði eftirspurn á nautakjötsmarkaði. **– srs**

> **Það er heilmikill ávinningur í að ná í nýtt erfðaefni í þessa holdanautastofna okkar.**
>
> Sigurður Loftsson

## Hlaupið á hólnum



**Nemendur við Kvennaskólann í Reykjavík fjölmenntu á Arnarhól í gær þar sem fram fór leikfimitími. Kvennaskólinn býr ekki að eigin leikfimisal en þess í stað er hver góðviðrisdagur nýttur til að ná upp hjartslætti nemenda og rækta heilsuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fyrirkomulagið verði skoðað upp á nýtt

**STJÓRNSÝSLA** Hugsanlegt er að skoða verði hvernig staðið er að skipan dómara, að mati Ólafar Nordal innanríkisráðherra. Hún segir að allir þrír umsækjendurnir um lausa stöðu hæstaréttardómara séu afburðamenn.

Hæfnisnefnd, sem starfað hefur samkvæmt lögum frá 2010, lagði til að Karl Axelsson, starfandi hæstaréttardómari, yrði skipaður. Gagnrýnt hefur verið að nefndin sé einungis skipuð karlmönnum.



**Ólöf Nordal**
**innanríkisráðherra**

Ráðherra getur hunsað mat nefndarinnar, en þarf þá stuðning Alþingis við skipan dómarans. **– jhh**

# Aðgerðirnar snúa mest að fjórum stofnunum

**Verkfallsaðgerðir SRF og SLFÍ hefjast að óbreyttu 15. næsta mánaðar. Hafa mikil áhrif á starfsemi Landspítala, sýslumannsembætta, ríkisskattstjóra og tollsins. Blanda af skærum og allsherjarverkfalli. Kjöri um verkfall lýkur á þriðjudag.**

**KJARAMÁL** Samningafundur hefur ekki verið boðaður í kjaradeilu þriggja stærstu félaga BSRB við ríkið. Niðurstaða um boðun verkfalls hjá SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu og Sjúkraliðafélaginu (SLFÍ) liggur fyrir í hádeginu næsta þriðjudag. Síðasti fundur, sem haldinn var á þriðjudag hjá ríkissáttasemjara, var árangurslaus.

Þriðja félagið sem þátt tekur í viðræðunum er Landssamband lögreglumanna (LL), en lögreglumenn hafa ekki verkfallsrétt.

„Staðan er í rauninni óbreytt,“ segir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR. Enn þokist ekkert í samningsátt og mikið beri í milli. Hann segir þó áhugaverðar fregnir af því að Efling og Starfsgreinasambandið færist nær því að loka samningi við ríkið. „Það verður áhugavert að sjá hvað er í þeim, en gagnvart okkur er þetta óbreytt enn sem komið er.“

Umfang aðgerða SFR og SLFÍ er umtalsvert og segir Stefán Árni flestar stofnanir ríkisins koma til með að finna fyrir þeim í einhverri mynd. „Við erum með þessa ófaglærðu hópa inni á þessum ríkisstofnunum, en stillum þessu þannig upp að við byrjum þarna 15. október á fimmtudegi og föstudegi og svo á mánudegi og þriðjudegi í allsherjarverkfalli.“ Sú törn stendur fram í nóvember. Hins vegar verður allsherjarverkfall allt frá byrjun hjá Landspítala, sýslumannsembættum, ríkisskattstjóra og tollinum.

Árni Stefán segir ljóst að velflestir ættu að verða varir við aðgerðir félagsins þurfi til þeirra að koma. „Eins og á Landspítalanum þegar ellefu hundruð manns labba út.“

Þá er ljóst að aðgerðirnar trufla útgáfu vegabréfa, leyfisveitingar og ýmsa aðra þjónustu ríkisins.

Árni Stefán segist þó ekki úrkula vonar um að samningar náist. „Við vonum að menn fari nú að setjast niður með okkur fljótlega eftir helgi til þess að ræða málin í einhverri alvöru.“

**olikr@frettabladid.is**

### Fyrirhugaðar aðgerðir sjúkraliða

**Á öllum stofnunum***
**15.-16. október** (fimmtudagur og föstudagur)
**19.-20. október** (mánudagur og þriðjudagur)
**29.-30. október** (fimmtudagur og föstudagur)
**2.-3. nóvember** (mánudagur og þriðjudagur)
**12.-13. nóvember** (fimmtudagur og föstudagur)
**16. nóvember** (mánudagur) - ótímabundið verkfall hefst
**frá miðnætti til miðnættis og nær til allra félagsmanna SLFÍ sem starfa hjá ríkinu.*

**Sértækar vinnustöðvanir****
**08:00-16:00** miðvikudaginn 21. október
**08:00-16:00** fimmtudaginn 22. október
**08:00-16:00** föstudaginn 23. október
**08:00-16:00** mánudaginn 26. október
**08:00-16:00** þriðjudaginn 27. október
**08:00-16:00** miðvikudaginn 28. október
**08:00-16:00** miðvikudaginn 4. nóvember
**08:00-16:00** fimmtudaginn 5. nóvember
**08:00-16:00** föstudaginn 6. nóvember
**08:00-16:00** mánudaginn 9. nóvember
**08:00-16:00** þriðjudaginn 10. nóvember
**08:00-16:00** miðvikudaginn 11. nóvember
***ná til Landspítala háskólasjúkrahúss, Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.*

> **Við vonum að menn fari nú að setjast niður með okkur fljótlega eftir helgi til þess að ræða málin í einhverri alvöru.**
>
> Árni Stefán Jónsson, formaður SFR








SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM

**TÖLUR VIKUNNAR** 21.9.2015 - 27.9.2015

**33 milljörðum**
króna vörðu einstaklingar til heilbrigðismála á síðasta ári.

**250 milljarða**
fjárfesting er áætluð í fjórum stóriðjuverkefnum fram til ársins 2018.

**30 milljónir**
hafa verið greiddar þingmönnum í dagpeninga á ferðalögum á þessu kjörtímabili.

**12 metra hækkun**
varð í Hálslóni á aðeins tveimur vikum í september.

**50 einstaklingar**
sóttu um hæli á Íslandi í síðasta mánuði.

**14,8 ár**
er meðalaldur ökutækja sem er fargað á Íslandi.

**113.000 manns**
heimsóttu gestastofur orkufyrirtækjanna árið 2014.

**370.000 krónur**
er hámarksgreiðsla í fæðingarorlofi – en var yfir 800.000 árið 2008.

## Í meira en ár hefur leikið grunur á að ekki væri allt með felldu hjá Volkswagen

**Maí 2014** Rannsóknasetur í Vestur-Virginíuháskóla birtir rannsókn sem sýnir mun hærri losun frá dísilbílum en áður var haldið fram. Tvær gerðir dísilbíla rannsakaðar, 2012 Jetta og 2013 Passat. Háskólinn lætur Umhverfisstofnun Kaliforníu (CARB) og Umhverfiseftirlit Bandaríkjanna (EPA) vita.

**Desember 2014** Volkswagen innkallar um það bil **500 þúsund** bíla til að vinna úr losunarvandanum.

**6. maí 2015** CARB ásamt EPA prófar aftur bílana og sér að innköllunin hafði einungis tímabundin jákvæð áhrif. Tæknileg atriði sem Volkswagen bendir á geta ekki útskýrt hærri losunina sem kom fram í frekari athugunum CARB.

**3. september** Á fundi játa forsvarsmenn VW að þeir hafi hannað og komið fyrir svindlhugbúnaðinum.

**18. september** CARN og EPA birta opinberlega niðurstöður sínar og segja að VW hafi brotið lög. Umhverfiseftirlit Bandaríkjanna tilkynnir að VW verði sektað vegna 482 þúsund bifreiða með hugbúnaðinum í Bandaríkjunum.

**21. september** VW staðfestir að 11 milljónir bíla út um allan heim hafi verið með búnaðinn. Sektin gæti numið 18 milljörðum dollara. Lögfræðistofa í New York leggur fram dómsmál fyrir hönd eigenda og leigjenda bifreiðanna.

**21.- 22. september** Hlutabréfaverð hríðfellur og lækkar um 33% á tveimur dögum, nær lágpunkti í dagsbyrjun 23. september.

maí 2014 | desember 2014 | maí 2015 | september 2015

### Gengi hlutabréfa í Volkswagen lækkar verulega

**162,4** Hlutabréfaverð áður en hneykslismálið var upplýst.

**102,5** Hlutabréfaverð lækkaði um 37% þegar það var lægst.

**106,4** Hlutabréfaverð við lokun markaða í gær eftir að það fór að hækka á ný.

**25 milljarða** evra lækkun varð á markaðsverðmæti Volkswagen í vikunni.

**22. september** Frönsk yfirvöld hefja rannsókn á því hvort svindlhugbúnaður sé notaður þar í landi.



**23. september** Forstjóri VW, **Martin Winterkorn,** tilkynnir afsögn sína.



**25. september** Matthias Müller skipaður nýr forstjóri Volkswagen. Hlutabréfaverð Volkswagen fer hækkandi á ný 23.-25. september.

# Nýr forstjóri en áframhaldandi erfiðleikar hjá Volkswagen

**Ef í ljós kemur að svindlhugbúnaður hafi verið í Volkswagen-bílum sem fluttir voru inn til Íslands, þá er tollstjóra heimilt að endurheimta vanreiknuð gjöld allt að sex ár aftur í tímann. Nýr forstjóri Volkswagen í Þýskalandi var kynntur til leiks í gær. Yfirvöld ríkja í Evrópu eru byrjuð eða búa sig undir að rannsaka útblásturshneykslið sem uppgötvast hefur í Bandaríkjunum.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



**ÞÝSKALAND** Nýr forstjóri hefur tekið við stýrinu hjá þýska bílaframleiðandanum Volkswagen eftir að dísilsvindlmálið kom upp. Þrátt fyrir nýjan forstjóra má búast við áframhaldandi erfiðleikum og fleiri málsóknum. Óvíst er hvort fyrirtækið nái að endurheimta traust viðskiptavina sinna sem tekið hefur áratugi að byggja upp.

Nýi forstjórinn heitir Matthias Müller og tekur hann við af Martin Winterkorn. Müller er fyrrverandi forstjóri Porsche, sem er í eigu Volkswagen. Síðasta vika hefur verið stormasöm fyrir fyrirtækið eftir að í ljós kom að það hefði komið fyrir svindlhugbúnaði í 11 milljónum bíla víðsvegar um heiminn þannig að bílarnir virðast losa minna af mengandi lofttegundum en þeir gera í raun.

Ráðning nýs forstjóra er einungis fyrsta skrefið í að endurvekja traust viðskiptavina til fyrirtækisins. Verkefnið verður miklu víðtækara. Enn er óljóst hversu margir bílar í Evrópu eru með hugbúnaðinn. „Allt í einu ógnar Volkswagen þýska hagkerfinu meira heldur en gríska skuldakreppan,“ sagði Carsten Brzeski, aðalhagfræðingur ING bankans, í samtali við Reuters. Bílaiðnaðurinn hefur gríðarleg áhrif á hagkerfið í landinu. Þýskaland flutti út bíla og bílahluta fyrir jafnvirði 29 þúsund milljarða króna á síðasta ári. Það nemur fimmtungi af heildarútflutningi landsins.

Umhverfiseftirlit Bandaríkjanna (EPA) gæti sektað VW um allt að 18 milljörðum dollara einungis vegna 482 þúsund bifreiða í Bandaríkjunum. Þar að auki hafa eigendur og leigjendur bílanna hafið hópmálsókn. Á síðasta ári þegar slík hópmálsókn átti sér stað þurftu Hyundai og Kia að greiða 300 milljónir dollara (39 milljarða króna) fyrir að ofmeta sparneytni bíla sinna. Þeir greiddu hverjum eiganda að meðaltali 353 dollara (45 þúsund krónur) í skaðabætur. Ef bandarískir bílaeigendur fengju sömu meðferð myndu tæplega fjórir milljarðar dollara bætast við kostnað VW. Eftir standa að minnsta kosti 10,5 milljónir bíla víðsvegar um heiminn og óvíst er hversu háar sektir hvert land mun leggja á bílaframleiðandann. Frakkland hefur nú þegar hafið rannsókn á málinu og í gær tilkynnti norska efnahagsbrotalögreglan að hún hygðist rannsaka hvort VW hefði brotið gegn norskum lögum í tengslum við útblásturshneykslið.

Ef hugbúnaðurinn reynist vera í einhverjum vélum sem flutt hafa verið til Íslands, þá er Tollstjóra heimilt að endurákvarða gjöld allt að sex ár aftur í tímann. Gjöld af ökutækjum reiknast eftir útblæstri sem skráður er í ökutækjaskrá. Ef útblástur bifreiða hefur verið ranglega skráður af innflytjanda hjá Umferðarstofu þá má innheimta vanreiknuð gjöld.

Markaðsverðmæti dróst saman um 25 milljarða evra (3.600 milljarða króna) þegar verð hlutabréfa í fyrirtækinu hríðféll í vikunni. Það mældist lægst á miðvikudagsmorgni, þá hafði það lækkað um 37% á þremur dögum.

Sérfræðingar hjá Goldman Sachs telja að skaðinn af hneykslismálinu gæti falið í sér að eftirlitsaðilar lögfesti strangari reglur um mengun og að neytendur forðist dísilbíla. Dísill hefur alltaf verið talinn umhverfisvænni kostur og hefur aflað sér mikilla vinsælda í Evrópu undanfarin ár. Í dag eru dísilbílar 53% af bílaflota Evrópu. Bensín losar 147 grömm af $CO_2$ á hvern kílómetra, en dísill einungis 132 grömm. Þetta hneykslismál gæti leitt til viðsnúnings í dísilvæðingu Evrópu.

**saeunn@frettabladid.is**

### Næstum áttatíu ára saga



Volkswagen á sér langa sögu og var stofnað árið 1937. Adolf Hitler réð þá Ferdinand Porsche til að fylgja fordæmi Henry Ford og hanna „bíl fólksins“ fyrir Þýskaland. Hitler nefndi bílinn fyrst KdF-Wagen, en almenningur kallaði bílinn Volkswagen, bókstaflega bíll fólksins. Bílaframleiðandinn er sá næststærsti í heiminum í dag, á eftir Toyota. Þrír bílar VW eru á lista 24/7 Wall St yfir 10 mest seldu bíla allra tíma, það eru Volkswagen Golf, Volkswagen-bjallan og Volkswagen Passat.

**2.300 milljarða króna**
sekt á VW yfir höfði sér frá Umhverfiseftirliti Bandaríkjanna (EPA)

**520 milljarðar króna**
yrði lágmarkskostnaður vegna hópmálsóknar bílaeigenda í Bandaríkjunum

**940 milljarða króna**
hefur Volkswagen lagt til hliðar til að mæta kostnaði vegna málsins





MADONNA ÍTALÍU
VIKULEGA 16. JAN. – 27. FEB.



Eitt vinsælasta skíðasvæði Íslendinga er aftur komið í sölu. Flogið vikulega frá 16. jan. – 27 feb. með Icelandair. Farastjóri, Níels Hafsteinsson

VERÐ FRÁ
99.900 KR.
á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli á tímabilinu 16.–23. janúar.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is




**Mitsubishi Outlander Intense** er kominn með nýtt útlit. Betur búinn fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll er vandfundinn og ekki skemmir verðið fyrir. Komdu í reynsluakstur og fáðu tilfinninguna sem svo erfitt er að lýsa – jafnvel eftir að þú prófar.

**Mitsubishi Outlander**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**5.390.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




Sikiley kemur á óvart með áhugaverðri blöndu af öllu því helsta sem ferðamenn sækjast eftir. Samfelld 3000 ára menningarsaga, einstök náttúrufegurð, ótrúlegar fornminjar, fallegar byggingar og söfn, ásamt áhugaverðri matarmenningu og blómlegu mannlífi – allt þetta og miklu fleira finnurðu á Sikiley. Heimsferðir bjóða sérferð, gönguferð og sólarferð í beinu flugi til Sikileyjar í byrjun október á yndislegum tíma. Hitastigið er ennþá notalegt og hentar bæði til sólbaða og fyrir þá sem vilja verja tímanum til að skoða þessar stórbrotnu eyju.




Frá kr. 199.800
m/hálft fæði og drykki innifalið

Netverð á mann frá kr. 199.800 á Fiesta Garden Beach og Hotel Giradini Naxos Villas m.v. 2 í herbergi m/hálfu fæði og drykkjum með kvöldverð.

Í sérferðinni er flogið til Palermo og dvalið í 5 nætur á Campofelica di Rocella ströndinni. Þann 10. október er ekið til austurstrandarinnar og dvalið á Giardino Naxos í 5 nætur. Áhugaverðar kynnisferðir eru í boði með íslenskum fararstjórum.




Frá kr. 239.900
m/morgunmat og 5 kvöldverðum

Netverð á mann frá kr. 239.900 m.v. 2 í herbergi.

10 daga gönguferð til Vindeyja, hins ævintýralega eld-fjallaeyjaklasa norður af Sikiley. Í ferðinni verður farið í valdar dagsgöngur eftir ægifögrum göngustígum á milli litskrúðugra þorpa, gróður-sællra unaðslunda og fjalls-tinda með óviðjafnanlegu útsýni yfir nokkrar af rómuðustu náttúruperlum Suður-Ítalíu.




Frá kr. 139.900
m/morgunmat innifalinn

Netverð á mann frá kr. 139.900 á Hotel Villa Linda m.v. 2 í herbergi m/morgunmat innifalinn.

Í sólarferðinni er flogið til Palermo og ekið til ferða-mannastaðarins Giardini Naxos á austurströndinni og dvalið þar í 10 nætur. Bestu baðstrendurnará Sikiley eru á austurströndinni og þar er öll þjónusta við ferðamanninn eins og best verður á kosið.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir


## Minnast fórnarlamba hryðjuverkanna



Frans páfi er í New York í tveggja daga heimsókn og mun koma víða við. Hann mun meðal annars verða viðstaddur messu í Madison Square Garden. Á fjöltrúarlegri athöfn til minningar um hryðjuverkin 11. september 2001 hitti hann fulltrúa gyðinga og múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Obama og Xi boða loftslagsaðgerðir

**Leiðtogar Bandaríkjanna og Kína taka höndum saman um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilvæg forsenda þess að árangur náist á loftslagsráðstefnu í París í desember. Ríkin bera ábyrgð á hátt í helmingi af útblæstri heims.**

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti og Xi Jinping, forseti Kína, kynntu í gær áform sín í loftslagsmálum, sem felast í því að bæði ríkin setja sér ákveðið hámark um losun svonefndra gróðurhúsalofttegunda gegn því að geta síðan keypt eða selt mengunarkvóta eins og tíðkast hefur víða um heim frá því nokkru fyrir aldamót.

Yfirlýsing þeirra þykir mikilvæg, sérstaklega nú í aðdraganda loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í París í desember næstkomandi.

Frans páfi, sem einnig er í heimsókn í Bandaríkjunum, lagði sitt lóð á þessa sömu vogarskál þegar hann í ávarpi sínu á Bandaríkjaþingi á fimmtudag hvatti Bandaríkin og önnur ríki heims til þess að grípa án tafar til aðgerða í loftslagsmálum.

Hann ítrekaði þetta svo í gær í ávarpi sínu í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York, þar sem hann sagði umhverfið eiga sín réttindi og mannkynið hafi engan rétt til að brjóta gegn þeim. Guð hafi ekki heimilað mannkyninu að misnota náttúruna, hvað þá að eyðileggja hana.

„Við hljótum að fallast á að til sé „réttur umhverfisins“, og það af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna þess að menn eru partur af umhverfinu,“ sagði páfi. „Og hins vegar vegna þess að allar verur, sérstaklega þær sem eru gæddar lífi, hafa gildi í sjálfu sér.“

Lítill árangur hefur orðið af loftslagsráðstefnum Sameinuðu þjóðanna undanfarin ár, en töluverðar vonir eru bundnir við ráðstefnuna í París.

Saman bera Bandaríkin og Kína ábyrgð á um það bil 45 prósentum af útblæstri koltvísýrings í heiminum.

Kínverjar ætla að stefna að því að árið 2030 nái útblástur þeirra hámarki. Obama hyggst fyrir sitt leyti sjá til þess að Bandaríkin dragi úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 26 til 28 prósent til ársins 2025.

Yfirlýsing Kínverja verður ekki síst mikilvæg í bandarískum stjórnmálum, þar sem repúblikanar á þingi hafa verið andvígir því að Bandaríkin skuldbindi sig í þessum málum meðan Kínverjar gera það ekki.

**45%**
**af útblæstri koltvísýrings koma frá Bandaríkjunum og Kína.**

**Við hljótum að fallast á að til sé réttur umhverfisins.**
Frans páfi

Um leið aukast líkurnar á því að marktækt samkomulag takist í París í desember, sem flest ríki jarðar gætu orðið aðilar að.

Þar sem Kína telst enn til þróunarríkja hafa Kínverjar til þessa ekki verið skuldbundnir samkvæmt alþjóðasamningum til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Yfirlýsingin í gær er byggð á samkomulagi ríkjanna, sem gert var í Kína á síðasta ári þegar Obama kom þangað í heimsókn.

gudsteinn@frettabladid.is


Nýtt og betra
Vodafone Sjónvarp
Snarpara og einfaldara viðmót tengir
þig við fjölbreytt úrval hágæða efnis.
Tryggðu þér áskrift að mögnuðu
sjónvarpi með Vodafone PLAY
Vodafone
Við tengjum þig
THE WHITE QUEEN
Nýir og spennandi
sjónvarpspakkar
Hægt er að kaupa áskrift beint
í nýju sjónvarpsviðmóti Vodafone,
á vodafone.is eða í síma 1414.
Vodafone PLAY
S
2.490 kr./mán
6 ERLENDAR STÖÐVAR
CIRKUS
Vodafone PLAY
M
2.590 kr./mán*
15 ERLENDAR STÖÐVAR
CIRKUS
Vodafone PLAY
L
2.990 kr./mán*
*Á sérstöku kynningartilboði til 1. febrúar 2016.
islenska/sia.is VOD 76132 09/15



Fjölskyldan bjó einn vetur á Ásbrú sem eru íbúðir fyrir stúdenta. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hélt að barnið væri greindarskert

**Fjölskylda sem bjó á Ásbrú fór í mál við leigufélagið vegna myglusvepps. Á átta mánuðum hrakaði heilsu ungbarns verulega og það lét á sjá.**


Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is




**DÓMSMÁL** Sandra Sif Rúnarsdóttir, kærasti hennar og ungbarn bjuggu í leiguíbúð á Ásbrú veturinn 2011-2012. Maðurinn var í námi á Keili en Sandra var heima með barnið í fæðingarorlofi. Þennan vetur var Sandra dofin og alltaf veik. Litli drengurinn var sífellt með niðurgang og þreifst ekki. Móðir Söndru, Bergljót Snorradóttir, var farin að hafa verulegar áhyggjur af fjölskyldunni.

„Ég hélt að barnið væri alvarlega greindarskert. Hann var alltaf sljór og dauður til augnanna, mændi bara á mann alveg dofinn þannig að mann langaði að taka hann og hrista hann. Dóttir mín var ekki í neinu ástandi til að sjá það því hún var sjálf hundlasin og dofin,“ segir Bergljót sem heyrði svo af tilviljun umfjöllun um myglusvepp og þá rann upp fyrir henni ljós.

Næstu skref voru að fá mygluna staðfesta. Í höndunum hefur fjölskyldan skýrslu frá Heimili og heilsu, Náttúrufræðistofnun Íslands og heilbrigðiseftirliti Suðurnesja þar sem staðfest er að myglusveppur var úti um alla íbúð. Heilbrigðiseftirlitið dæmdi íbúðina óíbúðarhæfa. Fjölskyldan flutti út úr íbúðinni og það kom fljótt í ljós að drengurinn gat ekki verið í kringum nein húsgögn, fatnað eða annað úr íbúðinni. Því var allri búslóðinni skellt í geymslu.



Sigurður Rúnar horaðist gífurlega og var sljór til augnanna á þessum tíma. Þessi mynd var tekin eftir hálfs árs búsetu á Ásbrú.

### Saknæm háttsemi við útleigu

Fjölskyldan bað leigufélagið að koma til móts við sig til að kaupa nýja búslóð en samningar náðust ekki. Þá ákvað fjölskyldan að fara í mál við leigufélagið, málið var tekið fyrir 15. september síðastliðinn og niðurstöðu er að vænta á næstu vikum. Gunnar Ingi Jóhannsson hæstaréttarlögmaður segir að krafist sé bóta vegna innbús og endurgreiðslu á leigu.

„Krafan er byggð á því að leigufélagið vissi eða mátti vita að þessi eign væri ekki hæf til útleigu. Þegar fjölskyldan tók við íbúðinni gerðu þau athugasemd við rakaskemmdir á baðherbergi. En það var ekkert gert í málunum,“ segir Gunnar. Málið er því byggt á því að leigusali hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við útleigu. „Það kom líka í ljós við skýrslutöku að þeim er kunnugt um byggingargalla á húsnæðinu sem leiða af sér raka og sveppi. Enda hafa komið upp mörg myglusveppamál á Ásbrú. Þeir vita vel af vandanum.“

Gunnar Ingi segir málið geta orðið fordæmisgefandi. „Í þessu máli liggur fyrir matsgerð frá dómkvöddum matsmönnum og svo eru sérfræðimeðdómendur sem hafa þekkingu á viðfangsefninu. Niðurstaðan ætti því að vera leiðbeinandi.“

### Kostar um þrjár milljónir

Bergljót móðir Söndru greiðir málskostnaðinn. Fjölskyldan hafði engin ráð til að gera það sjálf enda nemar og ekki með mikið á milli handanna. Sandra segir að þannig sé staðan á mörgum á Ásbrú. „Ásbrú er alræmdur myglustaður. Meira að segja starfsmaður hjá félaginu sagði við okkur að hann vonaði að við myndum vinna því hann væri orðinn þreyttur á að standa fyrir framan fólk og ljúga upp í opið geðið á því,“ segir Sandra og bætir við að fólk verði máttlaust gegn stóru leigufélagi. „Mamma tók þetta í sínar hendur og þegar hún sagði stjórnendum leigufélagsins að hún ætlaði í mál var hlegið framan í hana og sagt að félagið hefði her lögmanna á bak við sig. Það er ekki skrýtið að fólk sé hrætt við þennan slag,“ segir Sandra.

Móðirin segir að hún hætti ekki fyrr en sigur sé í höfn. „Þegar ég komst að því að þessi viðbjóðslegu veikindi væru af mannavöldum og vanvirðingu við íbúa þá ákvað ég að fara með þetta lengra. Ég mun frekar selja ofan af mér en að láta koma svona fram við börnin mín – og fólk yfirhöfuð,“ segir Bergljót en málið hefur kostað að minnsta kosta þrjár milljónir. Þar ber helst að nefna dómskvadda matsmenn, skýrslur og sýnatökur ásamt lögfræðikostnaði.

### Mennskur myglumælir

Sandra segir erfitt að sjá umfjöllun um myglusvepp í fjölmiðlum þar sem talað er um Pólendur sem blóðsugur sem vilji bætur.

„Barnið mitt er mennskur myglumælir í dag. Hann fær einkenni um leið og hann stígur inn í hús með vott af myglu. Einnig er hann með sjaldgæfan taugasjúkdóm og þar sem myglusveppur ræðst á taugakerfið gætu verið tengsl þarna á milli. Fyrir utan að hafa misst aleiguna og verið á vergangi þá höfum við mætt hrikalegu skilningsleysi og hroka frá leigusölum,“ segir Sandra og játar að lífsreynslan öll hafi verið afar erfið. „Ég myndi því ekki segja að þetta væri auðveldur bótapeningur. Ég gæfi allt til að hafa aldrei farið inn í þessa íbúð.“

erlabjorg@frettabladid.is

> **Krafan er byggð á því að leigufélagið vissi eða mátti vita að þessi eign væri ekki hæf til útleigu. Þegar fjölskyldan tók við íbúðinni gerðu þau athugasemd við rakaskemmdir á baðherbergi. En það var ekkert gert í málunum.**
>
> Gunnar Ingi Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður



> **Meira að segja starfsmaður hjá félaginu sagði við okkur að hann vonaði að við myndum vinna því hann væri orðinn þreyttur á að standa fyrir framan fólk og ljúga upp í opið geðið á því.**
>
> Sandra Sif Rúnarsdóttir, fyrrverandi leigjandi á Ásbrú



> **Þegar ég komst að því að þessi viðbjóðslegu veikindi væru af mannavöldum og vanvirðingu við íbúa þá ákvað ég að fara með þetta lengra. Ég mun frekar selja ofan af mér en að láta koma svona fram við börnin mín – og fólk yfirhöfuð.**
>
> Bergljót Snorradóttir, móðir Söndru






Frumkvöðlasjóður

Íslandsbanki auglýsir eftir umsóknum um styrki

Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka styrkir verkefni á sviði umhverfismála með sérstakri áherslu á endurnýjanlega orku, sjálfbæran sjávarútveg og verndun hafsvæða. Markmið sjóðsins er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á þessum sviðum.

Heildarupphæð úthlutunar er allt að tíu milljónum króna. Nánari upplýsingar um sjóðinn og úthlutunarreglur hans má finna á vef Íslandsbanka.

Sækja skal um á vef bankans í síðasta lagi 10. október 2015

islandsbanki.is/frumkvodlasjodur

Umsóknum skal fylgja, eftir því sem við á:

- Greinargóð lýsing á verkefninu
- Ítarleg fjárhagsáætlun
- Upplýsingar um aðra fjármögnun verkefnis
- Ársreikningur
- Upplýsingar um eignarhald og rekstrarform

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

# Smáhundakynning

## ALLT GÆLUDÝRAFÓÐUR OG VÖRUR 20 – 30 % AFSLÁTTUR



### FRÁ 13:00 TIL 17:00 | LAUGARDAG OG SUNNUDAG

TÆKIFÆRI TIL AÐ KYNNAST FJÖLDA SKEMMTILEGRA SMÁHUNDA, S.S. JAPANSKUR CHIN, CHIHUAHUA, GRIFFON, PUG OFL. ★ FULLT AF SPENNANDI DÝRAVÖRUKYNNINGUM ★ LUKKUPOTTAR ★ HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF ★ HUNDAPRJÓNARI ★ DÝRALÆKNIR ★ RAUÐAKROSSHUNDUR OG MARGT FLEIRA

PRO PLAN · ROYAL CANIN · Hill's · ARION Friends · TRIXIE · Brit PREMIUM







GUÐBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR VEITIR RÁÐGJÖF UM VAL OG RÆKTUN HAUSTLAUKA MILLI 13 OG 16 LAUGARDAG OG SUNNUDAG



FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA GARÐHEIMA
LÍFGAR UPPÁ FYRIRTÆKIÐ

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




# Tvö hundruð frosin lík enn á Everest

**Kvikmynd Baltasars Kormáks, Everest, var frumsýnd fyrr í mánuðinum. Spurningin af hverju fólk leggi í þessa hættuför leitar óhjákvæmilega á áhorfendur. Ferðaþjónustan er gagnrýnd fyrir að leyfa of mörgum óreyndum en ríkum ferðamönnum að reyna við toppinn.**

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



**ÚTIVIST** „Á þessum tíma, þegar við fórum á Everest 1997, var þetta búið að vera mitt aðaláhugamál í fimmtán ár,“ segir Hallgrímur Magnússon Everestfari. Eftir heimkomuna skrifaði hann í félagi við þrjá aðra bókina Everest, Íslendingar á hæsta fjalli heims.

Í bókinni er því meðal annars lýst þegar lík japanskrar konu var borið niður af fjallinu en hún hafði dáið þar ári áður. Hún er ein fárra sem flutt hafa verið niður. Fjallið er gröf flestra sem láta lífið í hlíðum þess. Konan, Yasuko Namba, er ein aðalpersónan í nýrri kvikmynd Baltasars Kormáks, Everest.

Íslenski hópurinn komst alla leið á toppinn en hluti af hópnum lenti í hremmingum í miklu óveðri. Svona lýsir Hallgrímur því í bókinni: „Ég lá og horfði út í sortann. Gegnum kollinn flugu hugsanir sem ég hafði vonað að ég þyrfti aldrei að kljást við. Ég var viss um að Hugo myndi deyja þá um nóttina, einn undir skafli á Suðurtindi, þessum nöturlega og einmanalega stað, þar sem ég hafði farið um nokkrum dögum áður, sama stað og mig hafði dreymt um að komast á síðan ég var lítill strákur og las Brött spor eftir Edmund Hillary. Sá staður var svo nálægður en gat samt allt eins verið á tunglinu þessa nótt – svo fjarlægt var það mannlegum mætti að komast þangað upp.“

Það liggur beinast við að spyrja hvers vegna einhver leggur upp í þessa hættuför. „Það var löngunin hjá okkur til að ná alla leið í áhugamálinu. Það voru engar annarlegar hvatir heldur var þetta bara áhugamál númer eitt, tvö og þrjú og þetta var síðasta skrefið í ákveðinni tegund fjallamennsku. Það var bara að komast alla leið á hæsta fjall,“ segir hann.

Hallgrímur og félagar hans æfðu mikið fyrir gönguna. Þeir gengu meðal annars á Mont Blanc og Cho Oyu nokkrum árum áður. Þeir höfðu fórnað öllu fyrir áhugamálið, að sögn Hallgríms, og stundað fjallamennsku næstum eins og atvinnumenn.

„Áhættustuðullinn er hár, þetta er hættulegt fjall, en við gengum út frá þessu sem áhugamáli og fjallamennsku sem við þekktum mjög vel. Við vissum nákvæmlega að hverju við gengum. Margir sem fara á fjallið vita ekki neitt og það er ámælisvert að mínu mati. Að túristavæða svona há fjöll er mér ekki að skapi,“ segir hann.



**Hallgrímur Magnússon fór á Everest árið 1997.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hallgrímur var þrítugur þegar hann gekk á fjallið. Hann toppaði sem sagt snemma, í bókstaflegri merkingu. „Minn áhugi á háfjallamennsku hvarf í sjálfu sér við þetta. Það er ekkert sjálfgefið að það gerist en það minnkar áhuginn á að fara í hæð. En ég á eftir að fara aftur til Himalaja. Ég fer þangað sem ég hef áhuga á þá stundina og ég hef haldið áfram minni fjallamennsku alla tíð síðan en áherslurnar breytast.“

Hallgrímur segist engum ráðleggja að fara á þetta fjall nema að fara í gegnum mjög miklar æfingar og prófa sig í hæð áður en farið er af stað.




MENIGA

Vilt þú fá yfirlit yfir heimilisbókhaldið á einfaldan og skemmtilegan hátt?

Tilvalið tækifæri fyrir þá sem vilja læra á notkun **Meniga**.

Námskeiðið er opið öllum og kostar ekkert. Boðið verður upp á léttar veitingar og svo verður heitt á könnunni.

Námskeiðið fer fram þann **30. september, kl. 17** í Turninum, Kópavogi.

Gengið er inn á 2. hæð


## Háfjallaveiki lífshættuleg

Tómas Guðbjartsson læknir er mjög fróður um viðbrögð líkamans þegar komið er í mikla hæð. „Munurinn á andrúmsloftinu við sjávarmál og á toppi Everest er að loftþrýstingur er bara 30% á toppnum. Fyrst verður hæðaraðlögun. Þá ferðu að anda aðeins hraðar og aðeins dýpra. Hjartað dælir meira blóði per slag og dælir hraðar. Ensímin í vöðvunum taka súrefnið betur til sín. Á þessum tímapunkti er ekkert óeðlilegt að fólk finni breytingar á líkamanum og fái væga háfjallaveiki sem lýsir sér sem höfuðverk, vægum meltingartruflunum, þreytu og svefntruflunum. Síðan ferðu ofar og þá þarftu viðbótarsúrefni.

Hættulegasta stig háfjallaveiki er háfjallalungnabjúgur og háfjallaheilabjúgur. Það er lífshættulegt ástand og býsna algengt á Everest. Þú missir jafnvægisskynið og getur fengið sjóntruflanir.

Í myndinni eru margir mjög vanir menn sem taka rangar ákvarðanir á krítískum tímapunktum. Ég held að þarna hafi dómgreind þeirra skerst út af súrefnisskorti. Heilinn er kannski ekki að vinna á fullum afköstum."



Aðspurður hvort fólk sem sæki í háfjallamennsku hafi einhver sameiginleg persónuleikaeinkenni segir Tómas: „Ég hef ekki séð neinar rannsóknir um það. Það er klárt að þeir sem ná mestum árangri í háfjallamennsku eru þeir sem eru mjög fókuseraðir og hafa seiglu. Þetta er ekki spurning um að hlaupa hratt á hlaupabretti heldur verður þú að hafa hæfni til að halda út við erfiðar aðstæður, þola vosbúð og vond veður og gefast ekki upp. Ég held að þeir sem eru miklir glæframenn, fyrr eða seinna fatast þeim flugið.“




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

# Ástand heimsins







**1.** Íbúar í Kasmír kasta grjóti í lögregluna til að mótmæla banni við nautgripaslátrun.

**2.** Ungir rétttrúnaðargyðingar í Jerúsalem skoða útsýnið frá litlum skálum, sem þeir hafa komið sér upp.

**3.** Hópur fólks kom saman í Tixtla í Mexíkó til að minnast þess að ár er liðið frá því 43 námsmenn hurfu í bænum Ayotzinapa.

**4.** Flóttafólk kemur með ferju til hafnarborgarinnar Piraeus á Grikklandi.

**5.** Maður flokkar plastflöskur við járnbrautarteina í Djakarta, höfuðborg Indónesíu, en þar í landi hefur fátæku fólki fjölgað um 310 þúsund á einu ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA









RENAULT
Passion for life

# Renault MEGANE

## DÍSIL SJÁLFSKIPTUR 4,2 l/100 km*




„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"

ENNEMM / SÍA / NM70711 / * Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

## RENAULT MEGANE LIMITED, ÍSLANDSMETHAFI Í SPARAKSTRI, HLAÐINN BÚNAÐI

Renault var þriðji mest keypti bíllinn á Íslandi 2014.** Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla með einstaklega hagkvæmri dual-clutch sjálfskiptingu. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault.

**Verð frá: 3.490.000 kr.**

**RENAULT MEGANE LIMITED**
**Dísil, beinskiptur, 3,5 l/100 km / Dísil, sjálfskiptur, 4,2 l/100 km***

Innifalið í verði: 17" álfelgur / lyklalaust aðgengi / skyggðar rúður
tölvustýrð tveggja svæða loftkæling / limited innrétting og aðfellanlegir speglar.

**Miðað við almenna sölu til einstaklinga og fyrirtækja án bílaleiga árið 2014

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Heimsþekkt hönnun –

Eames-sýningin í Pennanum Skeifunni 10 frá 18. september til 4. október

Eames Lounge Chair





Eames DSW
Tilboðsverð 49.900 kr.
verð áður 61.900 kr.



Eames House Bird
Verð 19.900 kr.



Ball Clock
Tilboðsverð 29.900 kr.
verð áður 44.900 kr.

Opið um helgina 11.00–16.00

# frábært verð









**Rotary Tray**
Verð 6.900 kr.

**Eames DAR**
Tilboðsverð 46.900 kr.
verð áður 54.900 kr.

**Hang it all**
Tilboðsverð 29.900 kr.
verð áður 42.900 kr.

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

# Barnaskapur eða brotavilji?



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Á dögunum voru birtar tilkynningar um nýsamþykkt lög á Alþingi. Mest fór fyrir umfjöllun um lög um stöðugleikaskatt svo og áætlun stjórnvalda um úrlausn slitabúa gömlu bankanna og afnám gjaldeyrishafta.

Minna fór fyrir viðbótum við lög um fjármálafyrirtæki. Í þeim fólst að frestur til að lýsa svokölluðum búskröfum í þrotabú gömlu bankanna skyldi renna út þann 15. ágúst – sex vikum eftir að lögin voru auglýst.

Búskröfur verða til á hendur slitastjórnum á meðan á skiptum stendur, sem sagt ef slitastjórnin gerir eitthvað á hlut einhvers á þetta að tryggja að viðkomandi geti fengið tjón sitt bætt af fjármunum búsins. Fyrir breytingu hefði verið hægt að lýsa kröfum sem þessum fram að kosningu um samþykkt nauðasamnings.

Samkvæmt fréttum var það slitastjórn Kaupþings sem beitti sér fyrir því að fresturinn yrði þrengdur.

Augljóst er hvað vakti fyrir slitastjórninni. Breski fasteignamógúllinn Vincent Tchenguiz hefur undanfarin ár staðið í málaferlum í Bretlandi á hendur Kaupþingi og öðrum. Krafa hans hleypur á hundruðum milljarða króna – umtalsvert hlutfall af heildareignum Kaupþings.

Ljóst er að bæði slitastjórnin og aðrir kröfuhafar hafa hag af því að krafa Tchenguiz komist ekki að. Tíðindin af því að slitastjórn Kaupþings hafi beitt sér fyrir því að þrengja frestinn eru hins vegar ótrúleg, og benda til þess að slitastjórnin gangi erinda tiltekinna hópa kröfuhafa, eða láti persónulega heift gagnvart Tchenguiz ráða för.

Enn ótrúlegra er að Alþingi hafi látið undan slíkum þrýstingi og sett lög til að útiloka einn tiltekinn mann frá ferlinu.

Slitastjórnir bankanna hafa sætt gagnrýni. Þekkt eru dæmin um óhóflega háar þóknanir. Rökin eru að störfin séu ekki bara tímafrek og erfið, heldur feli þau í sér fjárhagslega áhættu. Upp geti komið tilvik þar sem slitastjórnarmenn þurfi að bera persónulega ábyrgð á mistökum.

Fregnir hafa borist af því að slitastjórn Glitnis hafi sett til hliðar sérstakan sjóð til að mæta slíkum skakkaföllum. Aðgerðir Kaupþingsmanna í tengslum við ofangreint mál benda til þess að ekki séu miklar áhyggjur af því að verða fyrir persónulegum fjárútlátum í tengslum við skiptin. Vafalaust eru slitastjórnarmenn tryggðir í bak og fyrir.

Persónulega áhættan er engin og réttlæting ofurkjaranna horfin.

Eitt er að slitastjórnarmenn láti misnota sig með þessum hætti, en annað og alvarlegra er að Alþingi spili með.

Hvort þar ráði barnaskapur eða brotavilji er erfitt að segja. Hvort tveggja væri áhyggjuefni.

> **Slitastjórnir bankanna hafa sætt gagnrýni. Þekkt eru dæmin um óhóflega háar þóknanir. Rökin eru að störfin séu ekki bara tímafrek og erfið, heldur feli þau í sér fjárhagslega áhættu.**

## Gunnar







## Mín skoðun Jón Gnarr



# Freki kallinn

Ég hef verið að kljást við þennan mann alla ævina. Hann var pabbi minn, kennari, og strætóbílstjóri. Hann hefur verið yfirmaður minn. Hann hefur verið yfirvald sem hefur haft líf mitt og örlög í höndum sér. Hann hefur skilgreint mig. Hann hefur haft vald til að móta framtíð mína. Hann er stjóri. Hann stjórnar. Ég hef oft séð hann í sjónvarpinu, arka áfram á flugvöllum og halda messur. Hann kann að messa yfir öðrum. Ég hef séð hann keyra um í bílnum sínum á veginum sem var aðallega lagður fyrir hann. Ég hef heyrt hann halda ræður. Fátt finnst honum skemmtilegra en að halda ræður um sig sjálfan, nema ef vera skyldi að taka við viðurkenningu frá sjálfum sér. Ég hef séð myndir af honum í blöðum. Ég hef heyrt viðtöl við hann í útvarpinu. Ég hef séð hann standa upp á fundum og hrópa eitthvað með krepptan hnefann á lofti. Ég hef séð hann hella sér yfir fólk og oft sjálfur lent uppá kant við hann, yfirleitt í öðrum en nokkrum sinnum jafnvel í sjálfum mér. Ég hef séð hann ryðjast framfyrir í röðum. Ég hef oft hrokkið við þegar hann lemur í borðið. Hann er hörkulegur á svip.

Í hans augum eru allir sem eru ekki sammála honum eintóm fífl og fávitar. Sérstaklega konur. Það gilda ein lög fyrir hann en önnur fyrir alla aðra, enda fann hann þau upp. Hann sýnir vandlætingu sína með svipbrigðum og orðum. Hann er alltaf í fullum rétti. Hann veit allt betur en allir aðrir og hefur alltaf rétt fyrir sér. Hann fær aldrei nóg, ekki einu sinni af sjálfum sér. Hann kann ekki að skammast sín, veit ekkert hvað það er. En hann er fyrstur til að segja öðrum að skammast sín.

**Allir eru jafnir nema sumir**

Óþreytandi veður hann áfram og er alveg sama þótt hann rekist stundum utaní aðra eða meiði og skaði með framkomu sinni. Hann er ekkert mikið að pæla í öðrum. Þeir skipta hann engu máli. Hann vill bara fá sitt og fyrir sig. Hann trúir því að ef hann fái allt sem hann vill þá muni aðrir sjálfkrafa njóta góðs af því. Hann svífst einskis til að ná markmiðum sínum. Hann hikar ekki við að ljúga, blekkja og stela. En þegar hann stelur þá er það ekki þjófnaður heldur sanngirni, eða réttlæti. Í versta falli ákveðinn dómgreindarbrestur. Stundum verður hann ljúfur eins og lamb og verður þá gjarnan verndari og málsvari Réttlætisins. Þá talar hann mikið um hluti eins og skyldur, samstöðu, öryggi og sanngirni. Hann trúir á Guð og að Hann hafi aðallega skapað heiminn fyrir sig.

**Kóngurinn á landinu bláa**

Ég hef stúderað hann og fylgst með honum af óttablöndnum áhuga frá því að ég var barn. Ég hef oft hitt hann og rætt við hann. Hann mætir í heitu pottana í laugunum og í fjölskylduboð og á húsfundi. Stundum kemur hann meira að segja úti búð. Honum finnst gott að fá sér neðaníði og fer þá gjarnan á veitingastaði og veitingahús þar sem hann fær þá þjónustu sem hann svo einlæglega telur sig hafa rétt á. Þá talar hann hátt, segir brandara og hlær hátt að honum sjálfur. Hann er kóngur og aðrir eru þjónustulið. Honum finnst gaman að klæða sig í allskonar búninga og taka myndir af sér, jafnvel með skikkju og hleður þá á sig öllum medalíunum sem hann hefur fengið frá sjálfum sér fyrir hin ýmsu afrek. Þá brosir hann dauft og það má jafnvel greina auðmýkt í augum hans. Hann er útum allt.

Ég hitti hann mikið þegar ég vann hjá Reykjavíkurborg. Þá hitti ég hann á hverjum degi. En við náðum aldrei neitt sérstaklega vel saman. Freki kallinn. Hann er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Hann hefur mikil völd. Og hann er ekki að fara að láta þau af hendi. Hann fékk þau í sængurgjöf frá mömmu sinni og Guði þegar hann fæddist. Lögin eru hans megin, bæði Guðs og manna. Það eru fáir sem þora að andmæla honum eða standa í vegi fyrir honum, hvað þá að standa uppí hárinu á honum. Því hver vill lenda í honum? Hver vill sjá stingandi augnaráðið beinast að sér, heyra háðsglósurnar og hótanirnar? Hans réttlæti er óréttlæti. Hver vill vera óvinur hans og finna fyrir reiði hans? Ákaflega fáir. Hann er jú einu sinni valdamesti maður á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




mazda

Mazda3 er sönnun þess að með því að hugsa öðruvísi og ögra því hefðbundna er hægt að setja ný viðmið. Með byltingarkenndu SkyActiv spartækninni hefur Mazda náð fádæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að fórna afli né viðbragði – enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er Mazda3 einstaklega glæsilegur á að líta en hann er hannaður í anda KODO hönnunarinnar sem er innblásin af hreyfingum, krafti og lipurð blettatígursins.

*Komdu og reynsluaktu Mazda3*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

10 ÁRA AFMÆLI MAZDA hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Til Pírata um gagnsæi og stjórnsýslu



Björg Eva Erlendsdóttir
í Sól á Suðurlandi



Aðkoma almennings að ákvörðunum um eigin mál, gagnsæ stjórnsýsla, ný stjórnarskrá og endalok spillingar eru samfélagsbreytingar sem stór hluti kjósenda vill sjá og telur Pírata líklegasta til að koma á.

Ekki þarf að efast um góðan vilja, en það eru margar gildrur á langri leið. Og ekki er auðvelt að sjá til botns í gruggugum málum, frekar en í vatnsmikilli jökulá eins og Þjórsá. Í vor samþykkti Alþingi að setja í nýtingarflokk virkjun sem færir á kaf mynni náttúruperlunnar Þjórsárdals og eykur líkur á því að öll Þjórsá í byggð verði virkjuð í andstöðu við íbúa svæðisins og marga sem því tengjast.

Píratar misstu þar af tækifæri til að standa með almenningi gegn ofurefli og ógagnsærri stjórnsýslu. Þingmenn Vinstri grænna og einn frá Bjartri framtíð, voru þeir einu sem greiddu atkvæði gegn virkjun. Aðrir studdu nýtinguna eða sátu hjá og báru jafnan við fagmennsku rammaáætlunar. En fyrst og fremst var Hvammsvirkjun fórnarkostnaður til að losna undan öðrum frekjutillögum stóriðjuflokkanna – í bili.

**Fátt faglegt og ekkert gagnsætt**

Píratar mega vita að fátt er faglegt og ekkert gagnsætt við aðdraganda virkjana Þjórsár í byggð. Þar hefur árum saman staðið stríð Landsvirkjunar við fólk, sem ekki vildi láta af hendi umhverfi og náttúru sem er hluti af því sjálfu. Launaðir starfsmenn orkugeirans stýrðu umræðunni, en hinumegin borðs var fólk sem þurfti að verjast ágangi Landsvirkjunar í frítímanum og kosta varnirnar sjálft. Fólk sem á minni aðgang að fjölmiðlum, en stjórnmálamenn, forstjórar stórfyrirtækja og oddvitar sem telja sig geta grætt á virkjun.

Mótvægisaðgerðir voru ekki sparaðar. Sumir kölluðu þær mútur. Þar gat Landsvirkjun, fyrirtæki í eigu fólksins í landinu, notað almannafé til að þagga niður gagnrýni, láta vinna einhliða skýrslur, smyrja sveitarstjórnir með liðkunarfé og kaupa upp eða kæfa andstöðu sem tafði fyrir.

Allt einkennist þetta af þeirri pólitík sem Píratar segjast vilja vinna gegn. Því er ástæða til að biðja stjórn Pírata, kapteininn og alla hina um að kynna sér atburðarásina sem leiddi okkur þangað sem við stöndum nú. Að leyfisbréfi Alþingis til að gera árás á náttúru og fólk í fámennri byggð.

**Píratar mega vita að fátt er faglegt og ekkert gagnsætt við aðdraganda virkjana Þjórsár í byggð.**

Nú er eina vonin að gert verði nýtt umhverfismat sem tekur til fleiri þátta en gamla matið frá því fyrir tólf árum. Landsvirkjun finnst nýtt mat óþarfi og vill virkja strax. Og hefur keypt skýrslu til að styðja þá skoðun. En hverjir eiga að borga fyrir skýrslurnar sem styðja verndun? Virkjanastefnan snýst nefnilega um fleira en umhverfi og náttúru. Hún er risavaxið lýðræðis-, samfélags- og mannréttindamál, þar sem reynir á flest helstu gildi sem þarf að virða í góðu og opnu samfélagi.

# Aldraðir vilja ekki vera byrði



Guðrún Ágústsdóttir
formaður öldungaráðs Reykjavíkur

Stór hluti aldraðra nú, 67 ára og eldri, er fullfrískur og vinnufær og það er ekki gáfulegt að kasta vinnuframlagi hans fyrir róða. Það er verðmætasóun fólgin í því að nýta ekki starfskrafta fólks með því að líta á alla aldraða sem óvinnufæra og gagnslausa. Afskráður ónýtur var sagt um bíla þegar ég var að vinna hjá Sjóvá áður en þeir fóru á haugana. Afstaðan til gamals fólks minnir stundum á þetta. Það heyrir til undantekninga að talað sé við gamalt fólk í fjölmiðlum (nema þá til að tala um gamla daga, helst í sveitinni) og það þótti til skamms tíma ekki taka því að hafa fólk yfir sextugu með í skoðanakönnunum. Það er ekki skynsamlegt að loka fólk inni í hólfum – þvert á móti á að opna samfélagið fyrir öllum burtséð frá því á hvaða aldri þau eru.

Aldraðir, þ.e. fólk á aldrinum 67 til 85 eða 100 ára, er ekki einsleitur hópur, ekki frekar en fólk milli 47 og 70 ára eða 27 og 50 ára. Við eigum það eitt sameiginlegt að við höfum náð ákveðnum aldri sem er skilgreint í lögum sem öldrun. Annað er það ekki. Hópurinn er margbreytilegur hvað varðar afkomu (sumt efnaðasta fólk landsins er í þessum hópi), heilbrigði: andlegt og líkamlegt og félagslegt.

**Vinnuframlagið sést ekki**

Vinnuframlag eldra fólks sést ekki sem heild eftir að það hefur yfirgefið vinnumarkaðinn. Hvað ætli standi í hagtölum um aldraða sem eru að þeytast um með barnabörnin sín í tónlistartíma og íþróttir, að passa á kvöldin eða um helgar, eða þegar þau eru veik? Þetta vinnuframlag er oft forsenda þess að yngra fólk geti skilað vinnuframlagi sínu. Vinnuframlag yngra fólksins er metið á hagtölum samfélagsins, vinnuframlag eldra fólksins er hvergi metið á heildarskalana sem allir eru alltaf að horfa á – en börnin meta vissulega störf okkar að ekki sé minnst á barnabörnin.

Hópur aldraðra er líka mismunandi eftir búsetu. Hvernig er búið að öldruðum utan höfuðborgarsvæðisins? Hvernig líður einstæðu fólki, konum og körlum? Allt þetta þarf að skoða og rannsaka og ekki að afgreiða aldraða eins og þeir séu einhver óskiljanlegur klumpur sem er baggi á samfélaginu.

Við höfum oft tekið málin í okkar hendur. Við erum virk í samfélaginu, þótt við séum ekki endilega eftirsótt á vinnumarkaði, margir eldri borgarar hreyfa sig markvisst, vitandi að það hefur jákvæð áhrif á heilsuna, öll námskeið eru yfirfull af gráhærðu fólki í endurmenntun. Og gamalt fólk er menningarneytendur á háu stigi, það sést svo ekki verður um villst á tónleikum og leikhúsum – já, og myndlistarsýningum.

Við viljum bæta lífi við árin, ekki bara árum við lífið. Það er sagt að annað hvert barn sem fæðist á þessari öld geti búist við því að verða 100 ára! Þessi viðbótarár viljum við nota með því að vera með í samfélaginu með virkri þátttöku og ábyrgð á okkur og umhverfi okkar. Eins og aðrir. Aldraðir vilja ekki vera byrði.

# Auschwitz til sölu



Sabine Leskopf
varaborgarfulltrúi

**Fyrstu árin gat ég verið mjög sár yfir lélegum nasistabröndurum og enn lélegri og óviðeigandi nasistasamlíkingum.**

Árið 1976 kom þýskur rannsóknarlögreglumaður að nafni Karl Schütz til Íslands vegna Geirfinnsmálsins. Skömmu seinna birtist skopmynd af honum með hakakrossi í Morgunblaðinu. Hann sætti sig ekki við það og fór í mál vegna þess að þetta þykir hin mesta móðgun við Þjóðverja sem hægt er að hugsa sér. Hæstiréttur dæmdi svo ritstjórnina til að greiða honum bætur þó að teiknarinn sjálfur hafi verið sýknaður.

Ég er Þjóðverji og hef búið á Íslandi í 15 ár. Fyrstu árin gat ég verið mjög sár yfir lélegum nasistabröndurum og enn lélegri og óviðeigandi nasistasamlíkingum. Stundum var vísað til meints húmorsleysis Þjóðverja þegar ég hló ekki að slíkum bröndurum. Svona eins og svart fólk – eða blámaður? – hlær ekki að niggarabröndurum þegar þeir eru sagðir af hvítu fólki. Þetta er flókið og vandmeðfarið mál. Langoftast hef ég þó tamið mér með árunum að hugsa í hljóði um vanþekkingu, ónærgætni og áhugaleysi um sögu og framþróun Þýskalands. Fyrir utan Suður-Afríku hefur nefnilega ekkert land unnið eins mikið í því að læra af sögu sinni og Þýskaland, svo mikið, að ég ólst upp með því hugarfari að það mætti ekki vera gaman að vera Þjóðverji, að saklaus þjóðernisvitund eins og við upplifum hér 17. júní eða eftir sigur í handboltanum var ekki í boði þá, þó miklar breytingar hafi orðið á síðustu árum.

**Ímyndaðir nasistar**

Sl. þriðjudag vísaði borgarfulltrúinn Áslaug María Friðriksdóttir til ímyndaðra nasista í borgarstjórn í umræðunni um tillögu meirihluta borgarinnar um sniðgöngusamþykktina. Næsta dag kom víst hálf afsökunarbeiðni á Facebook-síðu hennar þar sem hún segist sjá eftir að hafa sagt þetta, en segir samt að í rauninni ætti hún ekki að þurfa að biðjast afsökunar af því að hún gerði eiginlega ekkert rangt. Það sem hún virðist ekki gera sér grein fyrir er að hún, og aðrir sem nota slíka orðræðu svona léttvægt í engu samræmi við tilefnið, er að hún sýnir ekki bara mér persónulega og félögum mínum vanvirðingu, heldur líka öllum þeim 6 milljónum gyðinga sem týndu lífi í útrýmingarbúðum nasista.

Ég sat þennan fund og undir þessum lítt dulbúna samanburði minna starfa við nasista. Fundurinn snerist í huga minnihlutans aðallega um það hvaða verðmiða mætti setja á mannréttindi. Af málflutningi Áslaugar hefði mátt halda að Sjálfstæðisflokkurinn væri til í að selja jafnvel Auschwitz ef einungis væri nóg að græða á því. Ég er ekki þeirrar skoðunar, einmitt af því að ég er í dag stoltur Íslendingur af þýskum uppruna. Góða fólkið sem sagt.

# Gæfumunurinn: 30 eða 300 milljónir?



Guðrún Nordal
forstöðumaður Árnastofnunar

Hvernig deyja tungumál?" spurði Linda Björk Markúsardóttir í titli greinar hér í Fréttablaðinu fyrir um tveimur vikum. Þeim fjölgar dag frá degi sem átta sig á því að nýrrar hugsunar, rannsókna og nýsköpunar er þörf, en umfram allt ákveðinna fjárfestinga, ef við ætlum að gera íslenskunni kleift að spjara sig í þeirri tæknibyltingu sem við nú lifum.

Úlfar Erlingsson frá Google talaði skorinort að þessu leyti í viðtali á Rás 2 í Helgarútgáfunni þann 13. september. Það gerðu einnig margir frummælendur um málið á ársfundi Árnastofnunar í maí síðastliðnum, eins og m.a. Ólafur Sólimann hjá Apple, og nú nýverið heyrði ég Orra Hauksson, forstjóra Símans, lýsa því yfir að breytingarnar gerðust á slíkum ógnarhraða að glugginn sem enn væri opinn fyrir íslenskuna til að smokra sér inn í framtíðina og nettengdu heimilistækin myndi einfaldlega lokast eftir um fimm ár.

Þegar við ræðum íslenska tungu örlar stundum á verndarhyggju og oflæti. En ekkert er jafn fjarri sjálfu móðurmálinu. Íslenskan hefur aldrei dafnað innan verndarmúra; hún hefur breyst með okkur sjálfum og í samræðu við önnur tungumál. Hún er einfaldlega okkar daglega mál, eins og Guðmundur Andri Thorsson lýsti svo vel í mánudagsgrein sinni þann 21. september. Þegar við lesum og notum orðin sem hafa slípast í okkar eigin munni tengjumst við sögu og minningu kynslóðanna, landinu sjálfu, veðrinu, gleði og sút – en hún flytur okkur ekki síður til annarra landa. Hún var í farangri vesturfaranna og á hverjum degi fangar hún sköpun okkar og reynslu.

Nú lifum við hinsvegar alveg nýja tíma. Íslensk tunga þarf vængi til að fljúga inn í heim tækninnar. Sá heimur krefst þess að við tölum við snjallsímana, bílana okkar, ísskápa og kaffivélar – ekki síður en við hvert annað í tölvunum sjálfum; en hann opnar málinu líka ónumin lönd. Viljum við þá tala íslensku? Eða verður til ný stéttaskipting í þessu landi þegar þeir sem kunna ensku ekki nægilega vel verða málstola frammi fyrir heimilistækjunum sínum?

**Við höfum fimm ár**

Verkefnið sem við nú stöndum frammi fyrir snýst ekki um málvernd, það snýst um landnám. Aðrar þjóðir hafa staðið í svipuðum sporum og brugðist við á einn veg; með því að fjárfesta í eigin móðurmáli, í þróaðri máltækni, talgervlum og alls kyns þýðingatólum sem opna móðurmál þeirra jafnt fyrir ensku sem og öðrum tungum.

Það er í hendi okkar kynslóðar, þeirra sem nú sitja á þingi og bera ábyrgð á fé almennings, hvort okkur takist að gera íslenska tungu fleyga um himinhvolf tækninnar. Við höfum fimm ár. Við vitum nákvæmlega hvað þarf að gera. Nefnd um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni skilaði mennta- og menningarmálaráðherra greinargerð í lok síðasta árs sem birt er á vef ráðuneytisins. Þar eru verkefnin rakin, hve langan tíma þau taka ásamt drögum að kostnaðaráætlun. Við þurfum að fjárfesta um hálfan annan milljarð til að gera íslenskuna fullfleyga í þessum nýja heimi. Það svarar um 300 milljónum á ári næstu fimm árin. Í fjárlagafrumvarpinu sem nú liggur fyrir er lagt til að 30 milljónum verði varið í svokölluð máltækniverkefni.

**Tíminn er að renna frá okkur. Höfum við efni á því að glata tungunni og þeirri menningarlegu fjölbreytni sem hún geymir?**

Nú spyr ég okkar ágætu þingmenn og ráðherra: höfum við efni á því að gera ekki betur? Tíminn er að renna frá okkur. Höfum við efni á því að glata tungunni og þeirri menningarlegu fjölbreytni sem hún geymir?

Það getur verið gæfumunur á 30 og 300 milljónum.

# Birting stöðugleikaskilyrða

**Dr. Agnar Helgason**
mannfræðingur
**Davíð Blöndal**
eðlis- og tölvunarfræðingur
**Ólafur Elíasson**
MBA
**Ragnar Ólafsson**
félagssálfræðingur
**Dr. Torfi Þórhallsson**
verkfræðingur
f.h. InDefence hópsins

*Hr. Már Guðmundsson,*
*Seðlabankastjóri*

Samhliða kynningu stjórnvalda á stöðugleikaskattinum þann 8. júní 2015 var tilkynnt að í stað skattsins stæði slitabúum gömlu bankanna til boða að greiða stöðugleikaframlag. Þetta stöðugleikaframlag átti að uppfylla svokölluð stöðugleikaskilyrði, sem væru í raun jafngild skattinum í þeim skilningi að þau standi með sama hætti vörð um hagsmuni heimila og fyrirtækja. Jafnframt kom fram að ferlið við afnám gjaldeyrishafta yrði opið og gagnsætt. Sú fyrirætlun var að mati undirritaðra góð enda ljóst að betur sjá augu en auga.

Nú, rúmum þremur mánuðum síðar, hafa skilyrðin enn ekki verið birt opinberlega eftir því sem við komumst næst. Seðlabankinn hefur því enn ekki staðið við loforð stjórnvalda um opið og gagnsætt ferli. Svo virðist sem ekki einu sinni lykil hagsmunaaðilar eins og Alþingi, efnahags-og viðskiptanefnd eða bankaráð Seðlabankans hafi fengið kynningu á þeim. Einu aðilarnir sem vitað er til að hafi fengið upplýsingar um stöðugleikaskilyrðin eru slitabú gömlu bankanna og kröfuhafar þeirra. Samt eru einungis þrír mánuðir þar til frestur slitabúa til að undirgangast stöðugleikaskilyrðin rennur út.

Stöðugleikaskatturinn átti að skila 850 ma.kr. til ríkissjóðs, en þó var hægt að fá afslátt þannig að lækka mætti skattinn í 682 ma.kr. gegn bindingu erlends gjaldeyris í landinu. Í nýjustu Peningamálum metur Seðlabankinn hins vegar stöðugleikaframlagið samkvæmt tillögum slitabúanna upp á 15% af VLF eða um 300 ma.kr. Þetta vekur upp mjög áleitnar spurningar um það hvernig stöðugleikaframlag upp á 300 ma.kr. getur verið jafngilt 850 ma.kr. stöðugleikaskatti.

Miðað við gríðarlegt mikilvægi þessara aðgerða fyrir íslensk heimili og lífskjör hérlendis og loforða ríkisstjórnarinnar viljum við undirritaðir biðja þig um að birta:

a) Stöðugleikaskilyrðin og útreikninga á því hvernig þau eru efnahagslega jafngild stöðugleikaskattinum með hliðsjón af greiðslujöfnuði þjóðarinnar.

b) Tilboð slitabúanna um stöðugleikaframlög og hvernig þau uppfylla stöðugleikaskilyrðin.

c) Áhrif stöðugleikaframlaganna á greiðslujöfnuð þjóðarinnar.

d) Endurmat á stöðugleikaskilyrðunum með tilliti til þeirrar áhættu Ísland býr við t.d. samkvæmt viðvörunum IMF, enda ber almenningur tjón af því ef bjartsýnar áætlanir ganga ekki eftir.

Þar sem mjög knappur tími er til stefnu biðjum við um að upplýsingarnar verði birtar innan viku. Kjósi Seðlabankinn að birta þessar upplýsingar ekki, biðjum við um rökstuðning fyrir því af hverju enginn nema slitabúin og kröfuhafar þeirra eigi að fá að sjá stöðugleikaskilyrðin og hvernig slík ákvörðun fellur að loforðum stjórnvalda um opið og gagnsætt ferli.

# Ást fyrir alla





**Andrés Ingi Jónsson**
varaþingmaður
Vinstri grænna

**Steinunn Þóra Árnadóttir**
þingmaður
Vinstri grænna

**Réttur fólks til að ganga í hjónaband eru mikilvæg borgaraleg réttindi, sem Alþingi hefur ákveðið að nái til allra óháð kynhneigð.**

**Ísland steig stórt skref í átt til jafnréttis þegar ein hjúskaparlög tóku gildi árið 2010. Þar tóku þingmenn sig saman um mikla réttarbót, sem var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.** Frá þeim tíma hafa hugmyndir um „samviskufrelsi“ reglulega skotið upp kollinum í umræðunni. Með því er átt við „frelsi“ presta þjóðkirkjunnar að neita samkynja pörum um hjónavígslu. Undirrituð lögðu nýverið fram fyrirspurn til innanríkisráðherra til þess að fá endanlega úr því skorið hvort þessi heimild væri yfir höfuð til staðar og hvort hún væri nýtt.

Svör ráðuneytisins við fyrirspurn okkar, sem og viðbrögð starfandi biskups á forsíðu Fréttablaðsins, vekja enn fleiri spurningar en þau svara. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup leggur á það áherslu að samviskufrelsi presta sé stjórnarskrárvarinn réttur og meðal dýrmætustu mannréttinda, á sama tíma og ráðuneytið segir mjög skýrt að sem opinberir starfsmenn megi prestar ekki mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar. Samt bendir ráðuneytið á lagaheimild til að útlista hvenær prestum sé skylt að framkvæma hjónavígslu og hvenær ekki – sem nú stendur til að fá tillögur frá biskupi um! Verður hluti af þeim tillögum réttlæting á því að prestar mismuni fólki á grundvelli kynhneigðar?

### Réttindi rekast á

Hér rekast á réttindi presta til eigin trúar og réttur fólks til að vera ekki mismunað af opinberum starfsmönnum – en hvor rétturinn viljum við að vegi þyngra? Er kannski sanngjarnast fyrir alla aðila að losa alla undan þessum árekstri?

Ein lausnin væri að fara leið Sjálfstæðisflokksins og festa misréttið í lög. Þegar Alþingi afgreiddi ein hjúskaparlög vildu þingmenn Sjálfstæðisflokksins gefa vígslumönnum trúfélaga skýra heimild til að synja hjónaefnum um vígslu ef það stríðir gegn trúarlegri sannfæringu þeirra. Þessari breytingartillögu var hafnað með öllum atkvæðum nema 14 atkvæðum sjálfstæðismanna. Einfaldari lausn væri að úthýsa misréttinu með því að skilja á milli trúar og hjúskapar. Ef borgaralegum vígslumönnum væri alfarið falið að sjá um að skrá fólk í hjónaband, líkt og tíðkast víða annars staðar, væri tryggt að fólk gengi alls staðar að þeirri þjónustu vísri. Þau hjónaefni sem vilja auk þess fá trúarlega blessun gætu gert það eftir sem áður, en það væri persónuleg ákvörðun þeirra sem ríkisvaldið þyrfti ekki að blanda sér í.

Réttur fólks til að ganga í hjónaband eru mikilvæg borgaraleg réttindi, sem Alþingi hefur ákveðið að nái til allra óháð kynhneigð. Ef vígslumenn trúfélaga treysta sér ekki til að standa vörð um þau réttindi, þá þarf að skoða af fullri alvöru að færa vígsluréttindin þangað sem réttur fólks til hjúskapar verður örugglega varinn – til borgaralegra vígslumanna.

Góð ávöxtun Úrvalsbréfa

**Landsbréf – Úrvalsbréf** hafa skilað góðri ávöxtun síðastliðin ár. Sjóðurinn er hlutabréfasjóður. Að baki Úrvalsbréfum er teymi fólks með mikla reynslu, víðtæk tengsl við markaðinn og þekkingu á íslensku viðskiptalífi.

**Meðaltal nafnávöxtunar Úrvalsbréfa á ársgrundvelli** miðað við 31.08. 2015




Veittur er 50% afsláttur af gjaldi við kaup út október.

Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Ávöxtunartölur eru fengnar hjá Landsbankanum sem er vörsluaðili sjóðsins.

Fjárfesting í hlutabréfasjóðum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða er þó að jafnaði öruggari en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar, þar sem hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Hlutabréf eru í eðli sínu áhættusöm fjárfesting og afkoma þeirra félaga sem sjóðurinn á hlutabréf í hefur bein áhrif á gengi sjóðsins. Nauðsynlegt er að fjárfestar kynni sér vel þá áhættu sem fólgin er í því að fjárfesta í hlutabréfasjóðum með því að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu.

Landsbankinn er söluaðili sjóða Landsbréfa. Komdu við í næsta útibúi eða hafðu samband við Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf í síma 410 4040.

Landsbréf – Úrvalsbréf eru fjárfestingarsjóður, starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins eru Landsbréf hf. og vörslufélag er Landsbankinn hf. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst almennt áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði vegna rýmri fjárfestingaheimilda. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er virði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins, s.s. ógreiddri umsýslu, þóknunum og öðrum gjöldum. Nánari upplýsingar um sjóðinn, skattlagningu hlutdeildarskírteina og áhættuþætti við fjárfestingu í sjóðnum má sjá í útboðslýsingu sjóðsins og lykilupplýsingum sem finna má á vefsvæði Landsbréfa, landsbref.is.

LANDSBRÉF

## Þrjár útgáfur Fjölnis í sumar




**EMIL OG IVANOVSKI**

**8 leikir: 5 sigrar, 2 jafntefli, 1 tap.**

**17 stig**

**Markatala 14-7.**

Fjórum sinnum haldið hreinu.




**BREYTINGASKEIÐIÐ**

**4 leikir: 0 sigrar, 0 jafntefli, 4 töp.**

**0 stig**

**Markatala 1-11.**

Aldrei haldið hreinu.




**UPPRISAN**

**8 leikir: 4 sigrar, 4 jafntefli, 0 töp.**

**16 stig**

**Markatala 20-13.**

Einu sinnum haldið hreinu.

# Vel heppnuð umbreyting

**Fjölnismenn hafa átt frábært annað tímabil í Pepsi-deildinni. Þeir hafa þegar toppað besta árangur í sögu félagsins og eiga enn góða möguleika á að ná Evrópusæti. Árangurinn er ekki síst eftirtektarverður í ljósi þess að Fjölnir þurfti nánast að byrja frá grunni um mitt tímabil eftir að hafa misst tvo lykilmenn.**

Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@365.is



**FÓTBOLTI** Fyrir tímabilið gáfu Fjölnismenn það út að þeirra markmið í ár væri að bæta besta árangur liðsins í efstu deild, sem var 6. sæti og 31 stig sem Grafarvogsliðið náði árið 2008, á sínu fyrsta tímabili í efstu deild. Eftir sigurinn á Víkingi í síðustu umferð var því markmiði náð. Fjölnismenn eru með 33 stig í 5. sæti og það sem meira er, þá er möguleikinn á Evrópusæti enn fyrir hendi en Fjölnir er aðeins þremur stigum frá KR, sem situr í 3. sætinu, þegar tvær umferðir eru eftir. Fjölnismenn eiga reyndar eftir að spila við tvö efstu lið deildarinnar, FH og Breiðablik, en þrátt fyrir það hafa Grafarvogsbúar trú á verkefninu.

„Við erum í þessu til að vinna en verkefnið er ærið, að fara í Krikann og ætla að gera einhverja stóra hluti. En það er allt hægt í þessu,“ sagði Ágúst Gylfason, þjálfari Fjölnis, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Miðað við gengi Fjölnis á undanförnum vikum er ástæða til bjartsýni. Fjölnismenn eru ósigraðir í síðustu átta leikjum sínum, hafa unnið fjóra þeirra og gert fjögur jafntefli. Vörn Fjölnismanna er reyndar ekki jafn sterk og í upphafi móts en sóknarleikurinn er það góður að það hefur engu breytt. Tuttugu mörk skoruð í síðustu átta leikjum gefa til kynna hversu beittur sóknarleikurinn er. Kennie Chopart hefur skorað fimm þessara marka en þessi öflugi Dani hefur farið fyrir þessari þriðju útgáfu Fjölnisliðsins í sumar. Lið Fjölnis í dag er nefnilega talsvert breytt frá því sem hóf mótið.

Fjölnir náði í 17 stig í fyrstu átta umferðunum en þá dundu áföllin yfir. Makedónski varnarmaðurinn Daniel Ivanovski hélt til síns heima eftir 3-0 sigur á Leikni og skömmu síðar kölluðu FH-ingar Emil Pálsson til baka úr láni. Fjölnismenn voru því búnir að missa tvær af sterkustu stoðum liðsins út á miðju tímabili. En sem betur fer fyrir þá var félagaskiptaglugginn handan við hornið.

Þar náði Ágúst í Chopart, sem spilaði vel með Stjörnunni árin 2012 og 2013, og spænska miðvörðinn Jonathan Neftali, auk þess sem Illugi Þór Gunnarsson byrjaði aftur að æfa með liðinu. Þessi andlitslyfting leit reyndar ekki vel út í upphafi en Fjölnir steinlá, 4-0, fyrir ÍBV í fyrsta leiknum sem Chopart og Neftali spiluðu. En þessir leikmenn þurftu bara einn leik í aðlögun og eftir þennan skell hafa Fjölnismenn verið á mikilli siglingu og halað inn 16 stig í síðustu átta leikjum.

„Það er dálítið erfitt að setja fingur á það sem hefur breyst til batnaðar hjá okkur. Það eru eiginlega leikmennirnir sem eiga stærstan þátt í þessu. Þetta er mjög góður hópur,“ sagði Ágúst sem viðurkennir að það hafi ekki verið óskastaða að þurfa að byggja upp nýtt lið um mitt mót.

„Þetta var dálítil endurskipulagning. Það komst rót á þetta og það tók smá tíma að koma þessu í samt lag aftur. Við töpuðum fjórum leikjum í röð og það er ákveðin kúnst að snúa því við,“ sagði Ágúst sem hlakkar til leiksins í dag. „Ég er mjög spenntur fyrir þessum leik, að mæta á erfiðasta útivöll landsins og ná í úrslit.“

**ingvithor@365.is**

**20**

**Fjölnir hefur skorað 20 mörk í síðustu átta umferðum, flest allra liða.**




**NÚ ER ALLT UNDIR**

*FH-ingar fá Fjölnismenn í heimsókn í dag klukkan 13:30. Tryggja heimamenn sér Íslandsmeistaratitilinn eða færast Fjölnismenn nær Evrópusætinu? **Ekki missa af þessum stórleik á Stöð 2 Sport.***

365.is | Sími 1817 365

## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Grótta - ÍBV 23-34**
Markahæstir: Aron Dagur Pálsson 5, Daði Laxdal Gautason 4, Þorgeir Bjarki Davíðsson 4 - Theodór Sigurbjörnsson 8, Grétar Þór Eyþórsson 7
Nýliðarnir fengu skell gegn meistaraefnunum. Stephen Nielsen var frábær í marki ÍBV og liðið skoraði 10 mörk úr hraðaupphlaupum. Ellefu leikmenn ÍBV komust á blað í leiknum.

| Efri hluti | | Neðri hluti | |
|---|---|---|---|
| ÍR | 8 | ÍBV | 4 |
| Haukar | 6 | Grótta | 2 |
| Afturelding | 6 | Víkingur | 2 |
| Valur | 6 | FH | 2 |
| Fram | 4 | Akureyri | 0 |

**Olís-deild kvenna**

**Stjarnan - Valur 23-14**
Markahæstar: Stefanía Theodórsdóttir 7/2, Helena Rut Örvarsdóttir 4 - Íris Ásta Pétursdóttir 4, Sigurlaug Rúnarsdóttir 3
Florentina Stanciu var í ótrúlegum ham í marki Stjörnunnar og varði 23 skot (64%) í öðrum sigri liðsins í vetur. Skotnýting Vals í leiknum var aðeins 29%.

**Grótta - FH 20-12**
Grótta er með fullt hús stiga eftir þrjá leiki en meistararnir áttu spiluðu gríðarlega sterkan varnarleik gegn FH. Seltirningar hafa aðeins fengið á sig 48 mörk í fyrstu þremur umferðunum, eða 16 mörk að meðaltali í leik sem er frábær tölfræði.

**Skrítið að spila fyrsta leik eftir EM, fyrir tómri höll og engir bilaðir íslenskir áhorfendur. #preseasonstruggle**

Hörður Axel Vilhjálmsson
**@Hossiaxel**

## Um helgina

**Pepsi-deild karla, laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | FH - Fjölnir | Kaplakriki |
| 14.00 | Leiknir - KR | Leiknisvöllur |
| 14.00 | Breiðablik - ÍBV | Kóp.völlur |
| 14.00 | ÍA - Valur | Norðurálsvöllur |
| 14.00 | Víkingur - Fylkir | Víkin |
| 14.00 | Stjarnan - Keflavík | Samsung |

**Olís-deild kvenna, laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 13.30 | Afturelding - HK | N1-höllin |
| 14.00 | Fjölnir - Selfoss | Dalhús |
| 14.00 | Fram - Haukar | Framhús |
| 15.00 | ÍR - ÍBV | Austurberg |
| 15.00 | KA/Þór - Fylkir | KA-heimilið |

**Olís-deild karla, sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | FH - Akureyri | Kaplakriki |

**Það helsta á sportrásunum, laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 11.45 | Tottenham - Man City | Sport 2 |
| 14.00 | FH - Fjölnir | Sport |
| 14.00 | Liverpool - A. Villa | Sport 2 |
| 14.00 | Man Utd - Sunderland | Sport 3 |
| 14.00 | Leicester - Arsenal | Sport 4 |
| 14.00 | Barcelona - Las Palmas | Bravó |
| 16.30 | Newcastle - Chelsea | Sport 2 |
| 16.30 | Veszprém - Flensburg | Sport 6 |
| 18.45 | Napoli - Juventus | Sport 3 |
| 21.00 | Pepsi-mörkin | Sport |

**Það helsta á sportrásunum, sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 15.00 | Watford - C. Palace | Sport 2 |
| 18.45 | Inter - Fiorentina | Sport 3 |
| 20.00 | Seahawks - Bears | Sport |




Nýr Hyundai i10 vann til 10 verðlauna á síðasta ári og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að þar sé á ferðinni smábíll í fullum gæðum.

Hyundai i10 - Verð frá 1.990.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Comfort útgáfa verð 2.190.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is



## GHOST
Leðurstóll með háu eða lágu baki.

Stærðir:
87 x 90 x 109 cm
**229.990 kr.** (án skammels)

87 x 82 x 90 cm
**179.990 kr.** (án skammels)



## KENYA
Hægindastóll. Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Stærð: B:69 D:70 H:86 cm
**39.990 kr.** ~~49.990 kr.~~



1.

2.



4.



3.



5.



**1. Broste** Leon teppi 130x180 cm, þrír litir, **16.990 kr.** **2. iittala** Kastehelmi kertastjaki **2.490 kr.** **3. Broste** lukt, h. 50 cm **14.990 kr.** **4.** Boste kerti 20 cm. stk. **2.190 kr.** **5. Broste** klukka, grár eða hvítur marmari, 20x20 cm **12.990 kr.**

Kominn aftur!

## TWIST
Hægindastóll og skammel. Blátt, grátt eða appelsínugult áklæði.
Stærð: 84 x 90 x 94 cm.

**99.980 kr.**
(m. skammeli)





## MARCUS
Þessir eru ómótstæðilegir.
Margir litir.
Þola 110 kg þunga.
**5.990 kr.** ~~7.990 kr.~~



## ALEXA
Vandaður borðstofustóll. Ekta leður, svart, hvítt eða brúnt. Fætur úr burstuðu stáli.
**27.990 kr.** ~~34.990 kr.~~



## NORDIC
Vandað borðstofuborð frá Skovby. Olíuborin eik.
Stærð: 100 x 183/274 x 74 cm.
**189.990 kr.** ~~229.990 kr.~~

## KAMMA
Þriggja sæta sófi með viðarfótum.
Dökk-, ljósgrátt eða brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð:
201 x 84 x :105 cm



**89.990 kr. Afmælisverð**




## UMBRIA
Hornsófi með tungu.
Hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 330 × 265 × 78 cm
Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði

**339.990 kr.** ~~419.990 kr.~~

# Vertu eins og heima hjá þér

## Húsgögn og smávara fyrir lifandi heimili



## NORA
Borðstofustóll. Fæst koníak og ljósgrár í PU leðri og corsica blár í áklæði.

**39.990 kr.**



## FRIDAY
Hornsófi 2H3/3H2.
Grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 330 x 260 x 90 cm

**269.990 kr.** ~~319.990 kr.~~

## KLINT
Hornsófi 2H2 með svörtu eða brúnu leðri og eikargrind.
Stærð: 208 x 208 x 78 cm



**279.990 kr.** ~~349.990 kr.~~




**Nýtt blað er komið í dreifingu**
http://www.youblisher.com/p/1212708-Baeklingur-september/

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
# HELGIN




fréttablaðið/Vilhelm

# Hryllingsstemming í sundbíó

Hryllingsmyndin Suspiria verður sýnd í Sundhöll Reykjavíkur í kvöld. Sundbíó er árviss viðburður á Riff-hátíðinni og einn sá vinsælasti. Dansarar fara á stjá meðan á myndinni stendur og fremja gjörning í anda myndarinnar.

Það verður hryllileg stemning í Sundhöllinni í Reykjavík í kvöld þegar þar fer fram sundbíó. Þar verður sýnd ítalska hryllingsmyndin Suspiria eftir Dario Argento.

„Við ætlum að reyna að endurgera andrúmsloftið í myndinni að einhverju leyti,“ segir Hallfríður Þóra Tryggvadóttir, verkefnastjóri hjá Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF. Sundbíóið er hluti af hátíðinni en það er orðinn árviss viðburður sem nýtur mikilla vinsælda.

„Þetta er einn af þeim viðburðum á RIFF sem fólk bíður eftir á hverju ári. Fólk kemur sérstaklega til landsins til að upplifa þetta en sundbíóið hefur vakið mjög mikla athygli á heimsvísu. Ég held að þetta verði sérstaklega skemmtilegt í ár því þetta er ekki bara kvikmyndasýning í sundi heldur gjörningur að auki,“ segir hún. Suspiria fjallar um dansara sem kemur frá New York til Þýskalands til þess að læra við þekktan og virtan ballettskóla. Ekki er þó allt sem sýnist innan veggja skólans og undarlegir hlutir fara að gerast fyrir tilstilli illra afla. „Við sýnum mynd um dansskóla og ákváðum því að stíga einu skrefi lengra og fá sex dansara til liðs við okkur,“ segir Hallfríður. Þetta er í tólfta sinn sem kvikmyndahátíðin RIFF er haldin og verða viðburðir víða á vegum hennar um helgina. „Það er alveg ótrúlega fjölbreytt dagskrá um helgina og ætti að vera eitthvað fyrir alla,“ segir Hallfríður. Meðal annars verður hægt að fara í sjónræna matarveislu á Hótel Borg í kvöld, auk þess sem valdar myndir úr Einnar mínútu myndakeppni RIFF verða frumsýndar og verðlaun veitt fyrir bestu myndina. „Þarna er að finna flottar myndir úr öllum áttum sem fjalla um umhverfismál og kvenréttindi. Þau baráttumál sem eru okkur mjög hugleikin og það er gaman að sjá skemmtileg skilaboð um þetta,“ segir Hallfríður. Myndirnar á hátíðinni eru sýndar í Bíói Paradís, Háskólabíói og Tjarnarbíói en hátíðin fer ekki bara fram í Reykjavík því í Kópavogi verður öflug dagskrá í menningarhúsum bæjarins út hátíðina, sem lýkur 4. október. Nánari upplýsingar má finna á riff.is.

**viktoria@frettabladid.is**

## Um helgina, af hverju ekki að...

### LESTU

Ljóðabókina Öskraðu gat á myrkrið eftir Bubba Morthens sem kom út í gær.





Jóhann Alfreð Kristinsson , uppistandari

### RIFF OG NFL

Helgin fer að mestu í stúss tengt RIFF. Matarveisla og sundbíó á laugardag. Á sunnudaginn verð ég svo væntanlega á tauginni yfir NFL Fantasy. Á leik við Valdimar í Valdimar sem horfði á sinn fyrsta NFL-leik fyrir viku og það kemur ekki til greina að tapa!

### HLUSTAÐU

Á Justin Bieber, fátt er meira viðeigandi þessi vikulokin en að rifja upp gamla smelli með nýjasta Íslandsvininum.





Hugleikur Dagsson, listamaður

### UPPTÖKUR Á LÚÐAÞÆTTI

Í dag fer ég í Bakaríið á Bylgjunni. Svo fer ég ásamt Ævari félaga mínum í upptöku á mínu eigin hlaðvarpi sem ber nafnið Hefnendurnir og er besti lúðaþáttur landsins. Á sunnudag ætla ég að reyna að teikna og skrifa ef ég get en enda líklega á að glápa á vídjó. Örugglega einhverjar hryllingsmyndir.

### FARÐU

Á Borgarbókasafnið Grófinni í dag klukkan 14 þar sem verður smiðjan Skemmtilegir skógar – Dagur lítilla málara þar sem börnin geta mætt, föndrað og hlustað á skemmtilegar sögur.



Heiða Kristín Helgadóttir, þingmaður.

### FUNDUR OG GÆÐASTUNDIR

**Heiða Kristín Helgadóttir**
Það er óvenju lítil dagskrá þessa helgi. Bara búin að fastsetja einn fund með góðu fólki á laugardag sem gæti breytt heiminum. Fyrir utan það ætla ég að njóta þess að vera með manninum mínum.



### HORFÐU

Á Fjölskyldubíó í Stúdentakjallaranum klukkan 13 á sunnudag. Svali og popp í boði.


Við erum öll í
ferðaþjónustu
Morgunfundur Greiningardeildar Arion banka
Í Borgartúni 19, þriðjudaginn 29. september kl. 8.15–9.30.
Á fundinum mun greiningardeild bankans kynna þróun, stöðu og horfur í ferðaþjónustu á Íslandi. Ferðaþjónustan verður m.a. skoðuð í þjóðhagslegu samhengi og spá um fjölda ferðamanna verður kynnt. Einnig verður því velt upp hvort við séum komin að þolmörkum á ýmsum sviðum.
Dagskrá
8.15 Léttur morgunverður
8.30 Fundur settur
Staða og þróun í ferðaþjónustu
Konráð S. Guðjónsson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka
Barnið vex ...
Anna Hrefna Ingimundardóttir, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka
9.30 Fundarlok
Skráning á arionbanki.is
Allir velkomnir
Arion banki
– Fyrir framtíðina



Steinn Ármann segir líf sitt hafa stjórnast af áfengisneyslu sinni. Það hafi allt snúist um hvenær hann gæti fengið sér í glas og allt hitt hafi verið aukaatriði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ég var orðinn dagdrykkjumaður

**Steinn Ármann Magnússon** sagði skilið við áfengi fyrir rúmi ári en hann segir það hafa stjórnað lífi sínu og að eflaust hafi hann misst af fullt af tækifærum þar sem fólk var hætt að treysta honum. Hann var farinn að íhuga að gerast útigangsmaður en á undanförnu ári hefur líf hans gjörbreyst og nú lítur hann framtíðina björtum augum.



Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

**Ég er eiginlega orðinn svona skrítni karlinn á hjólinu, ég hjóla allt sem ég fer,“ segir Steinn Ármann hlæjandi þegar við hittumst á Súfistanum í Hafnarfirði rétt fyrir hádegi í miðri viku. Það er vel við hæfi að hittast í hjarta Hafnarfjarðar enda hefur hann búið hér í firðinum nánast alla sína ævi. Hann kom til fundarins á hjóli og er íklæddur hjólaklæðnaði með buff um hálsinn. Hreystin holdi klædd myndu einhverjir segja og kannski viðeigandi þar sem líf hans hefur á undanförnu ári tekið miklum breytingum. Hann er töluvert betur á sig kominn í dag en hann var á svipuðum tíma fyrir ári.**

Þann 10. september í fyrra setti hann nefnilega tappann í flöskuna og kvaddi Bakkus, samferðamann til margra ára. Þá hafði hann fyrir löngu gert sér grein fyrir því að áfengisneyslan stjórnaði lífi hans en sjálfsblekkingin var sterk. „Þetta hafði auðvitað mikil áhrif. Ég fékk lítið að gera. Ég hélt ég væri að fela þetta en ég var dagdrykkjumaður, það var mitt mynstur,“ segir hann. „Þetta er helvíti lúmskur sjúkdómur og maður er ansi góður að ljúga að sér. Þessi fræga mýta: Ég ætla að hætta að drekka á morgun. Menn lifa ansi lengi á því.“

Áfengið var númer eitt og allt hitt kom á eftir. „Ég hugsaði ekki um neitt annað en hvenær ég gæti fengið mér í glas næst. Þetta er bara þessi klassíska saga sem er alveg sönn, ég faldi vín úti um allt. Ég laug og var óheiðarlegur. Svo einangrast maður og það var eiginlega ekkert orðið að gera hjá mér,“ segir hann og heldur áfram: „Undir það síðasta var ég farinn að reyna að stjórna þessu, stjórna magninu, og ef ég þurfti að gera eitthvað, að reyna að mæta ódrukkinn eða þunnur, sem getur nú stundum verið verra þegar maður er svona langt leiddur, þynnkan var orðin alveg skelfileg. Ég fékk líka alveg ofboðsleg fráhvörf. Þá var bara beðið eftir því að klára þetta verkefni sem ég var að gera, svo bara beint í Ríkið að kaupa sér nokkra bjóra.“

**Praktísk ákvörðun að verða leikari**
Steinn Ármann er einn þekktasti grínisti landsins og á að baki langan feril sem leikari og skemmtikraftur. Um tvítugt lá leiðin í Leiklistarskólann en þó eiginlega fyrir hálfgerða tilviljun. „Þetta var mjög praktísk ákvörðun. Ég vissi að ég gæti þetta, þetta væri svona þægileg innivinna. Ég hafði hrökklast úr Flensborg, átti tvo áfanga eftir en var samt búinn með tíu annir. Það var spurning á þessum tíma um annaðhvort að fara í Leiklistarskólann eða verða smiður en ég var alltaf með annan fótinn í smíðinni frá 16 ára aldri. Ég sá síðan auglýsingu frá Leiklistarskólanum og ákvað að sækja um.“ Steinn hafði þá leikið í leikritum í Flensborg auk þess sem vinirnir úr Hafnarfirði með þeim Davíð Þór Jónssyni fremstum í flokki, höfðu gert stuttmyndir. „Ein myndin sem við gerðum fékk gullverðlaun á samnorrænni kvikmyndahátíð. Við vorum fyrstu Íslendingarnir til þess að fá gullverðlaun í kvikmyndagerð, það er aldrei minnst á það,“ segir hann hlæjandi. Hann hafði einnig leikið í leikritum í Flensborg.

Árin í Leiklistarskólanum voru strembin en skemmtileg. „Stundum var ég rétt að ná síðasta strætó heim í Hafnarfjörðinn. Við vorum oft langt fram á kvöld í skólanum og lærðum mikið.“

Steinn útskrifaðist úr skólanum árið 1989. Eftir útskrift fór hann fljótlega út í skemmtanabransann en var lítið í leikhúsunum. „Það var þannig að ég fékk ekki það sem ég vildi og vildi ekki þegar ég fékk. Fyrst langaði mig ofboðslega mikið að vera í Þjóðleikhúsinu. Fékk nokkur tækifæri þar en ekki fastráðningu. Var í Spaugstofusýningu, svo í Gleðispilinu, var með hlutverk hjá Guðjóni Pedersen í Rómeó og Júlíu. Ég vandaði mig alveg ofboðslega. Kunni textann langfyrstur af öllum, ætlaði að leika í Þjóðleikhúsinu en það gekk ekki og ég fékk ekki fastráðningu.“

> ÉG HUGSAÐI EKKI UM NEITT ANNAÐ EN HVENÆR ÉG GÆTI FENGIÐ MÉR Í GLAS NÆST. ÞETTA ER BARA ÞESSI KLASSÍSKA SAGA SEM ER ALVEG SÖNN, ÉG FALDI VÍN ÚTI UM ALLT. ÉG LAUG OG VAR ÓHEIÐARLEGUR.

> ÉG VAR FARINN AÐ SKOÐA RUSLATUNNUGEYMSLUR OG VAR BARA FARINN AÐ ÍHUGA AÐ VERÐA ÚTIGANGSMAÐUR. HIÐ RÓMANTÍSKA LÍF, SOFA BARA ÚTI OG ÞVÍ FYLGDI ENGIN ÁBYRGÐ.

**Brjálað að gera í skemmtibransanum**
Á þessum tíma var hann einnig að vinna í leikmunadeild Sjónvarpsins og var farinn að vera með uppistand, einn þeirra fyrstu hérlendis. Fljótlega naut hann mikilla vinsælda. „Ég var byrjaður að vera með uppistand svona í anda Eddie Murphy og fleiri góðra. Mér var svo boðið að vera með útvarpsþátt á Aðalstöðinni. Ég fékk Davíð Þór með mér í það líka og þá varð til útvarpsþátturinn Radíus sem gekk í 3-4 ár og var óskilgetið foreldri Górillunnar sem var morgunþáttur á Aðalstöðinni og X-inu. Þetta var svona útvarpstímabilið og þá hafði ég engan áhuga á að vera í leikhúsinu.“

Þeir Davíð Þór voru vinsælir og milli þess sem þeir stýrðu útvarpsþættinum skemmtu þeir um helgar. „Á þessum tíma var mikil þörf á endurnýjum í þessum bransa. Við vorum hálfpartinn frumkvöðlar í þessu. Dónalegri og kjaftforari en áður hafði tíðkast. Það var ekki um auðugan garð að gresja í þessu gríni þannig að það varð alveg ofboðslega mikið að gera hjá okkur. Í dag hefur þetta breyst. Það er orðið jafnvel smá vesen að koma sér inn í þennan bransa. Nú kemur einhver nýr fram og allir vilja hann. Þetta er svo fljótt að breytast.“

Skemmtanabransinn tók sinn toll. „Þetta tók svolítið á mig. Ég gerði þetta líka svolítið vitlaust, þetta fór illa með okkur báða, við enduðum báðir í meðferð. Bæði var það vinnutíminn og síðan var maður alltaf innan um fólk sem var að skemmta sér og yfirleitt með áfengi. Og við báðir veikir fyrir ➡




- Stöndum vörð um íslenska táknmálið -

Ölgerðin Egill Skallagrímsson · DHL · Smáratívolí – Skemmtun fyrir alla! · Mandat Lögmannsstofa · Akureyri Icelandair Hotels

Tölvulistinn · Reginn Fasteignafélag · Hreyfill 5 88 55 22 · Heimilistæki ht.is

Kolaportið · Bakarameistarinn · SS fremstir fyrir bragðið · World Class Iceland · KFC

name it · VERO MODA · SELECTED FEMME / HOMME · VILA CLOTHES · JACK & JONES · HEYRN

HS ORKA · Vífilfell · HB GRANDI · aalborgportland · GA Smíðajárn · Íslandsbanki

SALTKAUP ehf · TM · BÓNUS · Tapas barinn · SOHO Catering Veisluþjónusta www.soho.is · SAMHERJI HF · Opin Kerfi

Arion banki · Hreint · HEKLA · EIMSKIP Yfir hafið og heim · Elding adventure at sea · SUBWAY

Actavis · VHE · init · Heyrnar- og talmeinastöð Íslands · deCODE genetics · Össur · EFLING stéttarfélag

LímtréVírnet · SORPA · Landsvirkjun · Þorbjörn · SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu · KPMG · vodafone









Þeir Steinn Ármann og Davíð Þór nutu mikilla vinsælda sem Radíusbræður. Steinn er mikill hestamaður en þurfti að hætta í hestamennskunni því hann hafði ekki lengur efni á því að sinna því áhugamáli sínu. Hér er Steinn með sonum sínum þeim Huga og Tuma fyrir nokkrum árum en þeir eru 21 og 23 ára í dag. Steinn og Jenný á brúðkaupsdaginn.

➡ því. Davíð drullaði sér nú mun fyrr en ég í meðferð. Ég þrjóskaðist við það lengi. Þegar við vorum að skemmta vorum við alltaf með hátt borð nálægt mæknum þar sem við vorum með bjór. Vorum bara fullir, rifum kjaft og fannst það voða flott en það er kannski flott þegar maður er 28 ára en ekki fimmtugur. Og alveg hættur að ráða við þetta. Þetta er mjög skrítinn sjúkdómur,“ segir hann.

Eftir að það fór að róast hjá Steini í uppistandinu fór hann að talsetja teiknimyndir og skellti sér í Leiðsögumannaskólann en vann alltaf við smíðar líka þangað til eftir hrun. Í dag hjólar hann um borgina með ferðamenn milli þess sem hann talsetur teiknimyndir. „Ég útskrifaðist úr Leiðsöguskólanum í Kópavogi árið 2010. Ég er mest á sumrin að hjóla með fólk og blanda þessu svolítið saman, uppistandi og leiðsögn. Það eru mörg tækifæri þarna með öllum þessum fjölda ferðamanna.“ Oft hjólar hann upp í 100 kílómetra á dag. „Þetta er bara minn ferðamáti. Þegar maður er kominn í form þá er þetta ekkert mál. Til hvers að vera á bíl þegar maður getur hjólað?“ segir Steinn sem hjólar milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur í nánast öllum veðrum. „Á góðum degi þá er ég kannski 30–45 mínútur að hjóla til Reykjavíkur. En ef það er snjór og norðanátt og svona getur þetta farið upp í klukkutímann.“

**Sjálfsblekkingin öflug**

Eins og áður sagði urðu kaflaskil í lífi Steins þegar hann hætti að drekka fyrir rúmu ári. Þetta var ekki fyrsta tilraunin sem hann gerði til þess. „Ég gerði tilraun 2011, þá fór ég voða vitlaust í þetta og leið mjög illa þann tíma sem ég var edrú. Þá fór ég á Vog í 10 daga og ekkert meir. En í fyrrahaust fór ég á Voginn og svo á Staðarfell. Alvörumeðferðin var þarna á Staðarfelli. Að vera þarna í haustlitunum var mjög gott og endurnærandi. Þetta er ofboðslega fallegur staður og sjarmerandi.“

Hann segir drykkjuna hafa tekið yfir líf sitt og allt annað kom á eftir en því hafi hann ekki áttað sig á. „Sjálfsblekkingin er svo öflug. Maður er bara helsjúkur. Svo koma tímar sem maður viðurkennir þetta og þá er mikið vonleysi, samviskubit yfir því sem þú ert búinn að gera öðrum. Menn segja oft að þetta komi engum við, þetta er bara ég, en þetta er ekki þannig. Það eiga allir einhverja fjölskyldu og vini og þeir þjást út af þessu. Og þá kemur upp hjá alkóhólistum svona sjálfsvorkunn og sjálfsmorðshugleiðingar,“ segir hann og viðurkennir að hafa sjálfur verið þannig þenkjandi á tímabili. „Ég hugsaði hvernig ég gæti gert þetta frekar sársaukalaust og á auðveldan hátt. Ég fann nú aldrei neina lausn á því en maður var svona aðeins að vorkenna sér og íhuga það.“ Hann segir mikla orku og einbeitingu hafa farið í drykkjuna.

Líf hans breyttist mikið þegar hann hætti að drekka. „Fyrst urðu alveg stórkostlegar breytingar. Ég gerði svona prógramm fyrir daginn. Skipti deginum í þrennt, vinna einn þriðji, áhugamál einn þriðji og svo hvíld einn þriðji. Og fór svona frekar rólega í gang vinnulega séð en var þó alltaf að lesa inn á teiknimyndir sem ég er enn að gera. Þannig að ég fór að hreyfa mig rosalega mikið og það gerði mér mjög gott. Ég byrjaði á Staðarfelli að labba mjög mikið og þegar ég kom í bæinn fór ég að synda, labba og hjóla mikið. Svo fóru bara góðir hlutir að gerast. Ég fékk þetta hlutverk í Þjóðleikhúsinu. Mér fannst það æði og það gekk mjög vel,“ segir hann og á þar við hlutverk í Fjalla-Eyvindi.

**VIÐ VORUM HÁLFPARTINN FRUMKVÖÐLAR Í ÞESSU. DÓNALEGRI OG KJAFTFORARI EN ÁÐUR HAFÐI TÍÐKAST. ÞAÐ VAR EKKI UM AUÐUGAN GARÐ AÐ GRESJA Í ÞESSU GRÍNI ÞANNIG AÐ ÞAÐ VARÐ ALVEG OFBOÐSLEGA MIKIÐ AÐ GERA HJÁ OKKUR. Í DAG HEFUR ÞETTA BREYST. ÞAÐ ER ORÐIÐ JAFNVEL SMÁ VESEN AÐ KOMA SÉR INN Í ÞENNAN BRANSA.**

Steinn hafði lengi vitað að hann þyrfti að hætta að drekka. „Það var búið að segja mér það og ég vissi það. Það var búið að vera aftast í huga mér að þetta gengi ekki. Ég væri bara að drepa mig. Þegar læknirinn á Vogi var að útskrifa mig, spurði hann mig hvað ég væri gamall, ég sagði honum það og þá sagði hann að þetta væri akkúrat rétti tíminn fyrir mig til að hætta því ég væri ekki kominn með neinar lifrarskemmdir eða skemmdir í brisið. Verandi á þessum aldri og ef ég hefði haldið svona áfram þá hefði brisið farið að gefa sig og lifrin farið að kvarta.“



Steinn er spenntur fyrir framtíðinni og segir mörg tækifæri í ferðamannabransanum þó hann myndi gjarnan vilja leika meira í leikhúsunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lítur þú hlutina öðruvísi í dag? „Já og nei. Lífið breytist í raun og veru ekkert. Þú getur breytt sjálfum þér en ekki öllum hinum. Þú getur bara breytt því hvernig þú sérð hlutina. Svo er endalaus barátta við að vera ekki neikvæður, vera jákvæður, hamingjusamur og frjáls. Allir þessir frasar. En það er voða auðvelt að detta í það að vera neikvæður og allir eru á móti manni. Þá verður maður bitur og ef maður leyfir þessu að þróast þá er það bara komið í það að þú ert bara fallinn aftur. Maður verður að fara á fundi, vinna prógrammið sitt og vera jákvæður.“

**Íhugaði að gerast útigangsmaður**

Steinn segir stutt í þessar svokölluðu glansmyndir af áfengisneyslu og auðvelt sé að selja sér að það sé nú í lagi að fá sér einn kaldan. „Ég kalla þetta áfengisauglýsingar þar sem þetta lítur allt voða vel út. Í mínu tilfelli var það ekki þannig. Ég var bara einhvers staðar á fatlaða klósettinu að þamba tvo, þrjá. Einangraður á subbulegum stöðum. Það sem gerist síðan svo oft, og gerðist með mig, að ég fór að hætta hugsa vel um mig, fór sjaldan í bað og burstaði sjaldan í mér tennurnar. Ég var alveg kominn þangað. Ég var farinn að skoða ruslatunnugeymslur og var bara farinn að íhuga að verða útigangsmaður. Hið rómantíska líf, sofa bara úti og því fylgdi engin ábyrgð,“ segir hann og hristir hausinn.

„Ef maður myndi eyða jafn miklum tíma í það bara að vera edrú og í prógrammi og hjálpa öðrum eins og maður eyddi miklum tíma í það að vera fullur eða bara hvað sem er, gæti maður gert alveg stórkostlega hluti. Það sem það fór mikil orka og einbeiting bara í þetta. Allt annað var látið sitja á hakanum og var bara aukaatriði. Áhugamálin og allt hitt. Ég var til dæmis í hestum en þurfti að hætta því vegna þess að ég hafði ekki efni á því lengur, ég fékk ekkert að gera.“

**Var ekki lengur treyst**

Steinn segist fullviss um að drykkjan hafi haft áhrif á það að hann hafi lítið fengið að gera í leiklistinni. „Já, alveg pottþétt. Góð vinkona mín sagði að ég væri búinn að brenna svo margar brýr að baki mér, og það er pottþétt rétt þó að ég hafi verið móðgaður þegar hún sagði þetta. Ég held það hafi verið aðallega þannig að það hafi verið lykt af mér í leikhúsinu þá sjaldan sem ég fékk hlutverk þar. Fólk treysti mér ekki. Er hann fullur eða ekki fullur? Fólk getur ekki treyst þér. Það er ekki endilega hvort þú ert leiðinlegur með víni sem var ekkert endilega í mínu tilfelli, en það er þetta að geta ekki treyst. Það er málið.“

**Litli bróðir lenti í alvarlegu slysi**

Hann segir drykkjuna auðvitað hafa litað fjölskyldulífið en Steinn er giftur Jennýju Berglindi Rúnarsdóttur og saman eiga þau tvo syni, Huga, 21 árs, og Tuma, 23 ára. „Maður gerir sér ekki grein fyrir því en getur séð það svona eftir á. Þetta er ekkert gott líf ef pabbi manns er alltaf undir áhrifum. Ekkert að delera beint en ef maður er ekki á staðnum. Ég veit alveg sjálfur að ég hef alltaf verið hálfhræddur við fullt fólk ef ég er sjálfur edrú, þá finnst mér frekar óþægilegt að umgangast fullt fólk. Og það er þetta með traustið, að geta aldrei treyst.“

Sjálfur ólst hann ekki upp við alkóhólisma. Áfall í fjölskyldunni litaði samt uppvöxt hans að einhverju leyti. „Það var bandarískur sálfræðingur sem var að segja um daginn að áföll skiptu miklu meira máli þegar kæmi að þessu. Það var áfall í minni fjölskyldu. Bróðir minn yngsti lenti í bílslysi með foreldrum mínum. Það voru engin bílbelti á þessum tíma, hvað þá barnabílstólar. Hann var fjögurra og slasaðist mjög illa. Fékk mikinn heilaskaða, mænuskaða og var bara í rúminu í sextán ár eða þangað til hann dó tvítugur.“ Móðir hans hugsaði um bróður hans nánast allan þann tíma en sjálf slasaðist hún í bílslysinu. „Mamma var frekar ströng við okkur fyrir þetta og fylgdist vel með ef við vorum ekki að læra heima og svona en þarna svona losnaði kannski aðeins um. Þetta gæti líka spilað inn í. Maður veit það ekki. Við bræðurnir eldri erum báðir búnir að fara í meðferð. Hann hefur verið edrú í næstum 20 ár.“

**Allt hægt með jákvæðni**

Steinn lítur framtíðina björtum augum og telur nóg af tækifærum fram undan. „Það er hægt að gera allan fjandann ef maður er jákvæður.“ Hann segist gjarnan vilja leika meira í leikhúsunum. „Ég spjallaði við báða leikhússtjórana í vor og það hefur greinilega ekki fundist pláss fyrir mig. Sem er allt í lagi, það opnast einhverjar aðrar dyr. Skemmtibransinn er að byrja og ég tek það allt öðrum tökum í dag,“ segir hann og heldur áfram. „Núna skemmti ég bara og fer. Ég þarf ekki að vera allan tímann í partíinu og drekka með fólkinu,“ segir hann kankvís.

Hann segir mörg tækifæri liggja í ferðamannabransanum. „Ég viðurkenni alveg að ég lét það aðeins draga mig niður að vera ekki í leikhúsinu í vetur. Ég leyfði mér að fara að kenna öllum öðrum um. Fíflunum fór að fjölga. En þetta er bara spurning um að vera jákvæður, það er svo margt sem maður getur gert. Ég er aðeins að byrja að vera veislustjóri og skemmtikraftur aftur. Og ég blanda því líka saman að vera leiðsögumaður og skemmtikraftur. Það er fullt af tækifærum og hægt að gera svo margt,“ segir hann.

„Ég væri líka til í að gera uppistandssýningu. Við höfum reynt að endurvekja Radíusbræður en við dræmar undirtektir. Við gerðum þau mistök að hafa þetta ekki bara sýningu og jafnvel í leikhúsi. Það er aldrei að vita nema maður láti verða af því núna,“ segir hann.

„Svo geng ég alltaf með bíómynd í maganum. Ég er með hugmynd sem mig langar að gera. Ég kann þetta þó að tæknin hafi breyst, það er aldrei að vita nema maður láti verða af því.“



Eru þetta
þín skilaboð?
Einelti rænir mörg börn og unglinga gleðinni sem þau ættu að njóta.
**Á allra vörum** styrkir Erindi og uppbyggingu samskiptaseturs fyrir ungmenni sem glíma við einelti.
**Með því að hringja í söfnunarsímanúmerin eða kaupa Á allra vörum varasettið leggur þú þessu brýna málefni lið.**
Varasettið fæst á yfir 150 sölustöðum um land allt. Nánar um sölustaði, átakið og starfsemi Erindis á **aallravorum.is**, **erindi.is** og **facebook.com/aallravorum.is**
**#eineltieroged**
1.000 kr. 901 7001
3.000 kr. 901 7003
5.000 kr. 901 7005
8.000 kr. 901 7008
Á ALLRA VÖRUM
benecos
Kommon allir í einu að drulla yfir hana
Oj hvernig getur fjölskyldan þín elskað þig
ógeð farðu í megrun feita svín!!!!
STÓRVELDIÐ
PIPAR\TBWA
benecos
vodafone
PIPAR\TBWA • SÍA

ENNEMM / SÍA / NM69769

MasterCard



Íslandsbanka MasterCard

# Heimurinn tekur vel á móti MasterCard

Það er engin tilviljun að MasterCard er eitt vinsælasta kreditkort veraldarinnar enda er það öruggt og með öllum nútímaþægindum. Kynntu þér úrval korta og þjónustuna á **islandsbanki.is**

Þú færð MasterCard hjá Íslandsbanka.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook





- Snertilausar greiðslur
- Hægt að breyta PIN í hraðbönkum
- Mikið úrval af kortum fyrir ólíkar þarfir
- Ýmsar leiðir í fríðindasöfnun
- Víðtækar tryggingar

Íslandsbanki



# Kaffiþyrst í miðbænum

Latte-drykkja hefur löngum verið sögð loða við miðbæinn enda fjölmörg kaffihús á svæðinu þar sem hægt er að setjast niður og súpa á einum café latte. Fréttablaðið fór á stúfana og kannaði hvar ódýrasta og dýrasta bollann væri að finna. Hafa skal í huga að listinn er ekki tæmandi en gefur þó ágætis mynd af hvert verð á tvöföldum latte er á kaffihúsum miðbæjarins.

## Ódýrasta latte-ið

Prikið
**400 kr.**

1x latte á dag í 12 mánuði eru 146.000 krónur.

## Dýrasta latte-ið

Súfistinn
**640 kr.**

1x latte á dag í 12 mánuði eru 233.600 krónur.

## Munar 87.600 kr. á ári




**Stofan**
Vesturgötu 3
**595 krónur**

**Laundromat**
Austurstræti 9
**560 krónur**

**Café Paris**
Austurstræti 14
**550 krónur**

**Te & Kaffi**
Austurstræti 18
**595 krónur**

**Te & Kaffi**
Lækjartorgi
**595 krónur**

**Prikið**
Bankastræti 12
**400 krónur**

**Kaffitár**
Bankastræti 8
**600 krónur**

**Mokka**
Skólavörðustíg 3a
**550 krónur**

**Babalú**
Skólavörðustíg 22
**500 krónur**

**Kofi Tómasar frænda**
Laugavegi 2
**540 krónur**

**Dunkin' Donuts**
Laugavegi 3
**499 krónur**

**Te & Kaffi**
Skólavörðustíg 11
**595 krónur**

**Kaffibrennslan**
Laugavegi 21
**550 krónur**

**Súfistinn**
2. hæð, Laugavegi 18
**640 krónur**

**Te & Kaffi**
Laugavegi 27
**595 krónur**

**Tíu dropar**
Laugavegi 27
**590 krónur**

**C-is for Cookie**
Týsgötu 8
**520 krónur**

**Sandholt**
Laugavegi 36
**575 krónur**

**Reykjavík Roasters**
Kárastíg 1
**560 krónur**

**Svarta Kaffi**
Laugavegi 54
**500 krónur**

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is
Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is

# BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

**FJÖLSKYLDAN FLÝGUR SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA** | **FLUGFELAG.IS**




**KRÓNAN VEITIR 99% AFSLÁTT** fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar. Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.700 kr. frá Reykjavík og 1.350 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

**FERÐATÍMABILIÐ ER FRÁ 1.–30. OKTÓBER**
**BÓKANLEGT FRÁ 24. SEPTEMBER**

Sláðu inn í bókunarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.

**ÞETTA EINSTAKA TILBOÐSFARGJALD**

- gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Egilsstaða
- gildir ekki í tengiflug
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á
- ekki er hægt að nota tvo flugslætti í sömu bókun

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

islenska/sia.is FLU 76308 09/15



Elva Dögg, Jóel Máni og Gunnar búa öll saman. Elva segir Tourette vera breiðan skala, til dæmis viti eiginlega enginn af Tourette-greiningu föður hennar, Gunnars. Fréttablaðið/Vilhelm

# Þrjár kynslóðir af Tourette undir sama þaki

Elva Dögg Gunnarsdóttir uppistandari gekkst undir flókna aðgerð sem hún vonaðist til að myndi hjálpa henni að takast á við Tourette. Aðgerðin tókst ekki sem skyldi. Hún er flutt til föður síns sem glímir líka við Tourette, með syninum sem glímir við sama ættgenga sjúkdóminn. Hún segir heimilislífið sannarlega skrautlegt á köflum.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Þegar ég var sex ára, fékk ég fyrsta kækinn minn sem var einhvern veginn svona,“ segir Elva og grettir sig í framan og færir nefið til og frá. „Síðan man ég þetta svo sem ekki, Tourette fylgir oft svolitlu ferli, yfirleitt byrjar þetta í andlitinu og svo sem hljóð og færir sig niður herðar og ferðast svo niður eftir líkamanum. Mitt ferli var nákvæmlega þannig, alveg skólabókardæmi. Strákurinn minn er þannig líka, hann byrjaði aðeins í andlitinu og smá hljóð. En ég á svolítið erfitt með að skilgreina stundum hvað er kækur og hvað er árátta.“ Elva segir nefnilega mikla fylgni vera á milli áráttu- og þráhyggjuröskunar og Tourette, hún hafi lesið einhvers staðar að fylgnin sé um áttatíu prósent. „Það er sú röskun sem bæði ég og margir sem ég hef talað við, sem hafa Tourette og þessar raskanir, tala um að sé miklu erfiðara dæmi að díla við heldur en Tourette-ið sem slíkt. Sérstaklega ef maður er barn, og maður er ekkert rosalega illa haldinn af kækjum eins og ég var. Það er ekkert mál að díla við kækina. En að díla við áráttu- og þráhyggjuröskun er mjög erfitt, vegna þess að því fylgja miklar skapsveiflur og að vissu leyti skert félagshæfni.“

**Reglufasisti sleppir ekki tökunum**

Hún segist hafa verið algjör reglufasisti í æsku, sem fylgir þráhyggjunni. „Þegar krakkarnir voru úti að leika og allir voru í snúsnú og einhver snerti bandið þá sögðu krakkarnir, æ, þetta var svo lítið leyfum henni að halda áfram, þá brást ég hin versta við. Sagði bara NEI. Hún var úr! Ég var alveg brjáluð,“ rifjar Elva upp og hlær. „Fólk hélt að ég væri bara þrjósk, en ég var ekkert þrjósk. Ég hreinlega gat ekki sleppt tökunum. Þráhyggjan var svo rosalega mikil. Það er miklu meira hamlandi en hitt. Og ég er að upplifa það sama með strákinn minn í dag – sem erfði öll þessi ósköp.“ Elva segir hann þó betur staddan félagslega en hún var á hans aldri. „En það er kannski vegna þess að hann á mömmu sem þekkir þetta inn og út, og skilur þetta, og veit hvenær á að knúsa og hvenær á að skamma. Ég bjó ekki við það þegar ég var barn. Áráttu- og þráhyggjuröskun kemur miklu fyrr í ljós heldur en Tourette. Ég vissi strax þegar strákurinn minn var eins árs að hann var með áráttu- og þráhyggjuröskun. Hann tók þessi skapofsaköst eins og fylgja oft. Þetta eru kallaðir Tourette-stormar, en ég held að þetta fylgi röskuninni sem fylgir Tourette-inu, ekki Tourette-inu sjálfu.“

Hún segir Tourette vera breiðan skala. „Líkt og einhverfurófið er breitt. Pabbi er til dæmis með Tourette og það veit það eiginlega enginn. Við vitum það vegna þess að þegar ég greinist, þá spyr taugasérfræðingurinn okkur hvort einhver í fjölskyldunni sé með kæki. Þá kviknaði á perunni. Hans kækir koma í ljós þegar hann er kominn heim og er að vinda ofan af sér eftir daginn. Eða ef hann er mjög stressaður, hefur miklar áhyggjur. En maður þarf að þekkja hann vel til að taka eftir því.“

> SONUR MINN ER MEÐ FULLKOMNUNARÁRÁTTU OG ÉG GET EKKERT GERT FULLKOMIÐ ÞANNIG AÐ ÉG ER EIGINLEGA ORÐIN VANVIRK Í HEIMILISSTÖRFUM OG ELDAMENNSKU. SVO ER PABBI AÐ SAFNA ÖLLUM FJANDANUM.

**Það átti bara að kenna mér að hlýða**

Elva segir litlar upplýsingar hafa legið á lausu þegar hún var að alast upp. Hún hafi verið talin frek, þrjósk og óþekk. „Það átti bara að kenna mér að hlýða og hver stjórnar. Það var auðvitað ómögulegt. Ég tók auðvitað tímabil þar sem ég var ógeðslega reið út í skólayfirvöld, út í foreldra mína fyrir að veita mér ekki skilning og hitt og þetta, en ég er algjörlega komin yfir það. Sérstaklega eftir að ég eignaðist mitt eigið barn og fór að þurfa að díla við þessa hluti. Því ég veit hvað er að mínum strák, samt er þetta ógeðslega erfitt. Foreldrar mínir höfðu ekki hugmynd um hvað var að mér. Þetta hefur verið hrikalegt fyrir þau,“ segir Elva hlæjandi og imprar á því hversu erfið hún var í uppvextinum.

Elvu gekk framan af mjög vel í skóla. „Þangað til ég fór í framhaldsskóla. Nú er ég greind með ADHD líka, en það eru skiptar skoðanir um hvort það sé rétt greining eða hvað. Maður veit aldrei, þetta er allt svo samofið í einhverjum hrærigraut og maður veit ekkert hvað er hvað, maður er bara einhvern veginn. En ég var þannig að allt sem ég gat gert rosalega hratt, þurfti ekki mikið að liggja yfir og svona, gat ég gert vel. Allt bóklegt lá rosalega vel fyrir mér, gat leyst það á fimm mínútum og fékk góðar einkunnir. En allar námsgreinar sem þurfti úthald í, eins og smíði og handavinna, þar var ég algjörlega úti að skíta. En af því að þetta eru „bara listgreinar“ og skipta engu máli, þá var enginn að pæla í því. Þeir sögðu bara, hún er góð í stærðfræði og íslensku. Hún bara reddar sér. Og ég lærði ekki fyrir eitt einasta samræmt próf. Ég var með átta í meðaleinkunn og svo fór ég í framhaldsskóla og þá þurfti maður allt í einu að fara að sitja yfir og ég bara skeit algjörlega á mig, kunni þetta ekki, gat ekki, hafði ekkert úthald. Ég missti dampinn. Ég hafði átt mjög erfitt félagslega í skóla, var lögð í mikið einelti í mörg ár og skipti svo loksins um skóla þegar ég var nýbyrjuð í 9. bekk en ég hafði alltaf haft sjálfstraustið. Ekki félagslegt sjálfstraust, en ég var klár. Svo dettur það niður og þá átti ég ekkert eftir. Ég var ömurleg í samskiptum, ógeðslega skrítin eitthvað og gat allt í einu ekki lengur lært. Sjálfsmyndin mölbrotnaði.“

**Ekki fíkn, en veruleikaflótti**

Elva þróaði með sér þunglyndi, án þess að átta sig á því. „Þetta var ekki svona mikið í umræðunni á þessum tíma. Ef ég á að segja alveg eins og er þá eiginlega bara man ég ekki þetta tímabil, ég reyndi að vera í skóla, skipti um, kláraði rosalega lítið. Svo var ég að reyna að vinna, en fann mig ekki í því og hætti alltaf. Á einhverjum tímapunkti fór ég að leita í kannabisefni, og reykti mikið í þrjú ár. En fíkn hefur aldrei verið sérstaklega sterk í mér. Ég veit það í dag því ég er búin að stúdera þetta mikið, að

# nettó
*þræsingar & kostakjör*

*- ferskt*
*- í sítrónusmjöri*
*- eða kolakryddað*



-25%
LAMBAPRIME 3 TEG.
FERSKT, SÍTRÓNUSMJÖR,KOLAKRYDD
**2.474**
ÁÐUR 3.298 KR/KG



-40%
BJÚGU 6 STK
NETTÓ
**560**
ÁÐUR 934 KR/PK




KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR, 900 GR
**1.391**
ÁÐUR 1.761 KR/KG



-30%
HUMAR ÁN SKELJAR
1 KG POKI, 20% ÍSHÚÐ
**3.499**
ÁÐUR 4.998 KR/PK




HVÍTLAUKSBRAUÐ 2STK
COOP, 2 TEG, 350 GR
**229**
ÁÐUR 298 KR/PK




-38%
ÓDÝR ÍS
3 TEG, 900 ML
**249**
ÁÐUR 399 KR/STK




-25%
EPLA CIDER
2LTR, COOP
**299**
ÁÐUR 399 KR/STK



-30%
LIME OG SÍTRÓNUR
FERSKAR OG FÍNAR
**349**
ÁÐUR 498 KR/KG

**Tilboðin gilda 24. sept – 27. sept 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

þetta var ekkert fíkn þetta var bara raunveruleikaflótti. Árið 2006 kemst ég að því að ég er ófrísk og ég hætti bara að reykja, og ekkert meira með það og hef ekkert farið út í það aftur.“

*Fannst þér kannabis slá á kækina?*

„Upphaflega var það pælingin, en það gerði það ekki í mínu tilfelli. Ég man ég hugsaði oft um það, bara, af hverju eru svona margir sem segja að þetta geti slegið á? Af hverju gerist það ekki hjá mér? Nei. Það gerði það ekki. Þannig að ég bara svaf á daginn og reykti á nóttunni. Maður er líka svo framtakssamur í kannabisskýinu,“ segir Elva og skellir upp úr. „Að vísu, einn kostur er sá að maður man alveg hugmyndirnar sínar sem maður getur fengið á meðan maður er að reykja. En maður náttúrulega framkvæmir ekki neitt. Sem betur fer þá held ég að flestir sem fara í eitthvað svona, að almennt sé þetta tímabundið ástand. Kannabis … Þú skaðar í mesta lagi sjálfan þig. Það er svolítið þannig.“

**Vill ekki skamma son sinn**

*En á sonur þinn ekki bestu mömmu í heimi þá, mömmu sem þekkir sjúkdóminn út og inn?*

„Að vissu leyti er það ábyggilega gott fyrir hann, en að öðru leyti er ég kannski að sýna honum aðeins „of mikinn“ skilning. Ég er kannski eftirlátssöm á köflum. Ég til dæmis skamma hann rosalega lítið. Reyndar yfirhöfuð með börn hef ég ekki mikla trú á skömmum. Ég vil ekki skamma börn almennt – ég held að það sé rótgróið í mér því ég var svo uppfull af skömm alla mína barnæsku og unglingsár og fullorðinsár. Ég vil ekki koma þessari skömm að hjá honum og þar af leiðandi vil ég ekki skamma hann mikið. En mín leið hefur meira verið sú að ef hann er að gera eitthvað af sér, þá hunsa ég hann bara þar til hann róast og þá fer ég inn til hans og spyr: Viltu knús? Og þá segir hann: Já. Hann segir alltaf já og svo ræðum við málin. En kannski er þetta ekkert endilega besta leiðin, maður veit það ekkert, það bara kemur í ljós.“ Elva brosir. „Ég reyndi uppeldisnámskeið og ráðgjafa og ég veit ekki hvað og hvað. En þetta er svona mín leið sem ég hef þróað.“

Elva er lífsglöð og hlær mikið, gerir grín að öllu saman. Hún ræðir mikið um fjölskyldulífið, hvernig er að búa á heimili þar sem þrír einstaklingar þjást allir af áráttu- og þráhyggjuröskun. „Geturðu ímyndað þér?! Sonur minn er með fullkomnunaráráttu og ég get ekkert gert fullkomið þannig að ég er eiginlega orðin vanvirk í heimilisstörfum og eldamennsku. Svo er pabbi að safna öllum fjandanum. Ég er reyndar á lyfjum núna sem hjálpa mér að halda mínum áráttum niðri, en ég missi mig samt alveg stundum. Árátturnar mínar snúast mikið um að telja, eins og núna er ég með nýja áráttu, hún er þannig að ég horfi á ferhyrnda hluti og ég er að telja hliðarnar aftur og aftur og aftur og þarf alltaf að byrja á nýrri hlið. Svo sóna ég bara út. Og fólk segir bara: Elva? Og ég bara horfi.“ Elva skellihlær. „Þetta er alveg glænýtt. Búið að vera kannski í nokkrar vikur og ég tel og tel og tel og er að horfa á sjónvarpið og það er ferhyrnt og ég veit ekkert hvað er í sjónvarpinu einu sinni. En þráhyggjan hjá mér hefur svolítið snúið að fólki líka í gegnum tíðina. Ég fæ fólk á heilann, sérstaklega í karlamálum. Þar hef ég alveg sokkið inn í brjálæðislega þráhyggju, það er bara pínlegt að hugsa um það.“

**Ástarsambönd beina leið til helvítis**

Elva segist fúnkera illa í samböndum. „Þráhyggjan lýsir sér þannig að ég vil stöðugt vera með viðkomandi, er alltaf að hugsa um hann – einhver geðveiki. Enda hef ég ekki verið í sambandi í fimm ár, frá því að ég og barnsfaðir minn hættum saman. Ég ætla ekki þangað aftur. Ástarsambönd hafa aldrei verið neitt skemmtileg hjá mér, heldur fer þetta oft frekar beina leið til helvítis,“ útskýrir Elva og hlær innilega. „Í dag hugsa ég bara, þetta er ekki þess virði. Kannski ef eitthvað kemur, eitthvað óvænt, en það er ekkert á dagskrá. Ég er ekki að leita.“

Elva segist hætt að bíða eftir kraftaverki, en vonast til þess innst inni að hægt verði að minnka kækina með einhverjum hætti á næstu árum. Kækirnir hafa ágerst mikið með árunum. Árið 2011 fór hún í aðgerð sem átti að breyta lífi hennar. „Ég beið eftir að komast í aðgerðina í eitt og hálft ár. Þetta er sama aðgerð og fólk með Parkinson fer í. Reynslan hefur verið góð með Parkinson-sjúklinga, en með okkur sem glímum við Tourette er þetta enn á tilraunastigi. Ég er sú eina á Íslandi sem hef farið í þessa aðgerð. Maður vonaði auðvitað að þetta myndi minnka kækina. Svo sögðu læknarnir við mig að ef við næðum ekki þeim árangri myndum við prófa aftur eftir ár, stilla betur af. En ég er enn þá að bíða, og það eru fjögur ár síðan.“



Elva Dögg trúir ekki á skammir í uppeldi sonar síns, sjálf hafi hún verið uppfull af skömm alla barnæsku og unglingsár. Fréttablaðið/Vilhelm

**ÞRÁHYGGJAN HJÁ MÉR HEFUR SVOLÍTIÐ SNÚIÐ AÐ FÓLKI LÍKA Í GEGNUM TÍÐINA. ÉG FÆ FÓLK Á HEILANN.**

**Einstakt tilfelli**

Í aðgerðinni er gangráð komið fyrir í brjóstinu og slöngum og rafskauti í höfðinu, þessu er svo öllu stýrt með tölvu. „Svo er hægt að stilla straum sem mér er gefinn og það á að minnka kæki. Við læknirinn minn höfum sótt um tvisvar sinnum að fara í aðgerð til Svíþjóðar þar sem eru fleiri sérfræðingar um málefnið, en mér hefur verið neitað. Það er búið að henda 20 milljónum í hausinn á mér, en svo á ekkert að gera neitt meira? Það er búið að gera götin, það er búið að koma öllum ósköpunum fyrir inni í hausnum á mér. Formlega svarið er að þetta sé tilraunameðferð og því komist ég ekki að. En það er búið að gera tilraunina á mér, það á að bara eftir að klára dæmið.“

Elva segist ekki nenna að kvíða framtíðinni. „Á meðan ég bý hjá pabba er þetta alveg að ganga. En ég finn það að ég þarf einhvern til að sjá um mig – en það er engin þjónusta í boði. Það er líka af því að ég er svolítið einstakt tilfelli. Ég er ein á báti hvað stuðning frá ríkinu varðar, það er bara þannig. En þetta væri líka ógerlegt ef foreldrar mínir og barnsfaðir styddu ekki svona við bakið á mér. Það er æðislegt að eiga þau að.“

Hún segir grínið vera sitt helsta vopn í baráttunni. „Það er engin regla að þú þurfir að segja frá öllu þínu í rosalega miklum harmi. Að setja eitthvað fram í gríni er rosalega sterkt. Það er svo sterkt af því að það sýnir svo mikið að ég komst af. Ég er þolandi, já, en ég er ekki fórnarlamb.“

NETVERSLUN
&VEFSÍÐUGERÐ

Kynningarblað Allra Átta, Smartmedia, DK, TM Software og Exigo.

# Sterkari eftir herbúðirnar

Tölvunarfræðingurinn Hjörtur Hilmarsson hefur búið og starfað í Svíþjóð undanfarin fimm ár. Síðustu þrjú árin hefur hann rekið veffyrirtækið 14islands ásamt tveimur félögum sínum og vinna þeir að mörgum spennandi verkefnum um allan heim.

Eftir að hafa starfað í vefbransanum á Íslandi í nokkur ár ákvað tölvunarfræðingurinn Hjörtur Hilmarsson að breyta um starfsumhverfi og flytja til Svíþjóðar. Kveikjuna að hugmyndinni má rekja til þess að eiginkona hans, Hildur Ísdal Þorgeirsdóttir, hóf meistaranám í arkitektúr og þar hafa þau nú búið í fimm ár ásamt sonum sínum tveimur.

Fyrstu tvö árin starfaði hann hjá alþjóðlegu fyrirtæki en undanfarin þrjú ár hefur hann starfað hjá eigin fyrirtæki, 14islands, sem hann stofnaði ásamt sænskum félaga sínum. „Áður en við fluttum út sótti ég um starf hjá alþjóðlegri vefstofu sem heitir Fantasy Interactive en þeir voru að gera ótrúlega flotta hluti á þeim tíma. Þar starfa framúrskarandi starfsmenn og þar kynntist ég t.d. félögum mínum sem reka 14islands með mér í dag. Það var gríðarlega hár standard varðandi alla vinnu og oft mikil pressa. Við höfum líkt þessu í gríni við að fara í herbúðir, erfitt á meðan á því stendur en maður kemur sterkari út. Þar vann ég í tvö ár en þegar ég hætti gat ekki hugsað mér neitt annað en að vinna fyrir sjálfan mig.“ Hann segir tímasetninguna þó ekki hafa verið þá heppilegustu, eiginkonan í námi og hann eina fyrirvinna heimilisins. „Ég fékk þó góðan stuðning og ákvað að láta slag standa. Það hefur sem betur fer gengið vel.“


Hjörtur ásamt eiginkonu sinni, Hildi Ísdal Þorgeirsdóttur, og tveimur sonum. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Rétt tilfinning

Félagar Hjartar hjá 14islands eru Svíinn David Lindkvist, sem stofnaði fyrirtækið með Hirti, og Marco Barbosa, sem er frá Brasilíu. „Ég tel mig heppinn að hafa fengið þá í lið með mér því þeir eru með þeim færustu í bransanum. Í fyrstu unnum við hjá viðskiptavinum og á kaffihúsum um allan bæ. Nú erum við komnir með skrifstofu svo þetta er farið að líta út eins og alvöru fyrirtæki. Nafn fyrirtækisins, 14islands, er tilkomið vegna þeirrar staðreyndar að Stokkhólmur stendur á 14 eyjum. Það eru ekki margir Stokkhólmsbúar sem vita þetta sem skapar oft skemmtilega „aha“-stund þegar við útskýrum nafnið.“

Hann segir þá félaga hafa þá sérstöðu að vera allir forritar með brennandi ástríðu fyrir því að smíða góða notendaupplifun. „Góð notendaupplifun snýst ekki bara um flotta hönnun heldur einnig að skapa rétta tilfinningu, hafa hlutina skiljanlega og virka vel á farsímum, spjaldtölvum og öðrum tækjum. Við drögum að okkur viðskiptavini sem hafa metnað fyrir þessu.“

Aðspurður um helsta muninn á því að starfa í Reykjavík og í Stokkhólmi segir hann að fjölbreytileikinn sé mun meiri í Stokkhólmi enda starfi þar fólk víðsvegar að úr heiminum. „Ísland er mjög framarlega í tölvutækni en það vantar alltaf meira af hæfileikaríku fólki og meiri fjölbreytni í bransann. Markaðurinn hér er einnig mun stærri, þótt við vinnum með viðskiptavinum um allan heim þá hjálpar að hafa nærmarkað sem blómstrar af bæði stórum og smáum fyrirtækjum. Þrátt fyrir að við séum veffyrirtæki þá fáum við flest verkefni í gegnum meðmæli og fólk sem við hittum. Ísland er samt land sköpunar og margir að gera spennandi hluti þar.“

## Spennandi verkefni

Meðal stórra verkefna þeirra félaga nefnir hann vefinn tictail.com sem hefur gefið þeim mikla athygli. „Tictail er sprotafyrirtæki sem gerir fólki kleift að stofna eigin netverslun frítt gegnum netið. Fyrirtækið er mjög heitt hér í Svíþjóð og vefurinn hefur þótt heppnast vel. Við höfum einnig hjálpað til síðustu tvö ár við að þróa árlegt jóladagatal frá Google (google.com/santatracker) og munum líklega einnig hjálpa til í ár. Einnig höfum við unnið fyrir QuizUp á Íslandi og sem ráðgjafar í gegnum aðra fyrir Erikson, H&M og ýmis önnur fyrirtæki. Fyrir rúmlega ári þróuðum við eigin vöru (responsive.io). Hugmyndin fæddist upp úr vandamáli sem við upplifðum sjálfir í verkefnum okkar, sem var að skala myndir á hraðvirkan hátt fyrir allar skjástærðir án þess að tapa myndgæðum. Þessi vara hefur bæði þjónað okkur vel og mörgum öðrum fyrirtækjum við vefsíðugerð. Svo eru mörg spennandi verkefni í pípunum. Mikilvægast er þó að halda áfram að auka gæði og gera alltaf betur.“


Hjörtur Hilmarsson hjá 14islands fyrir miðju ásamt félögum sínum, Marco Barbosa (t.v.) og David Lindkvist. MYND/ÚR EINKASAFNI




Jón Trausti, framkvæmdastjóri Allra Átta, nýtur útsýnis yfir fjörðinn fagra. MYND/STEFÁN

# Snjallvænar WordPress vefsíður

Starfsfólk Allra Átta sérhæfir sig í WordPress vefsíðugerð, vefhýsingu og markaðssetningu á netinu. Ferðaþjónusta á netinu hefur verið vaxandi og býður Allra Átta upp á vefsíðugerð, leitarvélabestun og markaðssetningu fyrir ferðaþjónustufyrirtæki.

Allra Átta er lítið en metnaðarfullt fjölskyldufyrirtæki sem hefur síðustu ellefu árin verið leiðandi í markaðssetningu á netinu. „Við höfum sérhæft okkur í vefhönnun og vefhýsingu á notendavænum veflausnum. Við hjálpum fyrirtækjum að markaðssetja vörur og þjónustu í gegnum netið, hérlendis sem erlendis," segir Jón Trausti Snorrason, verkefnastjóri Allra Átta.

Verkefni fyrir ferðaþjónustu hafa verið fyrirferðarmikil á síðustu tveimur árum og þeim fer ört fjölgandi. Allra Átta hefur unnið með nokkrum af stærstu fyrirtækjum í ferðaþjónustu og einnig mörgum minni aðilum með góðum árangri. „Sem dæmi um tegundir viðskiptavina okkar í ferðaþjónustu má nefna hótel, gistiheimili, fyrirtæki með íbúðir og herbergi til leigu, bílaleigur, jeppaferðafyrirtæki og ýmis önnur ferðaþjónustufyrirtæki. Þarfir hvers viðskiptavinar geta verið mjög ólíkar og því er mikilvægt að skoða í upphafi hvaða árangri fyrirtækin vilja ná og setja sér mælanleg markmið," segir hann. „Við vinnum náið með viðskiptavinum, greinum stöðu á vefnum í dag og komum með tillögur um hvað þurfi að bæta og breyta til að hámarka heimsóknir og bókanir. Stöðumat, vefgreining, forritun, leitarvélabestun og markaðssetning á netinu er meðal þess sem við tökum að okkur."

## Af hverju WordPress?

Síðustu ár hefur WordPress verið vinsælasta vefumsjónarkerfi heims. WordPress hefur unnið til fjölda verðlauna og hefur verið valið sem besta „Open Source" (opinn hugbúnaður) vefumsjónarkerfið. „WordPress er notað til að ritstýra um tuttugu prósentum af vefsvæðum heimsins, eða meira en sextíu milljón heimasíðum. Helstu kostir WordPress eru meðal annars að það er opinn hugbúnaður, hagkvæmt í rekstri, það er uppfært reglulega og á bak við það er mikil þróunarvinna, í WordPress er til mikið af tilbúnum kerfum sem auðvelt er að nýta sér, það er auðvelt að læra á kerfið og það er fullkomlega leitarvélavænt. Með öðrum orðum, Google elskar WordPress," segir Jón Trausti og brosir.

## Allra Átta er þín „ONE STOP SHOP"

Allra Átta er allt sem þarf til að ná árangri á netinu að sögn Jóns Trausta. „Vefráðgjöf, vefhönnun, vefforritun, vefhýsing og markaðssetning á netinu, þetta allt gerum við með glans, og meira til. Við setjum upp og hýsum netverslanir, hönnum og setjum upp WordPress-vefsíður, skrifum leitarvélavæna texta fyrir vefinn, tökum ljósmyndir fyrir vefinn og leitarvélabestum þær í leiðinni, hönnum flotta grafík og auglýsingar. Við erum sérfræðingar í leitarvélabestun og markaðssetningu á netinu. Allra Átta hefur hjálpað fjölda fyrirtækja að koma sér á framfæri á samfélagsmiðlum eins og Facebook og veitir reglulega ráðgjöf um notkun samfélagsmiðla. Í stuttu máli sagt þá hjálpar Allra Átta fyrirtækjum að markaðssetja sig á netinu."

## Allra Átta er flutt í Fjörðinn

Allra Átta flutti á dögunum í nýtt og glæsilegt skrifstofuhúsnæði í Hafnarfirði. „Segja má að starfsfólk Allra Átta sé komið „heim" þar sem eigendur og stofnendur fyrirtækisins hafa alla tíð búið í Hafnarfirði. Hafnarfjörður er bærinn okkar og við bjóðum alla velkomna í Fjörðinn," segir Jón Trausti ánægður en ný skrifstofa Allra Átta er til húsa á besta stað í miðbæ Hafnarfjarðar, í Verslunarmiðstöðinni Firði, Fjarðargötu 13-15 í Norðurturni á 6. hæð.

TOYOTA
Góa
Kjörís
TACO BELL
CINTAMANI
VALITOR
FK FJARÐARKAUP
ZO•ON ICELAND
LYSI
&
KFC
fatboy
BYKO
ASÍ
HÚSASMIÐJAN
EAS
Ruby Tuesday
TAX FREE SHOPPING
NÓI SÍRÍUS

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512 5446 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

# Seldu hvað sem er, **hvenær sem er**

MiniPos er veflægt sölukerfi sem byggir á netverslunarkerfi Smartmedia. MiniPos hentar vel litlum og meðalstórum fyrirtækjum enda er mjög einfalt að stofna vörur, selja vöru og gefa út reikning. Það eina sem þarf er nettenging ásamt tölvu eða spjaldtölvu.

MiniPos er hannað frá grunni af starfsmönnum Smartmedia og þróað í nánu samstarfi við okkar viðskiptavini sem nú þegar nota netverslunarlausn okkar. Mikil ánægja er með miniPos-lausnina, enda er lögð áhersla á að hún sé einföld, skilvirk og fljótleg í notkun,“ segir Jóhanna Sofía Karlsdóttir hjá Smartmedia.

„MiniPos er veflægt sölukerfi og hentar einstaklega vel til að selja vörur eða þjónustu og hafa góða yfirsýn yfir birgðir, framlegð og sölu,“ útskýrir Jóhanna. Kerfið má nota eitt og sér en einnig er hægt að nota það með netverslun frá Smartmedia. „Það einfaldar málin mikið því þá þarf aðeins að keyra á einu kerfi og einum gagnagrunni sem heldur utan um allt í rekstrinum, eins og að halda utan um birgðir, gefa út reikninga, vsk-skýrslur, rauntímasölutölur, setja kostnaðarverð á vörur og sjá framlegð og fleira skemmtilegt,“ lýsir hún.

### Lausn sem hentar öllum

„Með miniPos getur þú selt hvað sem er, hvenær sem er, sem gerir það að verkum að þessi lausn getur hentað öllum þeim sem selja vörur og þjónustu, og þá á ég ekki bara við þá sem reka verslun og/eða netverslun,“ segir Jóhanna og tekur dæmi: „Bifvélavirki gæti notað þessa lausn til að gefa út reikninga, halda utan um sölutölur og til að senda vsk-skýrslu og reikninga beint til endurskoðanda síns.“

Það eina sem fólk þarf til að nota miniPos er nettenging ásamt tölvu eða spjaldtölvu. „Þar sem kerfið er veflægt skiptir ekki máli hvort spjaldtölvan er iPad eða Android.“

### Þjónusta hátt í 400 netverslanir

„Okkur fannst miniPos vera næsta rökrétta skref fyrir okkar viðskiptavini enda þjónustum við hátt í 400 netverslanir í dag, sem gerir okkur að stærsta aðilanum á Íslandi á þessu sviði,“ upplýsir Jóhanna en Smartmedia þróaði miniPos og nýtt vefumsjónarkerfi eftir fjárfestingu frá Jóni S. von Tetzchner.

„Við viljum halda áfram að vera leiðandi á þessum markaði með því að koma fram með nýjar og skilvirkar viðbætur sem geta hjálpað viðskiptavinum okkar að hafa heildarsýn yfir starfsemi sína og bjóða upp á lausnir sem hjálpa þeim að vaxa enn frekar.“

### Laga sig að þörfum viðskiptavina

Starfsmenn Smartmedia hafa gríðarlega reynslu af forritun á ýmiss konar veflausnum. „Og þar sem við smíðum okkar eigin lausnir frá grunni, getum við búið til og bætt við lausnum alveg eftir þörfum viðskiptavina okkar,“ segir Jóhanna. Hún bendir á að Smartwebber-vefumsjónarkerfið hafi farið í gegnum gagngerar endurbætur síðustu 12 mánuði. „Við settum nýverið í loftið útgáfu númer þrjú af kerfinu og einbeittum okkur að því að betrumbæta allt viðmót og gera kerfið notendavænna og skilvirkara en áður.“

### Hafa sjálfbærni að markmiði

Jóhanna segir eitt af markmiðum Smartmedia vera að gera netverslanir nánast sjálfbærar. „Það er til dæmis gert með því að tengja fjárhagskerfi fyrirtækja við netverslunina. Þá myndast brú milli kerfa með upplýsingaflæði í báðar áttir. Ef þú pantar til dæmis vöru á netinu sendir kerfið okkar upplýsingar yfir í kerfi eins og Navision, DK. Þar stofnast þú sem viðskiptavinur og reikningur verður til. Það eina sem þú þyrftir síðan að gera er að taka saman pöntunina.“

### Auðvelt að opna netverslun

Jóhanna segir lítið mál að stofna netverslun hjá Smartmedia, þar sé í boði bæði staðlað og sérhannað útlit. „Þó er mikilvægt að byrja á því að greina þarfir, vilja og væntingar viðskiptavinarins,“ segir hún en mörgum viðskiptavinum Smartmedia hefur gengið afar vel að byggja upp rekstur í gegnum netverslunarlausn fyrirtækisins..

„Starfsfólk okkur býr yfir yfirgripsmikilli reynslu. Við höfum góða innsýn í markaðinn og sjáum mikla aukningu í veltu á milli ára,“ segir Jóhanna bjartsýn.



„MiniPos er hannað frá grunni af starfsmönnum Smartmedia,“ segir Jóhanna Sofía Karlsdóttir. MYND/GVA



# Leiðandi í viðskiptahugbúnaði

**Þjónusta við afgreiðslukerfi er sífellt stærri hluti af starfsemi dk hugbúnaðar. Nú er hægt að setja afgreiðslukerfi í farsíma og spjaldtölvur sem býður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavini.**

Hugbúnaðarfyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi fyrirtæki á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki. Starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og í dag vinna 46 starfsmenn hjá fyrirtækinu, þar af sjö sem starfa í þjónustu við afgreiðslukerfi. Sú deild hefur stækkað töluvert á síðustu árum meðfram vaxandi hlut dk hugbúnaðar á íslenska afgreiðslukerfa markaðnum að sögn Hafsteins Róbertssonar, kerfisfræðings og sérfræðings í afgreiðslukerfum hjá fyrirtækinu.

„Nú er svo komið að afgreiðslukerfi eru sett upp á alls kyns vélbúnaði hjá fyrirtækjum og verslunum, m.a. á iPhone-farsímum og iPad-spjaldtölvum, þannig að starfsumhverfið í afgreiðslukerfadeildinni er í stöðugri þróun. Á þessu ári höfum við séð mikla aukningu í notkun á spjaldtölvum og einnig hefur komið á markað mikið af jaðarbúnaði sem hægt er að nota með þessum tækjum, til dæmis prentarar og posar. Þessi nýlegu tæki ásamt afgreiðslukerfi okkar bjóða því upp á mikil þægindi og aukin tækifæri fyrir viðskiptavini okkar.“ dk hugbúnaður býður meðal annars upp á bókhalds- og afgreiðslukerfi í áskrift. „Við bjóðum bæði upp á afgreiðslukerfi í hefðbundnar afgreiðslutölvur en líka fyrir iPhone-síma eða iPad-spjaldtölvur.“



### Vildarkerfi fyrir verslanir

Mikil þróun hefur átt sér stað á dkPOS-afgreiðslukerfinu á síðustu tíu árum að sögn Hafsteins. „Á þessu ári komu til dæmis nýjungar á borð við nýtt og öflugt vildarkerfi fyrir verslanir auk þess sem sjálft afgreiðslukerfið fékk nýtt viðmót sem gerir allt söluferlið fljótlegra og skilvirkara. Einnig hafa komið tengingar við alla nýja greiðslumiðla og posa sem komið hafa fram á sviðsljósið á árinu, svo sem Netgíró, Pyngjuna og Dalpay-posa.“

### dk iPOS-afgreiðslukerfið

Hafsteinn segir markaðinn hafa kallað eftir snjalltækjalausnum og hafi dk hugbúnaður svarað því kalli. „dk POS pantana-appið fyrir iPad hefur t.d. notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út fyrir þremur árum. Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfi dk iPOS. Með því er hægt að vera með afgreiðslukassann bókstaflega í vasanum því hægt er að vera með kerfið á bæði iPhone-símum eða iPad-spjaldtölvum. Við þessi tæki er síðan hægt að tengja jaðarbúnað á borð við þráðlausa prentara og greiðsluposa frá Dalpay.“

Öll sala í dk iPOS-afgreiðslukerfinu og samskipti við dk bókhaldskerfið fer fram í gegnum skýjaþjónustu dk (vistun). Umsýsla birgða er leikur einn og salan bókast sjálfkrafa í dk fjárhagsbókhaldi. „Einfaldara verður það ekki fyrir viðskiptavini okkar,“ segir Hafsteinn að lokum.

***Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is.***



„Við bjóðum bæði upp á afgreiðslukerfi í hefðbundnar afgreiðslutölvur en líka fyrir iPhone-síma eða iPad-spjaldtölvur,“ segir Hafsteinn Róbertsson, kerfisfræðingur og sérfræðingur í afgreiðslukerfum fyrirtækisins. MYND/STEFÁN

**dk hugbúnaður**
**Bæjarhálsi 1**
**110 Reykjavík**
**S: 510-5800**
**www.dk.is**





**Popp og karamellur**
**Nokkrir valinkunnir einstaklingar segja frá því hvernig þeir ætla að eyða kvöldinu. Þeirra á meðal Bubbi Morthens sem ætlar að borða popp og karamellur með fjölskyldunni.**
**SÍÐA 2**


Frábær flensufæla

Styrktu ónæmiskerfið fyrir komandi vetur!

Immune Support+

Inniheldur: A-, C- og D-vítamín, sínk, kopar, selen, hvítlauk, betaglucans og elderberry.







Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir


# FÉKK HEILSU Á NÝ

**ARCTIC STAR KYNNIR** *Þórunn Maggý er betri af liðverkjum eftir að hafa tekið Arctic Star sæbjúgnahylkin. „Ég er 100% viss um að þetta virkar fyrir mig.“*

Þórunn Maggý hefur verið með slitgigt í fleiri ár. Hún telur sig nú hafa fundið lausn við því vandamáli sínu. „Ég hef lengi verið með verki í flestum liðum og voru úlnliðir og hné í vondum málum. Ég hef tekið hin og þessi lyf í gegnum tíðina, mörg voru ágæt en ekkert þeirra gerði hundrað prósent gagn. Þegar ég sá svo auglýsingu um Arctic Star sæbjúgnahylkin greip ég það eins og skot að þetta væri það sem myndi gagnast mér. Ég hef ágætis innsæi og vissi um leið og ég sá það að þetta væri það rétta fyrir mig,“ útskýrir Þórunn Maggý.

Nokkrum dögum áður en hún sá auglýsinguna fyrst var hún á göngu og þá hafði eitthvað komið fyrir annað hnéð. Var hún draghölt á eftir og gat hvorki beygt né rétt úr hnénu. Þórunn Maggý segist því hafa verið með augun opin fyrir einhverju sem gæti hjálpað henni.

„Eftir að ég frétti af sæbjúgnahylkjunum fór ég á stúfana að leita að þeim. Þau voru ekki komin í apótekið þannig að ég fór bara beint í fyrirtækið, talaði við hann Jens og sagðist vilja fá þetta eins og skot. Útkoman var sú að eftir að hafa tekið hylkin í fimm til tíu daga var ég orðin ágæt í hnénu og það var ekkert vandamál að beygja og rétta úr því. Allir liðverkirnir voru líka farnir þannig að ég er hundrað prósent örugg að þetta henti.“

Þórunn Maggý ætlar að halda áfram að nota Arctic Star sæbjúgnahylkin og er búin að kaupa sér heilan kassa af þeim. „Ég mæli heilshugar með þessu og segi bara takk fyrir mig að þetta skyldi koma á markaðinn. Ég er svo hamingjusöm að fá heilsuna til baka, það er svo mikilvægt,“ segir hún glöð.

### JÁKVÆÐ ÁHRIF

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Í



**ER MIKLU BETRI** Þórunn Maggý hefur tekið Arctic Star sæbjúgnahylkin í nokkurn tíma og fann strax mun. Hún er nú laus við liðverki sem plöguðu hana.
MYND/GVA

**SÆBJÚGU ERU ÞEKKT FYRIR:**
- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

### UPPLÝSINGAR

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í Lyfju og í Apótekinu.






## Meðferð við háræðasliti - Tilboð







**10% afsláttur** af 2 × 30 mín.meðferð
**15% afsláttur** af 3 x 30 mín.meðferð
**20% afsláttur** af 4 x 30 mín.meðferð
Miðast við samfelldan meðferðartíma.

**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

*Snyrtistofan Hafblik*

Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com



PRÓGASTRÓ

Fyrir **heilbrigða** meltingu og **magaflóru**

Vissir þú að Prógastró góðgerlarnir:
- stuðla að heilbrigðri magaflóru
- geta stuðlað að minnkuðu ummáli maga
- virka við hægðatregðu og niðurgangi
- vinna gegn kandida og sveppasýkingu

100% NÁTTÚRULEGT

Prógastró DDS+3 er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum!







Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir

www.gengurvel.is










# LAUGARDAGSKVÖLD OG GLEÐIN VIÐ VÖLD

**PARTÍ** *Það er laugardagskvöld, það er gleðin við völd, söng Karl Sigurðsson og Baggalútur um árið. Rétt er að laugardagskvöld eru ljúf, hvort sem þau eru nýtt til að slaka á, skemmta sér eða vinna. Nokkrir valinkunnir einstaklingar segja hér hvernig þeir ætla að eyða kvöldinu í kvöld.*

Það er nokkuð misjafnt hvernig fólk vill eyða laugardagskvöldi. Unga fólkið fer á djammið á meðan þeir eldri njóta þess að vera með fjölskyldu eða vinum. „Ekki hringja, það þýðir ekki neitt, nota ekki síma, sé þig hjá klukkunni klukkan eitt," segir í texta Braga Valdimars Skúlasonar í Baggalútslaginu skemmtilega.



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** hefur haft nóg að gera undanfarna daga. Hann söng ásamt helstu stórsöngvurum Íslands í Eldborg á miðvikudagskvöld á stórkostlegum tónleikum þar sem minning Franks Sinatra var heiðruð. Í kvöld er hann með eigin tónleika í Háskólabíói. „Það hefur verið mikill undirbúningur fyrir tónleikana í kvöld. Ég verð með góða menn með mér á sviðinu sem gera verkið auðveldara," segir Björgvin og bætir því við að laugardagskvöld fari oft í vinnu. „Ég myndi helst vilja eyða laugardagskvöldi með fjölskyldu og vinum yfir góðum mat og spjalli um allt milli himins og jarðar. En það er líka alltaf gaman í vinnunni hjá mér," segir Bo.



**LINDA PÉTURSDÓTTIR** starfar sem einkaráðgjafi að bættri heilsu. Hún segist eyða laugardagskvöldi með dóttur sinni. „Það er kósíkvöld hjá okkur. Við klæðum okkur í náttföt, borðum góðan mat, poppum, horfum á mynd eða spilum og slökum á. Fyrir mér er þetta nærri því að vera hið fullkomna kvöld."



**ÓLAFUR STEPHENSEN,** framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, hefur verið talsmaður fyrir tollalækkun á innfluttum matvælum. Hann er mikill matgæðingur og ætlar að elda andabringur með grænpiparsósu, sparikartöflumús og sykurbaunum í kvöld og sitja svo að spjalli með góðu fólki fram á nótt. Þegar hann er spurður hvernig hann vilji helst eyða góðu laugardagskvöldi, svarar hann: „Elda eitthvað nýtt og skemmtilegt sem er búið að malla í hausnum á mér alla vikuna og sitja svo að spjalli með góðu fólki fram á nótt."



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR,** alþingismaður og pírati, hefur haft nóg að gera á þinginu í vikunni. Hún segist ekki gera mikinn greinarmun á helgum og virkum dögum. „Ef ég er í alvöru fríi, sem gerist ekki oft, þá finnst mér gaman að horfa á eitthvað í sjónvarpinu með yngri syni mínum eða fara með honum í bíó. Menning er líka skemmtileg, sér í lagi tónleikar eða leikhús. Kvöldið í kvöld er óráðið. Ef það er heiðskírt fer ég kannski á norðurljósaveiðar," segir hún.



**BUBBI MORTHENS** lætur venjulega mikið að sér kveða en í kvöld er hann í fríi og ætlar að njóta þess í faðmi fjölskyldunnar. „Við horfum á góða bíómynd, borðum popp og karamellur og njótum lífsins. Ég mun örugglega hafa annan handlegginn utan um dæturnar. Þetta verður fjölskyldukvöld."



**HREFNA SÆTRAN** matreiðslumeistari sem eldar ofan í gesti á veitingahúsum sínum daglega er núna í góðu fríi á Tenerife. „Í kvöld ætla ég að bera á mig after sun-krem og fara út að borða með manninum mínum og börnum. Svo kíkjum við örugglega á hótelbarinn þar sem plötusnúður þeytir skífum og saxófónleikari spilar. Krökkunum finnst gaman að dansa við það. Við ákváðum að prufa svona síðbúið sumarfrí meðan krakkarnir eru enn svona litlir," segir Hrefna. „Annars finnst mér gaman að fá fólk heim í mat og spjalla fram á nótt. Líka fara á tónleika eða leikhús. Ég er mikil félagsvera og slaka á í góðra vina hópi."



**ANDRÉS JÓNSSON,** almannatengill og einn öflugasti Twitterskrifarinn á landinu, hefur nóg að gera um helgina. „Í dag og kvöld er ég að fara að taka þátt í að steggja vin minn sem býður til brúðkaups á næstunni. Ég er mjög lítið fyrir allt sem tilheyrir steggjunum og ætla að afþakka slíkt prógramm þegar það kemur að mér að gifta mig en ég vona að lágar væntingar leggi grunninn að góðu kvöldi í kvöld," segir Andrés og bætir við: „Ég reyni að leggja laugardagskvöldin upp eins og öll önnur kvöld, sem felst aðallega í að að véla einhvern til að bjóða mér heim til sín í mat. Uppáhaldsiðja mín er annars að hitta fólk, drekka kaffi og rölta í miðbænum og ég er mikið að vinna með þessa blöndu líka um helgar. Þó er líka stundum bara fínt að hanga heima á laugardagskvöldi með fjölskyldunni (les Twitter-fam) og eiga kaldhæðnar samræður um mynd kvöldsins á RÚV. Twitter er öruggur staður til að vera á í flóði samfélagsmiðla."



**GERÐUR KRISTNÝ** rithöfundur hefur undanfarna daga verið á Bókamessu í Gautaborg. Hún ætlar að eiga gott kvöld yfir nýjustu ljóðabók Kristjáns Þórðar Hrafnssonar „Tveir Elvis Presley aðdáendur og fleiri sonnettur". Skemmtilegast finnst henni þó að horfa á góða kvikmynd með fjölskyldunni. „Fyrir viku skruppum við eldri sonurinn þó á leikritið Í hjarta Hróa hattar. Það var skemmtilegt," segir hún.

elin@365.is



marimekko
MINNA PARIKKA
NOKIAN FOOTWEAR
aarikka
iittala
Marimekko Moma kjóll 29.900,-
Marimekko Kallio hálsmen 11.900,-
Marimekko Laituri eyrnalokkar 4.900,-
Marimekko Popcorn regnjakki 36.900,-
FINNSKA BÚÐIN
Minna Parikka Bunny Sneaks 39.980,-
Marimekko Italia slæður 15.900,-
Marimekko Toimi taska 32.900,-
Flow Cosmetics Lífræn piparmyntusápa 1.580,-
Lumi leðurtaska 54.900,-
Flow Cosmetics Lífrænt piparmyntufótakrem 3.740,-
Nokian Julia Lundsten stígvél 19.900,-
Karhu Múmín hlaupaskór 18.900,-
Karhu hlaupaskór 15.900,-
Marimekko sokkar frá 1.990,-
FINNSKA BÚÐIN
- Kringlunni -
Bíógangur, 3. hæð
&Bros Compleated loftljós 11.900,-
Iittala Mari skálar frá 4.390,- 12 cm
Finlayson Múmín sængurverasett fyrir börn 7.990,-
Finlayson Múmín handklæði 1.690,- 30x50cm
Finlayson Múmín pottaleppar 2.490,- / 2 stk
Marimekko Tiia kjóll 18.900,-
Marimekko sængurverasett 16.900,-
Múmín krúsir 3.500,-
Marimekko bollar 2.990,-
Finlayson Múmín ofnhanski 2.890,-
Verið velkomin!
Molla Mills motta 24.900,- 80cm x 200cm 100 % bómull
Kringlan, s. 787 7744
Laugavegur 27, s. 778 7744
info@finnskabudin.is
#finnskabudin
FINNSKA BÚÐIN
- Laugavegi 27 -








**GIRNILEGT** Birna með girnilega molapæju. MYND/GVA

# HOLLIR BIRNUMOLAR

**UPPSKRIFTIR** *Birna Varðardóttir er 21 árs nemi í næringarfræði við Háskóla Íslands. Hún heldur úti síðunni www.birnumolar.com þar sem hún gefur uppskriftir að hollum, einföldum og bragðgóðum réttum.*

Matreiðsluáhugi Birnu vaknaði fyrir alvöru á unglingsárunum. „Ég prófa mig áfram í eldhúsinu og má segja að mataráhuginn hafi fyrst og fremst þróast í gegnum tilraunamennsku,“ segir Birna sem leggur mesta áherslu á heilsusamlegt mataræði sem tengist einnig hinum hugðarefnum hennar, næringarfræði og íþróttum, en Birna æfir hlaup með FH.

Birna stofnaði Facebook-síðu undir nafninu Birnumolar árið 2012. Þegar fjöldi uppskrifta var orðinn nokkur langaði hana að koma þeim á einn stað og stofnaði því síðuna www.birnumolar.com í sumar.

Á síðunni er að finna hollar, einfaldar og bragðgóðar uppskriftir. „Mig langar að sýna fólki að það er hægt að gera ótrúlega fjölbreytta hluti frá grunni úr hollu og næringarríku hráefni. Það þarf alls ekki að vera einhæft, dýrt og leiðinlegt,“ segir Birna. Sjálfri þykir henni skemmtilegast að elda fisk og grænmetisrétti. „Það er hráefni sem býður upp á svo marga möguleika.“

Birna er dugleg að elda fyrir sig og fjölskyldu sína. „Ég elda gjarnan meira en minna og nýti afganga í skólann. Ég er dugleg að útbúa nýja rétti úr afgöngum enda mikilvægt að halda matarsóun í lágmarki. Þá er líka góð regla að flýta fyrir og útbúa meðlæti fyrir fleiri en eitt kvöld hverju sinni, t.d. hýðishrísgrjón, kínóa, kartöflur og steikt grænmeti.“

Birna gefur hér uppskriftir að tveimur girnilegum réttum.

## KEMPURÆKJUR Í KÓKOSSÓSU

**500-700 g risarækjur**
**3-4 vorlaukar**
**1 hvítlauksrif**
**2 cm engifer**
**1/2 tsk. túrmerik**
**1 lítil dós tómatpúrra**
**1 tómatur**
**Gul paprika**
**Rauð paprika**
**3 dl kókosmjólk (ekki lite-útgáfa)**
**Olía til steikingar**
**Salt og pipar**
**Steinselja**



**KEMPURÆKJUR Í KÓKOSSÓSU**

Þíðið rækjurnar ef þarf. Kryddið með salti og pipar og látið standa í skál í ísskáp í hálftíma. Skerið vorlauk og engifer smátt. Hitið olíu á pönnu og steikið vorlaukinn þar til hann byrjar að mýkjast. Bætið við pressuðum hvítlauk og engifer og steikið áfram í 2-3 mínútur. Bætið við túrmeriki, tómatpúrru og svörtum pipar.

Skerið papriku og tómat smátt og bætið út á pönnuna. Steikið áfram á miðlungs hita þar til tómaturinn hefur linast vel (um 10 mín).

Hellið kókosmjólk á pönnuna og blandið öllu vel saman. Náið suðunni upp og leyfið þessu endilega að krauma í 5-10 mínútur. Hrærið reglulega í.

Bætið við rækjum og látið malla í 5 mínútur eða þar til rækjurnar hafa rétt náð sínum bleika lit.

Færið rækjurnar á fallegan disk og skreytið með saxaðri steinselju.

## MOLAPÆJA MEÐ EPLUM

**BOTN**
**125 g möndlur**
**125 g pekanhnetur**
**1 tsk. lyftiduft**
**Salt á hnífsoddi**
**2-3 msk. góð olía**

**FYLLING**
**1-2 msk. olía**
**1 rautt epli**
**1 gult epli**
**3 msk. pekanhnetur**
**3 msk. kókosmjólk**
**2 msk. hnetusmjör**
**2 msk. hunang**
**2 msk. gylltar rúsínur eða trönuber**
**8-10 döðlur**
**Dass af kanil**
**1 msk. malaðar möndlur**
**Kókosflögur til skreytingar**

Myljið möndlur og hnetur fínt í matvinnsluvél og hrærið svo lyftidufti, salti og olíu saman við. Vinnið þar til þið eruð komin með þokkalega „blautt“ deig sem þið getið þrýst í fat með fingrunum.

Smyrjið hringlaga fat eða mót með olíu.

Þrýstið hnetublöndunni ofan í formið og upp með hliðunum.

Bakið botninn í 15 mín. við 175°C.

Hitið olíu á pönnu þar til hún er orðin vel heit.

Saxið epli og 3 msk. af pekanhnetum og steikið saman í 3-5 mínútur.

Bætið kókosmjólk, hnetusmjöri og hunangi við og steikið áfram í nokkrar mínútur.

Að lokum bætið þið við rúsínum/trönuberjum, döðlum, kanil og möndlumjöli – látið malla á miðlungshita.

Takið botninn út úr ofninum og hellið fyllingunni ofan í.

Ef það er afgangs botn með hliðunum (fyrir ofan fyllinguna) þá er gott að kroppa það af og dreifa yfir.

Skreytið með kókosflögum.

Bakið við 175°C í 15-20 mínútur.



## ÁSTRÍÐUFULLUR DRYKKUR

Mangó er sérlega hollur ávöxtur, fullur af C-vítamíni en hefur lítið fituinnihald. Hvað er betra er hollur og góður drykkur á laugardags- eða sunnudagsmorgni?
Þessi uppskrift miðast við fjóra, hún er afar einföld en það sem þarf er:
400 g vel þroskaður mangó, afhýddur og skorinn niður í bita
2 dósir hrein mangójógúrt
250 ml léttmjólk
Safi úr einni límónu
4 ástríðuávextir, helmingaðir og kjarni og safi tekinn úr
Mangó, jógúrt og mjólk sett í blandara og hrært þar til drykkurinn verður silkimjúkur. Þá er límónusafa hrært saman við. Setjið drykkinn í fjögur glös og takið úr einum helmingi af ástríðuávexti í hvert glas. Hrærið smávegis áður en drykkurinn er fram borinn.



## SALTAR KÓKOSKARAMELLUR

Þessar karamellur eiga rætur að rekja til Nígeríu. Þegar búið er að blanda karamellunni við kókosmjólkina er mikilvægt að hræra stöðugt í pottinum svo kókosmjólkin setjist ekki á botninn og brenni.
2 tsk. kókosolía
1 dós kókosmjólk
3/4 bolli ljóst síróp
1 tsk. gróft sjávarsalt
1 og 3/4 bolli sykur
3/4 bolli vatn
Blandið saman kókosmjólk, sírópi og salti á pönnu. Hitið á meðallágum hita og hrærið stöðugt í í um 2 1/2 til 3 mínútur þangað til blandan er volg og kókosolían er laus við kekki. Takið af hitanum og setjið til hliðar.
Blandið saman sykri og vatni á stórri pönnu og hrærið í þar til sykurinn er uppleystur. Hitið á meðalháum hita, án þess að hræra í, þar til sykurinn verður gulbrúnn. Takið þá strax af hitanum og hellið sykrinum varlega í kókosolíublönduna. Setjið pottinn aftur á meðallágan hita og hrærið stöðugt í þar til sykurinn hefur leyst upp. Hækkið hitann, hrærið stöðugt í, og hitið þar til karamellan er orðin þykk. Takið þá strax af hita og hellið í smurt, eldfast form. Látið kólna alveg og skerið í litla bita. Njótið og bjóðið öðrum að njóta með ykkur.

## ÓKEYPIS VIÐBURÐIR Á RIFF

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF hófst á fimmtudag og stendur yfir til 4. október. Að venju er glæsileg dagskrá í boði fyrir kvikmyndaunnendur þar sem m.a. er boðið upp á málþing og fyrirlestra, tónleika og ljósmyndasýningar auk hefðbundinna kvikmyndasýninga. Einnig verður boðið upp á fjölda ókeypis viðburða á meðan hátíðin stendur yfir.
Í dag fer fram verðlaunaafhending á Lofti Hosteli í einnar mínútu myndakeppni RIFF þar sem valdar myndir verða sýndar og boðið verður upp á tónleika.
Á morgun, sunnudag, verður boðið upp á sundbíó í Sundlaug Kópavogs kl. 14 og 16. Miðinn kostar að vísu 800 kr. en ókeypis er inn fyrir 10 ára og yngri. Myndin er sýnd við ylvolga og grunna sundlaug. Gestir fá kynningu á múmínálfunum fyrir sýningu og boðið verður upp á ókeypis drykki.
Viðburðurinn Haltu kjafti og skrifaðu handrit er á Lofti Hosteli á mánudag þar sem gestum er boðið að koma hugmynd á blað eða skrifa handrit í þögn í eina klukkustund undir leiðsögn Margrétar Örnólfsdóttur.
Fleiri ókeypis viðburði má finna á www.riff.is.



SUNDBÍÓ MEÐ MÚMÍNÁLFUNUM.



**Fararstjórn erlendis**

Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Amerika og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



**TÓNLISTARKONA** Ólöf Arnalds heldur tónleika í kvöld með Katie Buckley hörpuleikara og á von á að það verði yndislega gaman. MYND/GVA

# ÓLÆKNANDI NÁTTHRAFN

**HELGARLÍF** *Hljómlistarkonan Ólöf Arnalds notar helgina í tónleikahald og heimastúss. Draumafrídeginum myndi hún verja í litlum bæ í Suður-Evrópu.*

Söngkonunni og tónskáldinu Ólöfu Arnalds finnst gott að fá heimatilbúið læri í matinn um helgar og best finnst henni að hanga með fjölskyldunni. Í kvöld halda hún og hörpuleikarinn Katie Buckley tónleika í Mengi þar sem þær flytja tónlist Ólafar í bland við tónlist annarra tónskálda. Ólöf og Katie hafa þekkst um nokkurt skeið og dreymt um ýmis samstarfsverkefni. Tónleikunum lýsa þær þannig að hljóðheimurinn verði tær og látlaus þar sem saman koma söngrödd, gítar og harpa og lofa þær töfrastund. Lesendum gefst hér tækifæri á að skyggnast inn í helgarlíf Ólafar og hvernig henni þykir best að haga því.



**Hver er óskamorgunmaturinn um helgar?** Djúsí ommeletta.

**Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn?** Ommeletta.

**Þegar þú ferð út að skemmta þér hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Að ná í skottið á gömlum vini eða vinkonu og vera ekki með neitt plan.

**Sefur þú út um helgar?** Gjarnan.

**Uppáhaldshelgarmaturinn?** Sunnudagslærið.

**Hvar er best að borða hann?** Heima.

**Vakir þú fram eftir?** Oftar en ekki.

**Ef þú ferð út að dansa hvert ferðu þá?** Eitthvert random og helst ekki á sama stað og síðast.

**Hvernig er draumahelgardagurinn?** Snemmsumarsdagur í litlum bæ í Suður-Evrópu án tölvu eða síma. Lesa og synda til skiptis, leggja sig síðdegis og eiga svo ljúfan langan málsverð um kvöldið í skemmtilegum félagsskap.

**Ef þú ert nátthrafn færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin?** Ég er ólæknandi nátthrafn og svæsinn næturgoggur.

**Ertu með nammidag? Hvaða nammi færðu þér?** Þegar ég kaupi laugardagsnammið fyrir son minn, slengi ég jafnan í mig einni mánarúllu honum til samlætis.

**Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi?** Heima að sýsla.

**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Fjölskyldunni.

**Hvað verður í sunnudagskaffinu?** Kaffi fyrir fullorðna. Kakó og bakkelsi fyrir börn.

Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

ICELANDAIR

Myndgreiningarþjónusta

LANDSPÍTALI

## GEISLAFRÆÐINGAR

*Spennandi framtíðarstörf á röntgendeild Landspítala. Fjölbreytt og umfangsmikil myndgreiningarþjónusta er veitt allan sólarhringinn. Þar starfa á um annað hundrað manns.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Framkvæmd myndgreiningarrannsókna
- Sérhæfð verkefni eftir atvikum sem heyra undir starfsemi deildar
- Virk þátttaka í gæðastarfi
- Skráning í upplýsingakerfi deildar (RIS og PACS)
- Stuðla að góðri myndgreiningarþjónustu

**Hæfnikröfur**

- Mjög góð samskiptahæfni og fagleg framkoma
- Hæfni og geta til starfa í teymi
- Faglegur metnaður og sjálfstæði í starfi
- Geta til að hafa yfirsýn yfir verkefni
- Frumkvæði og skipulagsfærni
- Íslenskt starfsleyfi geislafræðings

**Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2015.**

Starfshlutfall er 100%, dag- og vaktavinna. Störfin eru laus skv. samkomulagi. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á landspitali.is, undir „Laus störf“. Umsókn fylgi námsog starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veitir Díana Óskarsdóttir deildarstjóri (dianaosk@landspitali.is, 825 5834).

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*



ICELANDIC GROUP

# Framkvæmdastjóri Icelandic Ný-Fisks

Icelandic Group leitar að kröftugum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra Icelandic Ný-Fisks í Sandgerði. Icelandic Ný-Fiskur er dótturfélag Icelandic Group og heyrir starf framkvæmdastjóra undir forstjóra Icelandic Group.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á stjórnun og daglegum rekstri félagsins auk stýringar fjármála, áætlunargerðar og stefnumótunar í samstarfi við móðurfélag. Samstarf og samskipti við erlenda aðila innan sem utan Icelandic Group eru talsverð.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólanám sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði.
- Reynsla á sviði sjávarútvegs og matvælaframleiðslu.
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku og enskukunnátta.

Icelandic Ný-Fiskur sérhæfir sig í vinnslu og sölu á ferskum sjávarafurðum, sér í lagi þorski og ýsu.

Auk fiskvinnslu á félagið og gerir út línubát. Stærstur hluti framleiðslunnar er seldur erlendis og skapar staðsetning fiskvinnslunnar í nágrenni við alþjóðaflugvöll sérstöðu þegar kemur að tengingum við markaði erlendis.

Hjá Icelandic Ný-Fiski starfa að meðaltali um 70 starfsmenn í störfum tengdum fiskvinnslu, fjármálum og sölu.

Icelandic Group hvetur áhugasama, jafnt konur sem karla, til að sækja um starfið. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

Umsækjendur eru beðnir að senda ítarlega ferilskrá á **job@icelandic.is**. Umsóknarfrestur er til **6. október nk.**

Umsjón með ráðningu hefur
**Sigríður Guðmundsdóttir**
**sirra@icelandic.is**.

Icelandic Group er alþjóðlegt fyrirtæki með yfir sjö áratuga sögu tengdri íslenskum sjávarútvegi. Undir merkjum félagsins starfa um 1.750 manns að því að stilla saman veiðar, vinnslu, flutninga, markaðssetningu og sölu sjávarfangs í Evrópu, Asíu og N-Ameríku

www.icelandic.is



# Amazing Opportunities!

Join an international award-winning team providing market-leading software solutions and services. Our systems are currently used by more than 50,000 stores and restaurants in over 120 countries.

**Senior NAV Consultant**

**Implementation Specialist**

**Web Developer**

**Product Sales and Marketing Specialist**

**Mobile Development Tester**

**Apply by October 12**

Information & submissions at

**jobs.LSRetail.com**

LS Retail

# Laust starf

**Grunnskóli Seltjarnarness –unglingastig**

- **Stuðningsfulltrúi, 80% starfshlutfall.**

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Ólafsdóttir, þroskaþjálfi, johannao@grunnskoli.is, sími 5959200.

Öllum umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar -undir http://www.seltjarnarnes.is –Störf í boði

**Umsóknarfrestur er til 4. október næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

Seltjarnarnesbær www. seltjarnarnes. is

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu heilbrigðisþjónustu

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar fullt starf sérfræðings á skrifstofu heilbrigðisþjónustu. Skrifstofan fjallar um skipulag heilbrigðisþjónustu, sérhæfingu og verkaskiptingu þjónustuaðila, þjónustukerfi sveitarfélaga, eignarhald þjónustustofnana og hæfni og árangur heilbrigðisstofnana.

Starfssvið: Vinna við faglega stefnumörkun í heilbrigðismálum og nánari útfærslu hennar. Í starfinu felst jafnframt að fylgja eftir faglegri þróun heilbrigðisþjónustu, utan sem innan heilbrigðisstofnana, þ.m.t. heilsugæslu, sérfræðiþjónustu, sjúkrahúsþjónustu, endurhæfingu, rannsóknum, auk annarra verkefna sem undir skrifstofuna og ráðuneytið heyra.

Menntunar- og hæfniskröfur: Gerð er krafa um að umsækjendur hafi háskólamenntun og reynslu á sviði heilbrigðismála. Æskilegt er að þeir hafi þekkingu á starfsemi heilbrigðisstofnana og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar. Umsækjendur þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geta unnið sjálfstætt. Þá er gerð krafa um að þeir hafi gott vald á íslensku, ensku og einu öðru Norðurlandamáli auk almennrar tölvukunnáttu.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðuneytið hvetur karla, jafnt sem konur, til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri (sveinn.magnusson@vel.is). Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík eða á postur@vel.is. eigi síðar en 12. október 2015. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Velferðarráðuneytinu, 24. september 2015.*

---

Launað starfsnám til sérfræðiviðurkenningar

LANDSPÍTALI

## HJÚKRUNAR- OG LJÓSMÓÐURFRÆÐI

*Við óskum eftir hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum í launað starfsnám til sérfræðiviðurkenningar í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði.*

**Markmið starfsnámsins**

- Að efla og bæta við klíníska færni og þekkingu á viðkomandi sérsviði hjúkrunar/ ljósmóðurfræði
- Fá þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum og bæta við rannsóknareynslu
- Að þjálfa ýmiskonar hlutverk sérfræðings á viðkomandi sérsviði

**Hæfnikröfur**

- Meistarapróf sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun og ljósmóðurfræði nr. 124/2003 og nr. 1089/2012
- Áhugi og metnaður til sérfræðiviðurkenningar á tilteknu sviði hjúkrunar- eða ljósmóðurfræði
- Íslenskt hjúkrunar-/ljósmóðurleyfi

Starfsnámið er einstaklingsmiðað í 9-24 mánuði á tímabilinu 1. nóvember 2015 - 1. janúar 2016. Starfshlutfall tekur mið af lengd námsins.

Nánari upplýsingar veita Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, (sigridgu@landspitali.is, 543 1106) og Hrund Sch. Thorsteinsson, deildarstjóri, (hrundsch@landspitali.is, 543 1490).

**Umsóknarfrestur er til og með 17. október 2015.**

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Umsókn fylgi einnig kynningarbréf þar sem tilgreind eru persónuleg markmið með starfsnáminu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heil brigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---

Geðsvið

LANDSPÍTALI

## LÆKNAR Í STARFSNÁM

*Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum í starfsnám á geðsviði Landspítala. Störfin eru veitt í 4-12 mánuði og ráðið er í þau á tímabilinu 1. desember 2015 til 1. maí 2016. Þau geta nýst sem hluti af sérnámi í öðrum sérgreinum en geðlæknisfræði, svo sem heimilis-, endurhæfingar- og öldrunarlækningum. Einnig gott tækifæri fyrir heimilislækna sem vilja auka við þekkingu sína á greiningu og meðferð geðsjúkdóma í teymisvinnu.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Þjálfun í geðlækningum og klínísku starfi
- Þátttaka í kennslu- og fræðsludagskrá námslækna tvo virka daga í mánuði
- Þátttaka í handleiðslu og þjálfun í samtalsmeðferð, m.a. hugrænni atferlismeðferð, psychodynamískri meðferð og áhugahvetjandi samtölum
- Þátttaka í rannsóknum og í hópmeðferð

**Hæfnikröfur**

- Hæfni til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði
- Hæfni og geta til að vinna í teymi
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Vilji til þátttöku í áframhaldandi þróun sérnámsins
- Almennt lækningaleyfi

**Umsóknarfrestur er til og með 18. október 2015.**

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt lækningaleyfi. Starfshlutfall er 80-100%

Umsjón með framhaldsmenntun unglækna á geðsviði hefur Nanna Briem yfirlæknir (nannabri@landspitali.is, 543 1000) og veitir hún nánari upplýsingar ásamt Engilbert Sigurðssyni yfirlækni (engilbs@landspitali.is, 543 1000).

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „Laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---


# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent




Ferðaþjónusta bænda leitar að öflugum einstaklingi í starf sölumanns hópaferða. Viðkomandi mun sjá um sölu og skipulagningu á ferðum erlendra gesta.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala á gistingu og afþreyingu
- Skipulagning á ferðum innanlands
- Samskipti við erlenda viðskiptavini
- Tilboðs- og reikningagerð
- Bókanir, umsjón og ábyrgð á hópaferðum
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði, annað tungumál kostur
- Reynsla af skipulagningu hópaferða um Ísland
- Reynsla af sölustarfi
- Frumkvæði, metnaður, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Geta unnið vel undir álagi og yfirvinnu á álagstímum
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Góð þekking á Íslandi
- Góð tölvukunnátta

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@farmholidays.is fyrir 5. október 2015.

**Nánari upplýsingar má finna á farmholidays.is/atvinna**

Ferðaþjónusta bænda er leiðandi fyrirtæki í íslenskri ferðaþjónustu. Fyrirtækið á sér yfir 30 ára sögu og býður upp á breitt úrval ferða og afþreyingar ásamt gistingu allt í kringum landið á um 180 gististöðum af ýmsu tagi. Einnig eru í boði innihaldsríkar pakkaferðir með íslenskri fararstjórn um allan heim, þar sem farþegar njóta góðs félagsskapar og kynnast menningu og náttúru merkra áfangastaða.

Icelandic Farm Holidays | Ferðaþjónusta bænda | Bændaferðir | www.farmholidays.is | www.sveit.is | www.baendaferdir.is

## Rafvirkjar

**Straumvirki ehf óskar að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema til starfa.**

Framtíðarvinna - næg verkefni framundan.
Vinsamlega sendið umsókn og upplýsingar á netfangið **straumvirki@simnet.is**




# Spennandi starfsvettvangur

Okkur vantar suðumenn og járniðnaðarmenn í framleiðsluna hjá okkur. Annars vegar til að vinna við fjölbreytileg verkefni við smíði úr ryðfríu stáli þar sem áhersla er lögð á TIG suðu og hinsvegar til að vinna við beygjuvélar og suðuþjark eftir vaktafyrirkomulagi. Starfsmenn í framleiðslu vinna í litlum samheldnum og sjálfstæðum liðum sem bera sameiginlega ábyrgð á verkum.

## Suðumenn

**Starfssvið:**

- Smíði og samsetning
- Stilling, prófun og frágangur tækja
- Samskipti við hönnuði

**Hæfniskröfur:**

- Málmiðnaðarpróf eða mikil reynsla af suðu úr ryðfríu stáli
- Reynsla af smíði úr ryðfríu stáli
- Færni í að lesa teikningar er kostur
- Verklagni og gæðavitund

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Pálsson framleiðslustjóri, **bjorn.palsson@marel.com,** í síma 563 8000.

## Járniðnaðarmenn

**Starfssvið:**

- Laserskurður á ryðfríu plötustáli
- Vinna við beygjuvélar og suðuþjark
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af beygjuvélum er kostur
- Færni í að lesa teikningar er kostur
- Verklagni og gæðavitund

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Guðjónsson framleiðslustjóri, **sigurdur.gudjonsson@marel.com,** í síma 563 8000.

Umsóknarfrestur fyrir bæði störfin er til og með **5. október nk**. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 500 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel

10 ÁRA 2004-2014 ALÞJÓÐASKÓLINN á Íslandi

## Alþjóðaskólinn á Íslandi auglýsir eftir metnaðarfullum kennara

Alþjóðaskólinn á Íslandi (The International School of Iceland) er öflugur og vaxandi alþjóðlegur grunnskóli. Við leitum að metnaðarfullum aðila til að bætast í okkar hóp og taka þátt í skemmtilegu og spennandi uppbyggingarstarfi með grunnskólabörnum frá öllum heimshornum.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Kennsluréttindi
- Góð reynsla af að vinna með börnum
- Íslenska sem móðurmál
- Mjög góð enskukunnátta sem gerir viðkomandi kleift að vinna í alþjóðlegu -og tvítyngdu umhverfi
- Fagmennska, sveigjanleiki, stundvísi og heiðarleiki
- Vinnur vel í teymi

**Við bjóðum:**
- Tækifæri til að taka þátt í öflugu frumkvöðlastarfi
- Krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi
- Góðan starfsanda

Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á heimasíðu okkar: **www.internationalschool.is.**

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn ásamt ferilskrá til Hönnu Hilmarsdóttur skólastjóra á netfangið hanna@internationalschool.is, eigi síðar en föstudaginn 2. október, 2015.

## Verkefnisstjóri í Nemendaþjónustu Verkfræði- og náttúruvísindasvið

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands leitar að verkefnisstjóra framhaldsnáms í Nemendaþjónustu sviðsins.**

**Nemendur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru um 2.300 talsins. Um 500 nemendur eru í framhaldsnámi, fjórðungur þeirra er erlendur. Doktorsnám hefur þróast hratt á undanförnum árum við sviðið og hefur doktorsnemum fjölgað mikið. Í dag eru þeir 150 talsins.**

### Starfssvið
- Umsjón með umsóknum og námsferlum framhaldsnema
- Þátttaka í fjölbreyttum verkefnum Nemendaþjónustu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Samhæfing rannsóknanáms við rekstur rannsókna
- Þróun vinnuferla framhaldsnáms
- Þátttaka í gerð kennsluskrár
- Umsjón með skiptinámi
- Þjónusta við nemendur og leiðbeinendur

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði starfa um 360 manns við rannsóknir á heimsmælikvarða og við fjölbreytta og metnaðarfulla kennslu. Starfsumhverfi er alþjóðlegt enda eykst sífellt hlutfall erlendra nemenda og starfsmanna við sviðið. Rannsóknarstofnanir sviðsins eru eftirsóttir samstarfsaðilar erlendra háskóla og gegna veigamiklu hlutverki í vísindasamfélaginu. Þetta eru Verkfræðistofnun, Líf- og umhverfisvísindastofnun og Raunvísindastofnun. Háskóli Íslands er í hópi 300 bestu háskóla heims samkvæmt nýjum matslista Times Higher Education.

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, gerð er krafa um meistarapróf
- Þjónustulund og afbragðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Skipulagshæfni og frumkvæði í starfi

Æskilegt er að viðkomandi hafi doktorspróf.
Reynsla af verkefnastjórnun og gæðastjórnun er kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2015.**

Nánari upplýsingar veitir **Guðrún Helga Agnarsdóttir,** kennslustjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, í síma **525 4646, ulla@hi.is**

Sjá nánar **www.hi.is/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 154538

# Áhugaverð störf hjá alþjóðlegu fyrirtæki

## Verkefnastjóri á sviði upplýsingatækni.

**Starfið:**
Marel leitar að verkefnastjóra á sviði upplýsingatækni. Starfið felur í sér verkefnastjórn teyma og verkefna sem eru unnin í samstarfi við innri viðskiptavini, sölu- og þjónustunet og framleiðslu Marel.

**Helstu verkþættir:**
- Verkefnastjórn fjölbreyttra upplýsingatækniverkefna.
- Gerð tímalína verkefna, upplýsingamiðlun, kostnaðaráætlun og skýrslugerð um framgang verkefna.
- Áhættumat og mat á fýsileika verkefna.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði upplýsingatækni eða viðskiptafræði og menntun í verkefnastjórnun.
- Lágmark 3ja ára reynsla sem verkefnastjóri.
- Mjög góð enskukunnátta, í skrifuðu og mæltu máli.
- Þekking/reynsla á sviði tækni eða framleiðslu er kostur

Umsóknarfrestur er til og með **4. október 2015.** Nánari upplýsingar um starfið er að finna á marel.com eða hjá Martin van Wettum, **martin.wettum@marel.com** / Sigríði Þrúði Stefánsdóttur, **sigridur.stefansdottir@marel.com.** Sími 563-8000

## Sérfræðingur í tækjahugbúnaðargerð.

**Starfið:**
Marel óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við tækjahugbúnaðargerð, hönnun og forritun í söluverkefnum.

**Helstu verkþættir:**
- Tækjahugbúnaðargerð, hönnun og forritun stýringa og lausna fyrir vinnslukerfi.
- Prófanir á tækjum og kerfum ásamt uppsetningu, prófunum og innleiðingu kerfa hjá viðskiptavinum um allan heim.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða iðnmenntun.
- Þekking á C, C++, C#, LUA eða skriftumálum er æskileg, önnur forritunarmál kostur.
- Þekking á iðnstýringum (PLC) er kostur.
- Mjög góð enskukunnátta, í skrifuðu og mæltu máli.
- Þekking/reynsla á sviði tækni eða framleiðslu er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með **11.október 2015** Nánari upplýsingar um starfið er að finna á marel.com eða hjá Sigurpáli Jónssyni, **sigurpall.jonsson@marel.com.** Sími 563 8000.

**Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, marel.com/jobs.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 500 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel



# KLÁR Í KOLLINUM?

## NÚ ÞURFUM VIÐ AÐ FJÖLGA STARFSMÖNNUM Í ÚTILÍF

Eru þjónustulund, jákvæðni, vilji til að læra og gera enn betur á morgun þínir styrkleikar? Þá gætir þú verið rétti starfsmaðurinn fyrir okkur. Við erum einmitt núna að leita að röskum sölumönnum **í fullt starf.**
Viðkomandi þurfa að hafa brennandi áhuga á að selja vörur í útivistar-, skó- og sportdeild.

### HÆFNISKRÖFUR

- Þjónustulund, dugnaður og jákvæðni
- Áhugi á íþróttum og útivist
- Reynsla af sölustörfum æskileg

### UMSÓKNIR OG FRESTUR

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ítarlegri ferilskrá á utilif@utilif.is merkt „þjónustulund" fyrir 2. október.

**ÚTILÍF ER ÖFLUGT SMÁSÖLUFYRIRTÆKI Á SVIÐI ÍÞRÓTTA OG ÚTIVISTAR**

Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Glæsibæ, Kringlunni og Smáralind.

Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavini er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á liðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins. Lykillinn að velgengni í starfi hjá Útilíf er framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti.

Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum.

ÁRNASYNIR

ÚTILÍF *síðan 1974*

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

## Starfsmaður í bílaþrif

BÍLARÉTTING & SPRAUTUN SÆVARS

Óskum eftir starfsmanni í bílaþrif og önnur verkefni hjá Bílaréttingum og sprautun Sævars. Okkur vantar að bæta við okkur aðila í nú þegar flottan hóp starfsmanna. Góðir tekjumöguleikar fyrir duglega og metnaðarfulla einstaklinga.

**Umsóknir sendist á bilaretting@bilaretting.is merktar „Atvinna".**

## Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

### Leikskólinn Kópahvoll

**Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri**

Leikskólinn Kópahvoll tók til starfa árið 1970 og er staðsettur á fallegum stað í austurbæ Kópavogs, við Vighól sem er friðað leik- og útivistarsvæði. Kópahvoll er fjögurra deilda leikskóli og þar dvelja 82 börn. Húsakynni og umhverfi leikskólans bjóða upp á spennandi tækifæri til náms og starfa fyrir börn og starfsfólk.

**Ráðningartími og starfshlutafall**

- Ráðið verður í störfin frá 1. janúar 2016.
- 100% starfshlutfall.

### Leikskólinn Efstihjalli

**Aðstoðarleikskólastjóri**

Efstihjalli er fimm deilda leikskóli í grónu hverfi og í göngufæri við Fossvogsdal, Kópavogsdal og Digraneshæð. Húsakynni og umhverfi leikskólans bjóða upp á spennandi tækifæri til náms og starfa fyrir börn og starfsfólk

**Ráðningartími og starfshlutafall**

- Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.
- 100% starfshlutfall.

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www. kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# INNKAUPAFULLTRÚI Í GJAFAVÖRU

## PENNINN EYMUNDSSON

### STARFSSVIÐ

- Samskipti við erlenda og innlenda birgja
- Vinnsla pantana, birgðaskráning/vörunúmeraskráning
- Fylgjast með vöruframboði og veltuhraða
- Þjónusta við söludeildir og verslanir
- Vinna að innkaupaáætlun í samvinnu við vörustjóra
- Önnur tilfallandi verkefni

### HÆFNISKRÖFUR

- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á ensku, talaðri og ritaðri

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Halldórsdóttir, hildurh@penninn.is.

Áhugasömum er bent á að sækja um á heimasíðu Pennans og er umsóknarfrestur til 4.október nk.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36

Penninn Eymundsson

VÉLAVERKSTÆÐID KISTUFELL
TANGARHÖFÐA 13
SÍMI 577 1313

## Bifvélavirki óskast til starfa

Okkur vantar bifvélavirkja til að vinna við almennar viðgerðir. Við erum að mestu sérhæfðir í viðgerðum á vélum.

Upplýsingar og umsóknir: **kistufell@kistufell.com**

## Mjólkursamsalan óskar eftir rafiðnfræðingi eða rafvirkja

Um er verið að ræða framtíðarstarf við rekstur og viðhald á ýmsum raf- og stjórnbúnaði í starfsstöð fyrirtækisins í Reykjavík.

- Viðkomandi þarf að hafa próf í Rafiðnfræði eða Rafvirkjun.
- Enskukunnátta nauðsynleg.

Umsóknir berist á netfangið sigurdurs@ms.is .
**Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. október 2015.**

## Aðstoðarmaður bakara eða bakaranemi óskast

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, vinnutími frá 5:00 til 13:00 og aðra hverja helgi. Áhugasamir sæki um á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is merkt **ATVINNA**.

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

## Sólóhúsgögn ehf óska eftir framleiðslustjóra í trésmiðju sína Tréborg ehf.

Umsækjandi þarf að vera lærður húsgagnasmiður eða húsgagnasmíðameistari með mikla reynslu. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni framundan. Góð laun í boði.

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá á netfangið **treborg@treborg.is**

Sólóhúsgögn
Tréborg

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Leikskólinn Akrar**
- leikskólakennari/leiðbeinandi

**Leikskólinn Bæjarból**
- leikskólakennari/leiðbeinandi

**Leikskólinn Hæðarból**
- leikskólakennari eða uppeldismenntaður starfsmaður

**Álftanesskóli**
- grunnskólakennari á elsta stigi
- starfsmaður í tómstundaheimili

**Hofsstaðaskóli**
- starfsmaður í tómstundaheimili

**Bókasafn Garðabæjar**
- starfsmaður í 50% starf

**Íþróttamiðstöðin Ásgarður**
- starfsmenn í vaktavinnu

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## GETUM VIÐ BÓKAÐ ÞIG?

★ ★ ★

serrano
FRESH ★ HAPPY ★ MEX

Serrano Ísland ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í bókhalds- og fjármáladeild. Um er að ræða 60% starf með möguleika á auknu starfshlutfalli. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með **5. október n.k.** Umsóknir skulu berast á atvinna@serrano.is

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Öll almenn bókhalds- og launavinnsla
- Utanumhald og afstemmingar bókhalds
- Aðkoma að uppgjörum
- Þátttaka í mótun verkferla
- Gerð stjórnendaupplýsinga
- Samskipti við hagsmunaaðila innan sem utan fyrirtækisins
- Önnur verkefni í samráði við Fjármálastjóra

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða / Löggiltur aðalbókari
- Starfsreynsla af bókhaldsstörfum, afstemmingum og uppgjörsvinnu
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni
- Góð samskiptahæfni
- Þekking og reynsla á DK og/eða Navision
- Mjög gott vald á Excel
- Gott vald á íslensku og ensku

**Serrano er framsækin íslensk skyndibitakeðja sem leggur áherslu á hollustu og hágæða hráefni. Í dag eru starfræktir átta Serrano staðir á höfuðborgarsvæðinu og einn á Akureyri.**

## Íslensk erfðagreining

er í fararbroddi rannsókna á erfðum algengra sjúkdóma. Fyrirtækið býður starfsmönnum upp á mikla möguleika á starfsþróun og símenntun í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda.



# Sérfræðingur í innkaupum og vörustjórnun

**Starfssvið:**
- Innkaup og eftirfylgni á pöntunum á vörum og þjónustu
- Samskipti við birgja og flutningsaðila
- Tölvuvinnsla og skráningar
- Önnur tilfallandi störf í innkaupum/bókhaldi
- Aðstoð og afleysing á lager

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi
- Sjálfstæði, nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta, kunnátta í Navision og Excel skilyrði
- Gott vald á íslensku og ensku bæði í töluðu og rituðu máli

Umsóknir skulu fylltar út á **www.decode.is** fyrir lok dags 4. október 2015 með ferilskrá og stuttu kynningarbréfi í viðhengi.

**Frekari upplýsingar veitir:**
Guðrún Blandon, gudrun.blandon@decode.is

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

www.decode.is

# Við leitum að snillingum í samskiptum

## Vegna aukinna umsvifa þurfa **Momentum** og Gjaldheimtan að bæta við sig öflugum einstaklingum

**MARKAÐS- OG SÖLUFULLTRÚAR**

Starfið felst í því að kynna og selja þjónustu fyrirtækjanna í víðtækum skilningi. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af markaðs- og/eða sölustörfum og yfirgripsmikla þekkingu á markaðnum. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að starfa undir álagi, hafa ríka þjónustulund og mikla sölu-hæfileika. Laun eru að hluta árangurstengd.

Momentum og Gjaldheimtan bjóða upp á lífleg en um leið krefjandi störf í ört vaxandi umhverfi. Starfsfólk okkar er jákvætt, öflugt og reynslumikið og leitum við að nýju fólki til þess að bætast í okkar góða hóp.

Umsækjendur sendi ferilskrá á umsoknir@momentum.is eigi síðar en þriðjudaginn 9. október 2015.

Bent er á upplýsingar um félögin á www.momentum.is og www.gjaldheimtan.is

GJALDHEIMTAN löginnheimta
MOMENTUM greiðslu- og innheimtuþjónusta
Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

argus



# GÆÐASTJÓRI

**Fjármálaeftirlitið leitar að kraftmiklum gæðastjóra með reynslu af verkefnastjórnun.**

Undanfarin ár hefur Fjármálaeftirlitið unnið að sérstökum umbótaverkefnum sem miða að því að styrkja innviði stofnunarinnar. Til að fylgja eftir því öfluga starfi leitum við að aðila sem hefur góða þekkingu og reynslu á rekstri og þróun gæðakerfa sem byggjast á ISO 9001 og ISO 27001 gæðastöðlum. Um er að ræða spennandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem sjálfstæði, samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar fá að njóta sín.

### Starfssvið
- Innleiðing, rekstur og þróun gæðastjórnunarkerfis stofnunarinnar
- Skipulagning og umsjón gæðastjórnunar og innri úttektir
- Skjalfesting verkferla og viðhald þeirra í samráði við stjórnendur
- Stefnumótun og áætlanagerð tengd gæðamálum
- Verkefnastjórnun
- Upplýsingagjöf og fræðsla um gæða- og verkefnastjórnun

### Menntunar- og hæfnikröfur
- Háskólamenntun í gæðastjórnun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Háskólamenntun og/eða vottun í verkefnastjórnun kostur
- Haldgóð þekking og reynsla af gæðastjórnun samkvæmt ISO stöðlum nauðsynleg
- Reynsla og þekking af fjármálamarkaði kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með starfinu hafa Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir framkvæmdastjóri rekstrarsviðs (ingibjorg@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. október nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Talmeinafræðingur

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar óskar eftir að ráða talmeina-fræðing með löggild starfsréttindi til starfa í fullt starf frá 15. október 2015 – 15. október 2016.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er þjónustumiðstöð, með um 20 starfsmenn, fyrir sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum bæjarins auk þess að annast stjórnsýslumálefni skólakerfisins hjá sveitarfélaginu.

**Meginverkefni talmeinafræðings er:**
- að annast greiningar barna í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar,
- að veita foreldrum og starfsfólki leik- og grunnskóla ráðgjöf,
- fagleg forysta í málefnum varðandi málþroska og talmeinaþjónustu barna,
- almenn umsýsla með málaflokknum hjá sveitarfélaginu.
- teymisvinna við aðra sérfræðinga skrifstofunnar

Talmeinafræðingur mun starfa í teymi fagfólks á Skólaskrif-stofunni sem sinnir margvíslegri sérfræðiþjónustu við börn og nemendur í leik- og grunnskólum þar sem áreiðanleiki, vinnusemi, frumkvæði, ábyrgð, þekking og reynsla af starfi með börnum og lipurð í samskiptum eru mikilvægir eiginleikar í starfi.

Um er að ræða eins árs tímabundna afleysingu með hugsan-legum möguleika á framlengingu ráðningar að þeim tíma loknum. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi.

Upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Þorvarðarson, deildarstjóri á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (eirikurth@hafnarfjordur.is).

Sótt er um starfið í gegnum ráðningarvef Hafnarfjarðar www.hafnarfjordur.is. Með umsóknum skal fylgja starfs- og menntunarskrá (CV) auk greinargerðar um faglegar áherslur í starfi. **Umsóknarfrestur til 10. október 2015.**

***Fræðslustjórinn í Hafnarfirði.***



ICELANDIC INSTITUTE FOR INTELLIGENT MACHINES
VITVÉLASTOFNUN ÍSLANDS

**Icelandic Institute for Intelligent Machines (IIIM)**

has an immediate opening for a **Project Manager,** for a duration of 12 months, with possibility of extension.

The successful applicant will work with a brilliant team of researchers and software developers working with industry and academia to invent the future. The Project Manager will support the team, covering a variety of tasks:

- **Media**
  - Production of marketing material (e.g. IIIM Newsletter, advertisements)
  - Write news blurbs for public website, facebook, twitter
  - Manage video documentation of events, Youtube channel, other online media
- **Human Resources & Administration**
  - Documentation
  - Digital filing
  - Personnel files, job applicants, new employees, visas
- **Coordination & Communication**
  - Annual AI Festival
  - Student Career Days (Framadagar)
  - Help with grant proposal submissions
  - Participants in IIIM's Accelerator Program

**Qualifications / requirements:**
- Strong communication and organizational skills
- Strong marketing and PR skills
- Thorough knowledge of general office procedures, technologies, equipment and software (Word processing, spreadsheets & graphics)
- Previous experience with research, grant application process and working in academic environment is a plus
- Proficiency in the English language; rudimentary Icelandic skills
- Uncanny ability to see what needs to get done when; independence

Qualifying applicants should send their complete resume to jobs@iiim.is by October 3rd 2015.

# ATVINNA

Verktaki óskar eftir 2 mótasmíðum í tímabundið verkefni í uppslátt í Garðabæ.

Upplýsingar í síma 661 3700 / 820 2188.

## SNYRTISTOFA TIL LEIGU

Til leigu snyrtistofa með forkaupsrétti. 30 ára viðskiptavild. Nánari upplýsingar veitir Hulda í s: 862-3310

## Rafvirkjar

**Straumvirki ehf óskar að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema til starfa.**

Framtíðarvinna - næg verkefni framundan. Vinsamlega sendið umsókn og upplýsingar á netfangið **straumvirki@simnet.is**

## Framsækið fyrirtæki á sviði vefnaðar óskar eftir starfsfólki

VONTA ICELAND

**Fyrirtækið heitir Vonta International ehf. og er staðsett á Vík í Mýrdal. Fyrirtækið saumar margvíslegan varning, m.a. peysur, húfur o.fl. Vík í Mýrdal er huggulegur og rólegur bær á Suðurlandi. Öll aðstaða og þjónusta er til fyrirmyndar í bæjarfélaginu og leiguverð með lægra móti.**

**Hafir þú áhuga á að sækja um eða fá frekari upplýsingar þá ekki hika við að hafa samband með tölvupósti á vonta@vonta.is.**

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Matráður í leikskólann Austurkór
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennarar í leikskólann Læk
- Leikskólasérkennari / þroskaþjálfi í leikskólann Grænatún
- Leikskólakennari í leikskólann Arnarsmára
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Arnarsmára
- Leikskólakennari í leikskólann Dal (tímabundið)
- Leikskólakennar í leikskólanum Núp

**Grunnskólar**

- Stuðningsfulltrúi í Lindaskóla
- Starfsmaður í dægradvöl í Smáraskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Hörðuvallaskóla

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Gæðastjóri | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201509/975 |
| Verkefnisstjóri framhaldsnáms | HÍ, Verkfræði- og náttúruvísindasvið | Reykjavík | 201509/974 |
| Sérfr. á skrifstofu Heilbrigðisþj. | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201509/973 |
| Þyrluflugmaður | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjavík | 201509/972 |
| Minjavörður Austurlands | Minjastofnun Íslands | Reykjavík | 201509/971 |
| Fulltrúi í þjónustudeild | Lyfjastofnun | Reykjavík | 201509/970 |
| Leyfafulltrúi | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201509/969 |
| Lögfræðingur | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201509/968 |
| Augnlæknir | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Fjarðabyggð | 201509/967 |
| Sjúkraþjálfari | Endurhæfingardeild HSA | Neskaupstað | 201509/966 |
| Rekstrarstjóri fasteigna | Landbúnaðarháskóli Íslands | Hvanneyri | 201509/965 |
| Geislafræðingar | Röntgendeild Landspítala | Reykjavík | 201509/964 |
| Fulltrúi á innheimtusviði | Tollstjóri | Reykjavík | 201509/963 |
| Starfsn. í hjúkr.- og ljósmóðurfr. | Landspítali | Reykjavík | 201509/962 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201509/961 |
| Sérfræðilæknir/almennur læknir | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Þórshöfn | 201509/960 |
| Löglærður aðstoðarm. dómara | Héraðsdómur Reykjavíkur | Reykjavík | 201509/959 |
| Sérfræðilæknir í meinafræði | Landspítali, meinafræðideild | Reykjavík | 201509/958 |
| Sérfr. á sviði efnahagsmála | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201508/900 |
| Læknar í starfsnámi | Landspítali, geðsvið | Reykjavík | 201509/957 |

# STÖRF Í FERÐAÞJÓNUSTU



**Bustravel Iceland – Þingvallaleið ehf. leitar að metnaðarfullum einstaklingum með ríka þjónustulund. Í boði eru störf hjá rótgrónu og traustu fjölskyldufyrirtæki í ferðaþjónustu sem hefur verið starfrækt frá árinu 1960.**

## LEIÐSÖGUMAÐUR

**Starfssvið**

- Leiðsögn í skipulögðum dagsferðum sem fyrirtækið býður upp á.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leiðsögumannspróf eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Aukin ökuréttindi (D-ökuréttindi)
- Góð enskukunnátta
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

**Starfssvið**

- Bókanir í ferðir
- Símsvörun og tölvupóstsamskipti
- Upplýsingagjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli er skilyrði.
- Góð tölvufærni
- Rík þjónustulund og hæfni í mann legum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Tekið er við umsóknum á netfanginu **konrad@bustravel.is**.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

BUSTRAVEL Iceland

L A G A H V O L L

## Lagahvoll óskar eftir að ráða lögfræðing

Í boði er krefjandi og metnaðarfullt starf. Viðskiptavinir stofunnar eru stór og smá fyrirtæki, sem og einstaklingar. Verkefnin eru fjölbreytt í síbreytilegu viðskiptaumhverfi þar sem reynir á sjálfstæði, samskiptalipurð, frumkvæði og ábyrgð.

*Umsóknir sendist á lagahvoll@lagahvoll.is*
*Umsóknarfrestur er til 1. október 2015.*

**Hæfniskröfur:**

- Starfsreynsla er skilyrði
- Reynsla á sviði fyrirtækja- og fjármálalögfræði er æskileg
- Framhaldsmenntun á því sviði er kostur
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði í starfi
- Hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi og undir miklu álagi

Lagahvoll slf. | Bankastræti 5 | 101 Reykjavík | Sími 519 7660 | lagahvoll.is

Sterna TRAVEL

# Spennandi störf í ferðaþjónustu

Sterna Travel er vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu sem býður upp á dagsferðir með leiðsögn allan ársins hring. Á sumrin bjóðum við upp á nýjung í ferðaþjónustu sem er hringpassi í kringum landið. Yfir vetrartímann býður félagið auk þess upp á norðurljósaferðir frá Reykjavík, norður- og austurlandi.

Sterna Travel er með söluskrifstofu og aðstöðu í Hörpu tónlistarhúsi. Vegna aukinna umsvifa leitum við að jákvæðum og samviskusömum samstarfsmönnum með góða þjónustulund í eftirfarandi störf:



## Markaðsstjóri

Leitum eftir öflugum og góðum aðila til að sjá um alhliða markaðsmál, heimasíðu og kynningarefni. Sjálfstæð vinnubrögð, þekking og reynsla á ferðaþjónustumarkaði hérlendis og erlendis eru kostir. Allar umsóknir meðhöndlaðar með 100% trúnaði.

## Sölu- og þjónustufulltrúi

Almenn afgreiðsla, tilboðsgerð og þjónusta.
Jafnframt óskum við eftir starfsfólki í norðurljósateymið okkar. Starfið felst í undirbúning og aðstoð í norðurljósaferðum. Vinnutími er óreglulegur.

## Bifreiðastjóri

Leitum eftir traustum og áreiðanlegum bifreiðastjórum með rútupróf í fullt starf. Getum einnig bætt við okkur bílstjórum í tilfallandi akstur í kvöld- og helgarferðir.

## Bifvélavirki

Leitum eftir að ráða faglærðann starfskraft á verkstæði fyrirtækisins. Vinnan felst í viðhaldi og viðgerðum á bifreiðum fyrirtækisins.

Áhugasamir sendið umsóknir og ferilskrá á **kjartan@sternatravel.com**
Umsóknarfrestur er til 1. Október.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Aðstoðarleikskólastjóri

**Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Brekkuhvamm er laus til umsóknar.**

Leikskólinn Brekkuhvammur er fimm deilda leikskóli með 95 nemendur. Hann er með tvær starfsstöðvar annars vegar við Hlíðarbraut og hins vegar við Smárabarð.
Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að leiða áfram og taka þátt í faglegu leikskólastarfi.
Helstu áherslur í skólastarfinu er m.a. hreyfing og tónlist og innleiðing læsisstefnu sem er í stöðugri þróun. Í Brekkuhvammi er unnið samkvæmt SMT skólafærni.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**
- Aðstoðarleikskólastjóri vinnur að og ber ábyrgð á, ásamt leikskólastjóra, daglegri stjórnun og skipulagningu starfsins og unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans
- Aðstoðarleikskólastjóri er aðstoðarmaður leikskólastjóra og staðgengill hans

**Hæfniskröfur**
- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun æskileg
- Stjórnunarreynsla í leikskóla æskileg
- Færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

Upplýsingar um starfið veitir Inga Fríða Tryggvadóttir, leikskólastjóri í síma 565-4493 eða 664-5853.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. október nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda leikskóla.

*Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.*

NPA MIÐSTÖÐIN

# SKRIFSTOFUSTJÓRI

NPA miðstöðin óskar eftir að ráða skrifstofustjóra, u.þ.b. 50% starf, í fjölbreytileg störf á nýrri skrifstofu félagsins að Hátúni 12, Reykjavík.

NPA miðstöðin er samvinnufélag í eigu fatlaðs fólks sem þarfnast og hefur aðstoðarfólk í sínu daglega lífi. Starf aðstoðarfólks er nefnt notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) og er þjónusta sem skipulögð er af notandanum, borgaranum sjálfum, og byggir á hugmyndafræðinni um Sjálfstætt líf.
Sjá nánar vefsetur NPA miðstöðvarinnar, www.npa.is, um starfsemi hennar og hlutverk.

**Starfssvið:**
- Ábyrgð og daglegur rekstur starfseminnar í samstarfi við stjórn félagsins.
- Samskipti við NPA notendur, sveitarfélög, aðstoðarfólk, o.fl.
- Samningagerð, viðhald samninga og skjala sem varða starfsemina, NPA notandann, sveitarfélög, aðstoðarfólk o.fl.
- Gerð rekstraráætlana og eftirlit.
- Önnur fjölbreytileg verkefni hjá fyrirtæki sem er í þróun og uppbyggingarfasa.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Menntun og/eða reynsla á sviði viðskipta og reksturs.
- Góð færni í notkun og framsetningu rekstrargagna í Excel.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í gerð texta. Kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg.
- Þjónustulund, sjálfstæð vinnubrögð, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður.

Umsóknarfrestur er til og með 9. október 2015. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á npa@npa.is. Til að fá nánari upplýsingar um starfið sendið nafn, tölvupóstfang og símanúmer á framangreint tölvupóstfang og haft verður samband í framhaldinu.

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

## *Við leitum að sprækum*

# ARKITEKTUM

**Vegna fjölda spennandi verkefna framundan óska THG arkitektar eftir að ráða hugmyndaríka arkitekta.**

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra og hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni. Jákvætt viðmót, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum eru mikilvægir eiginleikar og viðkomandi þarf að hafa reynslu af hönnunarvinnu og þrívíddarvinnslu.

Umsóknum fylgi náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti af prófskírteinum. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

***Umsóknir sendist fyrir 4. október á netfangið: ella@thg.is***



THG ARKITEKTAR

*Upplýsingar um THG arkitekta - www.thg.is*

---

# BORG RESTAURANT

-AUGLÝSIR EFTIR FRAMÚRSKARANDI FÓLKI-

Borg Restaurant opnar á ný eftir gagngerar endurbætur á eldhúsi og salarkynnum. Á Borginni eru fjölbreytt starfssvið í boði - allt frá a la carte, veislum, fundum, private dining og morgunverði. Borg Restaurant er staðsettur í einu sögufrægasta húsi landsins í hjarta borgarinnar. Við leitum að:

### MATREIÐSLUMÖNNUM/KONUM

Við leitum að lærðum matreiðslumönnum. Nánari upplýsingar veittar á anita@borgrestaurant.is

### ÞJÓNUM Í VEITINGASAL OG Í VEISLUR

Við leitum að þjónum í veitingasal sem og í veislur. Í boði eru bæði full stöðugildi og hlutastörf. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af þjónustustörfum.
Nánari upplýsingar veittar á freyja@borgrestaurant.is

### STARFSFÓLK/YFIRMANNI Í MORGUNVERÐ

Okkur vantar jafnframt snilling til að sjá um morgunverðinn okkar. Tilvalið fyrir manneskju á besta aldri með reynslu og metnað til að sjá um morgunverðinn. Jafnframt vantar fólk í 100% stöður í morgunverðinn. Æskilegt að viðkomandi tali íslensku.
Nánari upplýsingar veittar á thora@borgrestaurant.is

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

---

# Þjónustustjóri á Tæknisviði

Vilt þú vinna í skemmtilegu og hreinlegu umhverfi? Á Tæknisviði Securitas starfar fjöldi tæknimanna við ýmis sérhæfð störf. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir starfskrafti í starf þjónustustjóra. Við leitum að jákvæðum, kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og leggja sitt af mörkum.

SECURITAS

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur tiltekinnar deildar innan Tæknisviðs
- Verkefnastjórnun
- Verkstýring stærri verka
- Samskipti við viðskiptavini
- Bein stjórnun starfsmanna viðkomandi deildar
- Gerð fjárhags- og starfsáætlana
- Umsjón með reikningagerð vegna útseldra verka og öðrum fjárhagslegum rekstri sem tilheyrir deildinni
- Þátttaka í ákvarðanatöku varðandi stefnumótun og framþróun deildarinnar og Tæknisviðsins í heild

**Hæfniskröfur:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Verkstjórnar- og skipulagshæfileikar
- Geta til að vinna bæði sjálfstætt og undir álagi
- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á rafmagns- og/eða öryggismarkaði er mikill kostur
- Mjög góð kunnátta í íslensku er skilyrði og viðkomandi þarf einnig að búa yfir góðri enskukunnáttu

Starfið hentar jafnt báðum kynjum. Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð og að þeir séu reiðubúnir að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu.
Umsækjendur skulu fylla út umsókn á heimasíðu fyrirtækisins, www.securitas.is
Umsóknarfrestur er til 4. október.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Dögg Höskuldsdóttir, starfsmannastjóri.

Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.

**www.securitas.is**

Ég fer í sund á hverjum degi og sæki félagsvistina og fer í bingó vikulega. Mig er hætt að verkja um allan líkamann og ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð því ef ég er með verk tek ég aukalega af því. Það besta er að börnin mín og tengdabörn segja að ég sé orðin miklu líflegri og hressari. Ég hef meira gaman af því að hitta barnabörnin mín, því ég get veitt þeim betri athygli. Ég hef að auki misst ellefu kíló án þess að reyna það, vegna þess að mér líður betur og ég get hreyft mig óhindrað.“

**FEMARELLE HEFUR HJÁLPAÐ MIKIÐ**

Valgerður Kummer Erlingsdóttir hefur notað Femarelle í nokkurn tíma og finnur nú vel hve miklu máli það skipti fyrir hana að taka það. „Ég var byrjuð að finna fyrir breytingum hjá mér, var farin að svitna mikið yfir daginn og var oft með skapsveiflur. Ég var ekki sátt við þessa líðan, ég fékk hormónatöflur hjá lækninum en var aldrei róleg yfir að nota þær. Mér líður núna svo miklu betur en áður, og jafnvel betur en þegar ég var að nota hormónatöflurnar. Ég tek yfirleitt bara eitt hylki af Femarelle á dag, en stundum tvö þegar ég er í miklum hita á sumrin.“

Valgerður er svo ánægð með Femarelle að hún mælir með því við allar vinkonur sínar. „Ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni.“

**UNDRANDI HVAÐ ÞAÐ VIRKAR VEL**

Gerður Guðjónsdóttir er betri af verkjum í liðamótum og meltingin hefur lagast eftir að hún fór að taka Femarelle. „Mér bauðst að prófa Femarelle fyrir tveimur mánuðum og ég ákvað að slá til. Ég hafði verið með verki í liðamótum og í vöðvum í töluverðan tíma, hélt ég væri komin með liða- og vefjagigt. Einnig hafði ég verið slæm í meltingunni en ég var orðin mjög vön því eftir mörg ár, þannig að það var ekki að angra mig sérstaklega. Eftir um það bil eina viku fann ég fljótlega mun á liðamótunum og var ekki lengur með verki. Þá fór ég að hugsa hvað ég hefði gert öðruvísi en áður, og þá rann upp fyrir mér að það væri inntakan á Femarelle sem var eina breytingin hjá mér.“

Gerður var mjög ánægð að uppgötva að hún fyndi svo fljótt mun á sér, og ákvað að halda áfram að taka Femarelle. „Núna get ég setið lengi við og heklað og prjónað, sem ég gat varla gert lengur. Ég á erfitt með að gleypa hylki, þess vegna tek ég innihaldið úr hylkjunum og blanda með matnum. Eftir um það bil mánuð fann ég líka mjög góða breytingu á meltingunni en þar sem ég hafði verið í mörg ár með slæma meltingu, þá kom þetta mér sérstaklega á óvart og er ég alveg undrandi og mjög glöð að Femarelle skuli virka svona vel á mig,“ segir Gerður.

**SEFUR EINS OG ENGILL**

Ég sá nokkrar auglýsingar í blöðunum um undramátt Femarelle og þar sem ég var farin að finna fyrir miklum hitakófum og svefntruflunum langaði mig að prófa,“ segir Sigríður Elín Thorlacius. „Ég fékk þessi hitakóf nokkrum sinnum yfir daginn og vaknaði við þau tvisvar til þrisvar yfir nóttina. Þessi truflun á svefni fór illa í mig þar sem ég hafði aldrei vaknað á nóttunni fyrr. Ég keypti pakka og sé ekki eftir því. Það tók um það bil þrjár vikur að virka hjá mér svona í fyrsta skipti en eftir það hef ég ekki fundið fyrir hitakófum og sef eins og engill allar nætur,“ segir hún.

„Ég þarf vinnu minnar vegna að ferðast um nokkur tímabelti tvisvar í mánuði og hafði smá áhyggjur af því að þetta rugl með líkamsklukkuna myndi hafa áhrif á Femerelle-notkun mína. Það gerðist ekki, ég sef líka mjög vel erlendis. Ég mæli hiklaust með Femarelle þar sem það er náttúrulegt. Þar sem ég vildi ekki taka inn hormóna var þetta snilldarlausn fyrir mig.“



**LÍÐUR BETUR** Femarelle hefur hjálpað Valgerði mikið en hún fann áður fyrir skapsveiflum og svitnaði mikið. MYND/GVA



**MUN SÁTTARI** Eva Ólöf Hjaltadóttur hefur endurheimt fyrra líf eftir að hún fór að taka Femarelle og er mun hressari nú.



**ÁNÆGÐ** Soffía getur ekki ímyndað sér hvernig henni liði í dag ef hún hefði ekki kynnst Femarelle.



**ÁNÆGÐ MEÐ LÍFIÐ** Gerður var ánægð að uppgötva að hún fyndi svo mikinn mun á sér eftir að hún hóf að taka inn Femarelle.




**DÁSAMLEGT UNDRAEFNI**

„Ég ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur eftir að hafa lesið frásögn konu í blaði þar sem hún lýsti ánægju sinni með vöruna,“ segir Soffía Káradóttir sem á þeim tíma var að byrja á breytingaskeiðinu en vildi ekki nota hormóna. „Ég fann fyrir hitakófum, fótaóeirð, skapsveiflum, líkamlegri vanlíðan og vaknaði oft upp á nóttunni.“

Eftir að Soffía hafði tekið Femarelle inn í aðeins tíu daga hurfu öll einkenni breytingaskeiðsins. „Nú fæ ég samfelldan svefn, finn ekki lengur fyrir hitakófum eða fótaóeirð og líður mun betur á allan hátt og er í góðu jafnvægi.“ Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar. „Ég mæli með því að allar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle.“

**FEMARELLE ER ÖRUGGUR KOSTUR FYRIR KONUR**

**Vinnur á einkennum tíðahvarfa.**

- **Slær á óþægindi eins og hitakóf, höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum.**
- **Þéttir beinin.**
- **Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef.**
- **Náttúruleg vara, unnin úr soja og inniheldur tofu-extrakt og hörfræjaduft.**
- **Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða.**
- **Staðfest með rannsóknum sem fram hafa farið síðustu þrettán ár.**

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** *Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.*

IceCare

# SARDINÍA – EYJA Í SÉRFLOKKI

**Á FERÐALAGI** *Flestir sem koma einu sinni til Ítalíu vilja fara þangað aftur. Maturinn, vínið, arkitektúr, saga og menning er svo heillandi. Ítalía á marga fallega staði og stundum erfitt að ákveða hvaða stað á landinu ætti að heimsækja. Sardinía er einn af þeim stöðum sem áhugafólk um Ítalíu ætti að prófa. Auðvelt er að komast til Sardiníu frá London Gatwick eða meginlandi Ítalíu.*

Sardinía er næststærsta eyjan í Miðjarðarhafinu á eftir Sikiley. Báðar eru þessar eyjar afar fallegar og notalegar að heimsækja. Þær eru engu að síður á margan hátt ólíkar. Sardinía er afar falleg, gróskumikil eyja. Þar vaxa ólífu- og ávaxtatré í fallegum sveitum og strendurnar eru með þeim bestu sem finnast í Evrópu. Sjórinn er tær og heitur á sumardögum. Maturinn á Sardiníu er unaðslegur, enda eru heimamenn frægir fyrir að nota ferskt og hollt hráefni sem vex allt um kring. Það er því auðvelt að finna mjög góð veitingahús á eyjunni.

Hægt er að fljúga til Sardiníu frá Gatwick flugvelli í London. Ef fólk er fyrirhyggjusamt er hægt að komast þangað á mjög sanngjörnu verði með EasyJet, sérstaklega utan háannatímans. Norðausturhluti Sardiníu hefur ægifagrar strendur og þar er sjórinn grænn eins og í Karíbahafinu. Porto Cervo er við strönd sem nefnist Costa Smeralda. Þangað sækja auðugir snekkjueigendur ásamt Hollywood-stjörnum. Í Porto Cervo eru mörg glæsileg hótel en þau eru ekki ódýr. Hins vegar er ógleymanlegt að koma á þessar slóðir.



**LA MADDALENA** Á þessu svæði er sjórinn fallega grænn og tær. Hann þykir minna á Karíbahafið.



**SARDINÍA** Frá Olbia er hægt að aka um fallega bæi og sveitir. Norðausturhluti Sardiníu er einstaklega fallegt svæði. Þar eru sömuleiðis mjög góð hótel.

Best er að fljúga til Olbia, sem er skammt frá Porto Cervo, taka bílaleigubíl og aka síðan á alla þá fallegu staði sem eyjuna prýðir. Ráðlegt er að skipuleggja fríið og panta hótel með góðum fyrirvara en nauðsynlegt er að dvelja einhverja daga á Costa Smeralda ströndinni. Allir bæir á norðausturhlutanum eru fallegir og spennandi að heimsækja. Má nefna hinn stórbrotna og merka bæ Palau en þar ganga ferjur til hinnar frönsku Korsíku, sem er eyja, skammt frá Sardiníu. Fyrir utan Palau er eyjaklasi er nefnist La Maddalena en þar í kring er sjórinn grænn að lit, kristaltær og fallegur, umkringdur heillandi klettum. Hægt er að fara með ferju í þessa paradís frá Palau sem er afar vinsælt hjá ferðamönnum. Palau er 39 km frá Olbia. Þar skammt frá er nyrsti oddi Sardiníu, Santa Teresa Gallura, en þaðan er hægt að horfa yfir til Korsíku.

Bæirnir á norðausturhlutanum eru hver öðrum fallegri. Þarna er gaman að aka um, stoppa og njóta náttúrunnar um lengri eða skemmri tíma. Ódýrast er að dvelja þar í maí og september á meðan enn er gott veður. Ef ekið er yfir á vesturhluta Sardiníu er vinsæll ferðamannastaður þar sem nefnist Alghero. Þangað koma Svíar, Norðmenn og Bretar mikið en bærinn minnir á hefðbundna sólarströnd, öfugt við það sem býðst á Costa Smeralda ströndinni.

Á leiðinni til Alghero má sjá marga víðfeðma vínakra en Sardiníubúar eru ákaflega stoltir af eigin vínrækt og bjóða einungis upp á heimavín á veitingahúsum. Vínviðurinn á sér langa sögu og vínið þykir einstaklega gott. Þá framleiða þeir sinn eigin bjór sem þykir sömuleiðis góður. Hann nefnist Ichnusa og hefur verið framleiddur frá árinu 1912. Íbúar Sardiníu eru langlífir og er það þakkað hollum mat og góðu víni. Eitt af einkennum í matargerð er Carta di musica, það er stökkt, þunnt flatbrauð sem alltaf er borið fram með mat. Á brauðið setja þeir gæða ólífuolíu og jafnvel smávegis salt.

Höfuðborg Sardiníu er Cagliari. Hún er syðst á eyjunni. Vegir eru góðir svo auðvelt er að aka eftir þeim. Á leiðinni er upplagt að stoppa í fjallaþorpum og skoða hið raunverulega líf eyjaskeggja. Hafa þarf í huga að síesta er á milli 13-17 á daginn. Þá er enginn utanhúss. Það tekur tæpar þrjár klukkustundir að aka frá Olbia til Cagliari. Rétt fyrir utan Cagliari er falleg, hvít strönd, Porto Pirastu, þar sem er ægifagurt útsýni. Víða í bæjum á Sardiníu er hægt að fara í bátsferð en skemmtilegt er að skoða landið frá sjó. Sardinía liggur í vestri séð frá Róm og Napólí. Ferjur ganga á milli lands og eyjar.



**GÓÐUR MATUR** Á Sardiníu eru frábær veitingahús og maturinn einstaklega ljúffengur.



## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

myranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

**HÓTEL OG GISTIHEIMILI ATHUGIÐ - RÝMINGARÚTSALA.**
Erum með rýmingarútsölu á vörum eins og handklæðum, lökum, sængum og fleira. Gæðavörur á hlægilegu verði.
Upplýsingar í síma 861-7375 eða ctc.is

## tapað / fundið

# Þessari kjarnaborvél var stolið!



**Fundarlaun 500 þúsund.**

**Fundarlaun í boði.**
**Upplýsingar í síma 840-7740 og 840-7744**

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Harmonikur frá 40 þús. Harmonikukennsla. Pokar og ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald



**ÍRSK SETTER HVOLPAR**
Til sölu írsk setter hvolpar frábærir heimilis og veiðihundar. Sjá helguhlidar.net Uppl. í s. 8988621 Egill eða Margrét 8652320



**GRINDARBÚR Á GÓÐU VERÐI**
Stærð 61 cm verð 6.990,-
Stærð 76 cm verð 8.990,-
Stærð 91 cm verð 10.990,-
Stærð 107 cm verð 12.990,-
Stærð 122 cm verð 14.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969
Félag allra hundeigenda

**VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA**
www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www.voff.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**
**S. 690 3031 / 661 7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán, auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m. S: 661-6800

**TIL LEIGU GLÆSILEGT 250 M2 SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Í HAFNARFIRÐI.**
Stórt opið rými, tvær sér skrifstofur, fundarherbergi og kaffistofa.
Getur leigst með húsgögnum. Möguleiki á viðbótarrými á sömu hæð. Laust nú þegar. Hagstætt leiguverð.
**Upplýsingar í síma 898 7820 og á www.leiga.webs.com**

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkur 20 - 46 m2 rými laus eða að losna í snyrtilegu húsnæði. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Hausttilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Til leigu 90fm geymsluhúsnæði í miðbæ Mosfellsbæjar, göngu og keyrsluhurð. Húsnæðið er laust til afhendingar. Uppl. gefur Ólafía í s. 660 4481

**GEYMSLUHÚS.IS**
Hjólh, húsb, fellih, Camper, bílar, upph,húsn. S. 770-5144

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR**
óskar eftir duglegum starfsmanni í eldhús. Í boði er hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla. Góð laun í boð fyrir réttan aðila. Þarf að hafa náð 20 ára aldri.
**Allar upplýsingar og ferilskrá sendist á 10dropar@gmail.com**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

Óskar eftir duglegum starfsmanni alla virka daga í Bakaríið Kornið á Tjarnarvöllum í Hafnarfirði. Áhugasamir sendi umsókn á tölvupóstinn umsokn@kornid.is

Paradís
ICE CREAM PARLOR

**ÍSBÚÐIN PARADÍS**
óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf, vinnutími er frá 15-23. Óskum einnig eftir fólki um helgar.
**Nánari upplýsingar í s. 781 4970 eða alexandravestmann@gmail.com**

**HEIMILISHJÁLP ÓSKAST!**
Barngóð, sveigjanleg og heiðarleg manneskja óskast til að sjá um heimilisþrif á umfangsmiklu heimili. Starfstími sveigjanlegur en gjarnan kl 12-18 með möguleika á að geta verið einstaka kvöld með stálpuðum börnum heimilisins. Viðkomandi þarf að vera með eigin bíl til umráða. 70% starfshlutfall.
Vinsamlega sendið kynningarbréf til heimilishjalp@yahoo.com

**LEIKSKÓLINN UNDRALAND EHF**
Lítill einkarekinn leikskóli í Kópavogi óskar eftir starfsmanni í hlutastarf.
Þarf að vera jákvæður, stundvís og hafa gaman af samskiptum við fólk. Íslenskukunnátta skilyrði, ekki yngri en 20 ára. Vinnutími frá kl 9.30 Þarf að geta byrjað strax.
**Uppl. í síma 554-0880 Bryndís og Sonja.**

GINGER

**GINGER**
óskar eftir hressu fólki í hlutastörf í eldhús frá 10:30 - 15:00 alla virka daga.
Ef þú ert 18 ára eða eldri, reyklaus og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17, milli kl. 14-16 virka daga.

Traust fyrirtæki óskar eftir smiðum vönum sumarhúsasmíði og gifsvinnu. S. 771 9713 Haukur.

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel með skóla eða annarri vinnu. Föst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

Starfsfólk óskast til ræstingarstarfa 2x í viku. Uppl.sendist á tilraun13@gmail.com

Smidur óskast í inniverkefni. Uppl. í síma 664 5900.

Óska eftir manni í vinnu í vélsmiðju. Kunnátta í suðu á stáli æskileg. Requesting a man at work in metal workshop. Skills in the welding of steel desired. Info: 8981490/8918514

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Reglusamur maður um fertugt óskar eftir vinnu, vanur þjónustu, lager, bíla og verkst. störfum, er með vélstj. réttindi og meira próf. Uppl. s. 777 0078.

# TILKYNNINGAR

## skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR**
**LAUGARDAGINN 26. SEPT**
11:35 TOTTENHAM - MAN.CITY
13:50 LIVERPOOL - ASTON VILLA
13:50 MAN.UNITED - SUNDERLAND
16:20 NEWCASTLE UNITED - CHELSE

**SUNNUDAGINN 27. SEPT**
14:50 WATFORD - CRYSTAL PALACE

**HLJÓMSVEITIN AMIGOS**



ARNAR FREYR, JÓN BORGAR, JÓHANN OG JÓN KJARTAN SPILA UM HELGINA.
Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina
**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin**

## til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**SKYNDIKYNNI? SÍMASEX?**
RauðaTorgið.is

# Vandaðar veflausnir

Traustur hópur starfsmanna TM Software greinir þarfir og væntingar viðskiptavina sinna þegar kemur að veflausnum fyrirtækja. Hópurinn hefur einnig komið að fjölda notendaprófa sem framkvæmd eru á vefsvæðum viðskiptavina.



Anna Signý Guðbjörnsdóttir, viðmótssérfræðingur og vefráðgjafi hjá TM Software, segir að notendapróf séu ómissandi hluti af vefþróun. MYND/GVA

TM Software býður upp á fjölbreytta ráðgjöf og greiningu í veflausnum fyrir allar stærðir fyrirtækja. Teymið sem starfar hjá Veflausnum TM Software telur hátt í 40 úrvals starfsmenn sem hafa m.a. sérhæft sig í notendaupplifun, notendaprófum, aðgengismálum, leitarvélabestun, vefmælingum og fleiri þáttum að sögn Önnu Signýjar Guðbjörnsdóttur, viðmótssérfræðing og vefráðgjafa hjá TM Software. „Fyrsta skrefið er að greina vefsvæði viðskiptavinarins, við greinum þarfir hans og væntingar og hvað samkeppnisaðilar hans eru að gera í vefmálum sínum. Við veitum ráðgjöf varðandi ýmis mál eins og aðgengi og notendaupplifun og við vinnum alltaf í ítrunum með viðskiptavininum, til að veflausnin uppfylli væntingar og þarfir.“

Starfsmenn Veflausna TM Software gera vefsvæði frá grunni og sjá um hönnun, forritun og flest allt sem tengist vefmálum. „Við hugsum mikið út í það að gera vefi og netverslanir notendavænar, þ.m.t. að útrýma flöskuhálsum sem geta t.d. leynst á greiðslusíðum netverslana. Við sérsníðum netverslanir og kaupferli sem henta viðskiptavinum okkar og hönnum kaupferlin út frá notendamiðari hönnun. Við leggjum einnig mikla áherslu á að notendur finni fyrir öryggi í netverslunum viðskiptavina okkar.“

## Gagnlegar prófanir

Starfsmenn aðstoða einnig viðskiptavini við að setja upp eigin notendapróf og hafa komið að fjölda notendaprófa sem framkvæmd eru á vefsvæðum viðskiptavina. „Við höfum m.a. hjálpað viðskiptavinum okkar að ákveða hvaða þætti síðunnar og virkni eigi að prófa, fylgst með notendaprófum og túlkað niðurstöður þeirra svo hægt sé að nýta þær í áframhaldandi vinnu við að bæta vefsíðuna,“ bætir Anna við.

Sem dæmi nefnir hún spjaldaflokkun sem er fyrst og fremst notuð til að fá endurgjöf á uppröðun vefsins, þ.e. á veftrénu eða leiðarkerfinu. „Við höfum fengið hagsmunaaðila vefsíðna til að framkvæma svona próf eða fengið almenna notendur til þess, en þessi aðferð gerir notendunum kleift að búa til sína eigin uppröðun á vefsíðunni eins og þeim finnst passa best. Til þess eru notuð spjöld sem eru merkt með titli og/eða innihaldi hverrar síðu fyrir sig og notendur raða spjöldunum eftir því hvernig þeim finnst að uppröðun vefsíðunnar ætti að vera.“

Einnig hefur færst í vöxt að framkvæma s.k. A/B notendapróf á vefsíðum. „A/B notendapróf er góð aðferð til að prófa hvort einhver breyting á vefnum, s.s. orðalag eða litur skili sér í meiri eða minni viðbrögðum frá notendum. Til dæmis er hægt að prófa hvort notendur smelli frekar á bláan eða grænan hnapp á vefnum með því að setja upp einfalt A/B próf. Þessi aðferð hefur hjálpað viðskiptavinum okkar að taka erfiðar ákvarðanir varðandi uppsetningu og hönnun vefsíðna, því með svona einföldu prófi sjáum við svart á hvítu hvorri útgáfunni af vefnum notendur svara betur. Þetta eykur ekki einungis gæði vefsins og notendaupplifun hans, heldur getur þetta aukið sölu umtalsvert ef um netverslun er að ræða.“

## Allir jafnir

TM Software framkvæmir einnig aðgengisúttektir á vefsíðum viðskiptavina sinna og fara eftir WCAG (e. Web Content Accessibility Guidelines) viðmiðunarreglunum um aðgengi fyrir fólk með skerðingar eða fötlun. „Aðgengismál eru ótrúlega mikilvæg því að allir, hvort sem þeir eru sjónskertir eða hreyfihamlaðir, eiga að geta notað vefsvæði eins og hver annar. Að fylgja þessum viðmiðunarreglum um aðgengi gerir vefi ekki einungis aðgengilegri fyrir fatlaða og eldri borgara, heldur fyrir alla notendur. Áætlað er að allt að 20% notenda vefsins hafi ákveðnar sérþarfir og með því að tileinka sér þessar reglur ertu ekki einungis að breikka notendahópinn heldur að sjá til þess að allir séu jafnir á vefsvæðinu og geti notað vefinn til fullnustu.“

Nánari upplýsingar um veflausnir TM Software má finna á www.tmsoftware.is.




Björn Ólafur Ingvarsson, Stuart Sveinsson og Þórhalla Austmann Harðardóttir, starfsmenn Exigo. MYND/STEFÁN

# Veflausn sem sparar tíma og peninga

Exigo er ráðgjafa- og lausnafyrirtæki í viðskipta- og upplýsingakerfum. Exigo býður Odoo-heildarlausn í upplýsinga- og bókhaldskerfum fyrir stór og smá fyrirtæki. Það þarf engan sérstakan búnað né uppsetningu til að nota Odoo. Sérfræðingar Exigo hafa áratuga reynslu í lausnum. Odoo er í skýinu þannig að lausnin er aðgengileg hvar og hvenær sem er.

Vefverslun er stöðugt að aukast hér á landi. Fyrirtæki sem bjóða vörur og þjónustu þurfa að vera sjáanleg á vefnum. Björn Ólafur Ingvarsson, framkvæmdastjóri Exigo, segir að fyrirtækið sé með heildarlausn fyrir fyrirtæki sem vilja uppfylla þessar þarfir. „Exigo býður upp á Odoo sem er heildarkerfi,“ segir Björn og heldur áfram. „Odoo inniheldur meðal annars lausnir fyrir bókhald, sölu- og markaðsmál, innkaup, birgðir, mannauð, tímaskráningar, verkbókhald, reikningagerð, innheimtulausnir og það sem mestu máli skiptir, veflausnir, sem skiptast í tilbúna vefverslun og vefsíðu fyrirtækisins.

Að auki er boðið upp á „Mínar síður“ en þar geta viðskiptavinir skoðað viðskiptasögu sína og tengdar upplýsingar,“ segir Björn og ítrekar að það sé lífsnauðsynlegt fyrir nútíma fyrirtæki að vera með góðar veflausnir.

Exigo er ungt fyrirtæki sem byggir á gömlum grunni. Starfsmenn hafa mikla reynslu í upplýsinga- og viðskiptakerfum og er reynslan mæld í áratugum. „Við höfum mikla reynslu í öllum helstu kerfum, eins og Navision, Axapta, Ópusallt, og TOK,“ segir Björn.

## Hentar öllum stýrikerfum

„Vefverslun þarf að virka vel en jafnframt vera einföld og þægileg í uppsetningu og viðhaldi. Það á ekki að þurfa starfsmann í fullt starf til að viðhalda vefversluninni eða vera sí og æ að flytja gögn á milli ólíkra kerfa,“ útskýrir Björn. „Odoo er í skýinu þannig að lausnin er aðgengileg hvar og hvenær sem er. Lausnin er veflausn þannig að hún hentar öllum stýrikerfum og tækjum, tölvum og snjalltækjum. Það þarf engan sérstakan búnað né uppsetningu til að nota Odoo – internetið er allt sem þarf. Hér er sömuleiðis loksins komin lausn fyrir Apple-notendur í bókhalds- og upplýsingakerfum,“ segir hann.

Björn segir að Odoo sé heildarlausn. „Það þýðir að öll kerfin og gögnin eru á einum og sama staðnum. Ekki er verið að miðla eða afrita gögn á milli kerfa né verið að matreiða gögn sérstaklega fyrir vefverslunina. Hún er bara einn hluti af kerfinu,“ útskýrir hann og bætir við. „Vefverslunin er því alltaf að vinna á raungögnum og þannig er tryggt fullkomið samræmi í öllum upplýsingum. Það þýðir líka að söluferlið í vefversluninni er hluti af söluferlinu í Odoo. Pantanir gerðar í vefversluninni eru strax sjáanlegar í sölukerfinu og hafa áhrif á lagerstöðuna. Starfsmenn geta því strax unnið með og afgreitt vefpantanir og þurfa hvorki að flytja né afrita pantanir á milli kerfa né heldur hoppa á milli ólíkra lausna. Einfaldara, skilvirkara og öruggara gerist það ekki.“

## Fjölmargir möguleikar

„Vefverslunin er tilbúin lausn sem einfalt er að sníða að þörfum hvers og eins. Möguleikinn að taka við greiðslu á netinu er auk þess til staðar. Notandinn getur lagað kerfið að sínum þörfum, til dæmis birt ítarupplýsingar með vörum, tengdar vörur eða margar myndir. Möguleikarnir eru fjölmargir, einfaldir og þægilegir. Ekki þarf forritara til að sjá um að uppfæra vefverslunina.

Ávinningurinn af einu heildarkerfi er því augljós. Vinnusparnaðurinn er gríðarlegur þar sem öllum upplýsingum er miðlað á milli ólíkra kerfishluta.“

Björn segir að rekstrarkostnaður sé ekki hár og með góðri heildarlausn sé hægt að draga mjög úr sóun á tíma. „Góðar lausnir styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja,“ segir hann.

Odoo er selt í áskrift. Verðið er fast fyrir hvern notanda og er það sama hvort sem verið er nýta 10, 20 eða 1.000 kerfiseiningar. Odoo býður upp á yfir 2.000 kerfiseiningar.

Aðrar lausnir í Odoo eru verslana- eða afgreiðslulausnir eða svokölluð POS-kerfi. Ekki er þörf á að kaupa sérstök afgreiðslukerfi eða afgreiðslukassa. Nú er einfaldlega hægt að nota spjaldtölvuna sem kassa. Þessa lausn er líka hægt að nota fyrir veitingahús, meðal annars til að halda utan um borðapantanir.

Exigo hefur lausnir sem henta öllum.

### Nokkrir eiginleikar Odoo

- Þegar vara er skráð í sölukerfið eru þær upplýsingar nýttar til að birta í vefversluninni.
- Þegar verði er breytt uppfærist það samstundis í vefversluninni.
- Með Odoo-vefverslun fást allar lausnir sem þarf fyrir reksturinn, eins og bókhaldið, CRM-lausnir, sölu- og markaðslausnir.
- Odoo er fullkomin lausn sem hentar öllum stærðum og gerðum fyrirtækja.
- Odoo er mjög öflug en um leið einföld og þægileg lausn sem notendur eru fljótir að tileinka sér.
- Þegar búið er að skrá inn pöntun á vefnum verða allar aðrar nauðsynlegar skráningar sjálfvirkt til í kerfinu eins og tiltektarseðill fyrir lagerinn og fullgildur sölureikningur fyrir bókhaldið, ásamt nauðsynlegum færslum í bókhaldi.
- Reynslan hefur sýnt að lausnin er afar traust og rekstrarkostnaður í lágmarki.

BORGUN



# Ertu að opna vefverslun?

Með Borgun er einfalt og þægilegt að taka við greiðslum á netinu.

**Þú getur sett upp vefverslun hratt og örugglega í þremur einföldum skrefum.**

1. Farðu inn á borgun.is og finndu kerfi sem hentar þinni vefverslun. Borgun býður upp á tengingar við margs konar vefverslunarkerfi, bæði innlend og erlend.
2. Veldu hvaða greiðslukortum þú tekur við. Með Borgun getur þú tekið við öllum kortum á netinu.
3. Settu upp vefsvæðið og tengdu það við greiðslusíðu Borgunar.

***Kynntu þér málið og fáðu tilboð á borgun.is.***



## VERSLAÐ Á NETINU Á MÁNUDEGI

Mánudagurinn eftir þakkargjörðarhátíðina í Bandaríkjunum er kallaður Cyber Monday eða Netmánudagur. Hugtakið var skapað af markaðsfyrirtækjum og ætlað til þess að fá fólk til að versla á netinu. Föstudagurinn á undan er hinn svokallaði Black Friday sem er einn stærsti dagur bandarískrar verslunar.

Ellen Davies, formaður Félags bandarískra smásala, bjó til orðasambandið Cyber Monday og var það fyrst notað í fréttatilkynningu sem gefin var út þann 28. nóvember 2005 og fjallaði um það að Cyber Monday væri orðinn sá dagur sem mest væri verslað á netinu. Netsala á Cyber Monday árið 2014 var 2,68 milljarðar dollara en var 2,29 milljarðar árið áður.

Tilboð verslana á Cyber Monday gilda einungis í netverslunum og eru oftar í boði smærri verslana. Þau kaup sem gerð eru á Cyber Monday eru mikið til á tískusviðinu en síðustu tvö ár hafa að meðaltali 45 prósent fleiri kaup á fatnaði verið gerð þann dag en á Black Friday. Einnig voru fimmtíu prósent fleiri skókaup gerð á Cyber Monday en á Black Friday.

Cyber Monday er orðinn að alþjóðlegu fyrirbrigði og er hugtakið notað af netverslunum í Argentínu, Kanada, Síle, Kína, Kólumbíu, Danmörku, Þýskalandi, Írlandi, Úganda, Japan, Portúgal, Svíþjóð og Bretlandi.

## ALLAR ÍSLENSKAR NETVERSLANIR

Kjarni.is er eins konar verslunarmiðstöð á netinu en þar er að finna yfirlit yfir nær allar íslenskar netverslanir á einum stað. Síðuna stofnaði kerfisfræðingurinn Þór Sigurðsson en honum fannst þurfa að koma íslenskum vefverslunum undir einn hatt.

Verslununum er skipt niður í flokka. Meðal vinsælla flokka má nefna Barnavörur & leikföng, Fatnaður & skór og Íslensk hönnun en á síðunni eru líka flokkar eins og Matvara, Mótor- & reiðhjól, Ferðalög & afþreying, Símar & spjaldtölvur og Tónlist & tölvuleikir svo eitthvað sé nefnt. Þá er að finna flokk sem heitir Netverslanir á Facebook en þar er að finna aragrúa fjölbreyttra verslana.

Tilgangur síðunnar er að auðvelda eigendum þeirra að koma sér á framfæri og auðvelda um leið netverjum að finna það sem þeir leita að. Á sama tíma er markmiðið að styrkja íslenska verslun og atvinnulíf. Þeir sem reka netverslun geta skráð hana með einföldum hætti á síðuna.



## SKRÍTIN KAUP

Reglulega má sjá undarlega hluti auglýsta til sölu í netheimum. Á síðunni www.therichest.com er að finna skondna samantekt á mjög svo undarlegum hlutum sem boðnir hafa verið upp á Ebay.

**Draugur í flösku**

Krukka sem átti að hafa fundist í aflögðum kirkjugarði og sögð ásótt af draugum, var boðin upp á Ebay af seljanda frá Arkansas. Hæsta boð var rétt um 56.000 dollarar eða um það bil 717.000 krónur, þegar uppboðinu var lokað. Seljandi krukkunnar sagðist ásóttur af draugnum í krukkunni og tók skýrt fram að hann yrði ekki ábyrgur fyrir því sem gæti komið fyrir nýjan eiganda krukkunnar. Kaupandinn greiddi aldrei.

**Andsetin önd**

Foreldrar barns auglýstu leikfangaönd til sölu á Ebay sem þau sögðu andsetna. Barnið þeirra hagaði sér einnig eins og andsetið þegar öndin væri nálæg svo fjölskyldan hefði meira að segja leitað aðstoðar prests. Einnig tóku þau skýrt fram að þau afsöluðu sér allri ábyrgð á því sem gæti hent nýjan eiganda andsetnu andarinnar. Hún seldist samt, og á 107,50 dollara eða um það bil 13.800 krónur.

**Kornflaga í laginu eins og Illinois**

Ættjarðarást Ameríkana eru engin takmörk sett, í það minnsta ekki Texasbúans sem keypti litla kornflögu á 1.350 dollara af systrum frá Virginíu á Ebay, eða um það bil 172.800 krónur. Hann ætlaði flöguna, sem var í lögun eins og Illinois, í farandsafn sitt en hann safnaði hlutum sem tengdust Ameríku.





# VIÐ SVÖRUM SÍMANUM
# ALLTAF MEÐ BROS Á VÖR

## 365

INTERNET 170GB
HEIMASÍMI*
100 MÍNÚTUR
SKJÁREINN**
SJÓNVARP 365
6 BÍÓMYNDIR Í HVERJUM MÁNUÐI
9 ERLENDAR STÖÐVAR
**STÖÐ 2**
**STÖÐ 2 MARAÞON**
STÖÐ 3
BÍÓSTÖÐIN
GULLSTÖÐIN
KRAKKASTÖÐIN
BRAVÓ TV
VILD, BEINIR

HEIMILI HBO

**ÍSLENSKIR** ÞÆTTIR Á HVERJU KVÖLDI

**OG AUÐVITAÐ LÍKA GSM**
1 GSM ÁSKRIFT **ENDALAUST** TAL + 1 GB

**15.550** kr./mán.

## SÍMINN

INTERNET 75GB
IP ENDALAUS
HEIMASÍMI
SKJÁREINN
HJÁ SÍMANUM
SJÓNVARP SÍMANS
9 ERLENDAR STÖÐVAR
SJÓNVARP SÍMANS APPIÐ
SKJÁRKRAKKAR EÐA SKJÁRÞÆTTIR
SPOTIFY 6 MÁN.
BEINIR

**OG AUÐVITAÐ LÍKA GSM**
1 GSM ÁSKRIFT – TALAR ENDALAUST + 3 GB

**17.990** kr./mán.

Þú færð meira fyrir **minna**

FÁÐU ÞÉR **ÁSKRIFT** á 365.is

PIPAR\TBWA · SÍA

**365.is | Sími 1817**

* Gildir aðeins í aðra heimasíma, greitt er kr. 9,7 upphafsgjald fyrir hvert hafið símtal. ** SkjárEinn verður í opinni dagskrá frá 1. okt.

# Corbyn enn óskrifað blað



**Á morgun mætir hann félögum sínum á flokksþingi Verkamannaflokksins. Fyrstu skoðanakannanir sýna að fáir treysta honum, en sjálfur er hann óhræddur og ætlar sér stóra hluti.**

Nordicphotos/AFP




Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is


Flokksþing breska Verkamannaflokksins hefst á morgun og stendur fram á miðvikudag. Þar mætir Jeremy Corbyn væntanlega verulegri tortryggni frá hluta flokksfélaga, enda þótt góður meirihluti þeirra hafi kosið hann til formennsku fyrr í mánuðinum.

Ný skoðanakönnun frá Ipsos-MORI gefur honum ekki góðan byr. Aldrei áður hafa kjósendur almennt haft jafn lítið álit á nýkjörnum leiðtoga Verkamannaflokksins í fyrstu skoðanakönnun eftir að hann tekur við embættinu.

Útkoman er mínus 3, en lélegustu útkomuna fékk Michael Foot árið 1980, en tæp þrjú prósent voru ánægð með frammistöðu Foots stuttu eftir að hann tók við leiðtogaembætti flokksins.

**Þykir heiðarlegur**

Hins vegar eru mun fleiri á þeirri skoðun að Corbyn sé heiðarlegur en að David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, sé það.

Hvernig svo sem framhaldið verður þá hefur Corbyn tekist að hrista verulega upp í breskum stjórnmálum með nokkuð gamaldags róttækni.

Hægri menn eru margir hverjir sigri hrósandi, sannfærðir um að Corbyn muni aldrei takast að vinna meirihluta kjósenda á band Verkamannaflokksins undir sinni stjórn. Margir vinstri menn óttast að það mat geti verið rétt.

Corbyn er hins vegar enn að mörgu leyti óskrifað blað, meðal annars vegna þess að hann hefur eftir bestu getu reynt að forðast fjölmiðla, sem verður að teljast harla óvenjulegt hjá stjórnmálamanni.

**Óhræddur við kosningar**

Sjálfur segist hann hafa fulla trú á því að flokkurinn geti sigrað í næstu þingkosningum, sem líklega verða haldnar árið 2020.

## Leiðtogar Verkamannaflokksins 1983-2015



**Neil Kinnock** 1983–92

**John Smith** 1992–94

**Tony Blair** 1994–2007 **forsætisráðherra** 1997-2007

**Gordon Brown** **forsætisráðherra** 2007–2010

**Ed Miliband** 2010–2015

## Kosningaárangur Verkamannaflokksins - hlutfall atkvæða




### Jeremy Corbyn

- **Fæddur 26. maí 1949 í Chippenham á Englandi**
- **Corbyn er þrígiftur og á þrjá syni. Núverandi eiginkona er Laura Alvaréz**
- **Hann notar reiðhjól til að komast á milli staða, á ekki bíl. Hefur verið grænmetisæta frá því hann var tvítugur**
- **Corbyn hefur setið á breska þinginu fyrir Islington North kjördæmið síðan 1983**
- **Kosinn leiðtogi Verkamannaflokksins 12. september 2015**

Nú í vikunni gaf hann kost á sér í viðtal við blaðamann hjá tímaritinu New Statesman þar sem hann var spurður hvert yrði hans fyrsta verk, fari svo að hann verði forsætisráðherra:

„Að taka á húsnæðisvandanum, taka á ójöfnuðinum, taka á fátæktarvandanum í Bretlandi. Og móta utanríkisstefnu sem snýst um frið og mannréttindi, ekki um hernaðaríhlutun víðs vegar um heim."

Þarna virðist birtast í fáum orðum stefna hans í hnotskurn. Hann vill hjálpa þeim sem minna mega sín, draga úr forréttindum hinna betur stæðu og gjörbylta utanríkisstefnu Bretlands.

Og ekki hafði hann neinar áhyggjur af því að flokkurinn muni klofna:

„Nei, hvers vegna ætti flokkurinn að klofna? Við erum með opið lýðræðislegt ferli," sagði hann í viðtali við vefmiðilinn Middle East Review, stuttu fyrir leiðtogakjörið.

**Vill stærri flokk**

„Ég vil stærri flokk, virkan flokk sem fólk vill ganga til liðs við. Flokk sem vill berjast fyrir málefnum, flokk sem er ekki hræddur við sjálfan sig," sagði Corbyn. „Við þurfum ekkert að herma eftir íhaldinu og koma með léttar aðhaldsaðgerðir. Við getum gert betur en það, og ég ætla mér að gera betur en það."

Hægri menn hafa áhyggjur af því, að hann muni með stefnu sinni bæði rústa efnahagslífinu og stofna öryggi Bretlands í hættu.

Hann vísar þessu á bug og segist sannfærður um að öryggi Bretlands muni styrkjast hætti Bretar að fylgja Bandaríkjunum eftir í einu og öllu.

„Ég held að við myndum treysta öryggi okkar með því að sýna að við höfum skilning á því hversu fjölbreytt trúarbrögðin eru og hversu fjölbreyttar óskir og væntingar fólks eru víðs vegar um heiminn, og einnig ef við yrðum mannréttindaafl í staðinn fyrir að vera afl hernaðaríhlutunar."





**SÉRTILBOÐ**
aðeins í dag

# 35.996kr

~~47.995kr~~

**Hleðsluborvél DS18DJL**
100 fylgihlutir.
18V, 2 stk 1.5 Ah Li-ion rafhlöður.
Hersla 52 Nm
5246782

**Ath. takmarkað magn, aðeins fáanlegt í Skútuvogi um helgina.**

HITACHI
Inspire the Next

# GRJÓTHÖRÐ TILBOÐ

## 20% afsláttur af Hitachi um helgina!



## Verkfærakynning í Skútuvogi í dag

Walter Wellm frá Hitachi, Jón Örn og Guðbrandur Jónatansson frá Húsasmiðjunni kynna það allra nýjasta í verkfærum frá Hitachi kl. 11:00-14:00.

Komdu og prófaðu flottar græjur.

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HITACHI VERKFÆRUM ALLA HELGINA Í HÚSASMIÐJUVERSLUNUM**
**MIKIÐ ÚRVAL AF GRJÓTHÖRÐUM VERKFÆRUM**



**34.396kr**
~~42.995kr~~

**Hjólsög C7BU2**
1200W
190 mm blað.
Mótorbremsa,
HSC taska
5247527



**28.796kr**
~~35.995kr~~

**Fjölnotavél CV350V**
350W, pússar og sagar.
HSC taska fylgir
5246701



**11.615kr**
~~14.519kr~~

**Slípirokkur G13SR3**
730W. 125 mm
5247393



**17.497kr**
~~24.995kr~~

**Stingsög CJ90VST**
705W, Framkast
5247541

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**ATH. HÚSASMIÐJAN SKÚTUVOGI LOKAR LAUGARDAG KL. 17:00**
**VEGNA ÁRSHÁTÍÐAR STARFSFÓLKS (BLÓMAVAL OPIÐ TIL 19:00)**

Flækjusaga

**Illugi Jökulsson** veltir fyrir sér þeirri aðkallandi spurningu hvernig geimverum myndi lítast á nýjasta dýrling kaþólsku kirkjunnar.





Frumbyggjar skemmta sér. Svona fjör kvað Serra í kútinn.

# Dýrlingurinn með hnútasvipuna

Einhvers staðar las ég á netinu að nú þætti vísindamönnum fara að kortast líkurnar á að finnast mundi önnur viti borin tæknimenning í alheiminum en okkar. Þeir sögðu sem svo að ef tæknivæddar geimverur væru um allt, þá hlytum við nú þegar að vera búin að sjá einhver merki um þá miklu orkunotkun þeirra sem tæknimenning krefst. Að ekki sé nú minnst á að við ættum að vera löngu búin að ná sjónvarpssendingum geimveranna en á einhverjum tímapunkti í þróun sinni hlytu þær að hafa sent frá sér sjónvarpsbylgjur. En í mínu sjónvarpi er semsé hvergi að finna AlienTV. Niðurstaðan getur því aðeins orðið sú að við séum einu lífverurnar í alheiminum sem höfum þróað með okkur tæknimenningu.

Nú var það svo að málsmetandi menn hafa, þrátt fyrir sjónvarpsleysið utan úr geimnum, enn mikla trú á að þar sé eitthvað að finna. Nú er að minnsta kosti nýhafin umfangsmesta geimveruleit okkar hingað til. Svo ég vona það besta. Forvitnin í mér hefur nefnilega alltaf krafist þess að geimverur séu til og helst að ég fái að kynnast þeim eitthvað áður en ég dey. En um leið hefur mér reyndar upp á síðkastið farið að blöskra svolítið tilhugsunin um hvernig geimverunum litist á blikuna ef þær rækjust nú hingað sem gestir yfir óravíðáttu geimsins. Hvað myndu gestirnir sjá? Myndu þeir ganga glaðir inn í hús tegundar sem vissulega getur unnið saman og reist og þróað ýmislegt snoturt, en er öðrum stundum sjálfri sér svo sundurþykk að það stappar brjálæði næst? Geimverur, sem ná því stigi að ferðast milli stjarnanna, hljóta eiginlega að vera búnar að losa sig við mesta glóruleysið úr menningu sinni og hugsun, og hvernig gæti þá sómakær háþróuð geimvera annað en fyllst hryllingi og vonleysi þegar hún stæði andspænis meintum vitsmunaverum, sem hefðu vissulega náð fágætum árangri í vísindum og tækni á örskömmum tíma, en væru líka tilbúnar til að drepa hver aðra í hrönnum og ganga sjálfar í dauðann í þrotlausu þrefi um hver ætti flottasta ósýnilega vininn – eins og einhver orðaði það.

**Frumbyggi húðstrýktur**

Og nú víkur sögunni eins og hendi sé veifað utan úr víðáttum geimsins og niður í sólbakaða rykuga trúboðsstöð í Kaliforníu og þar er kuflklæddur maður tæplega sjötugur að lúberja ungan frumbyggja með hnútasvipu sem aðrir munkar hafa bundið við staur. Munkurinn leggur sig allan fram við barsmíðarnar þótt hann sé bersýnilega sárþjáður sjálfur af fótarmeini og ýmsum kvillum, og hann lætur sig einu gilda þjáningarópin frá unga frumbyggjanum sem hangir í böndunum, nema hvað þegar munkurinn hefur lokið sér af, þá gerir hann krossmark í bak og fyrir og fullvissar hinn húðstrýkta um að þetta hafi verið guði til dýrðar og nú hafi hann færst nær himnaríki og eilífri sælu.

Þessi mynd af guðsmanninum að lúskra á manni sem hafði á einhvern hátt gengið gegn smámunasemi munkareglunnar, sem hélt úti trúboðsstöðinni, hún var því miður ekki sjaldgæf. Munkurinn var af reglu Fransiskana og þeim hafði verið fengið það verkefni af spænska kónginum að útbreiða kristin gildi í Kaliforníu, og það gerðu þeir svona – með hörku og ofbeldi þegar svo bar undir. Frumbyggjarnir eða hinir svonefndu Indíánar á svæðinu fengu ekkert val um hvort þeir vildu undirgangast kristindóminn, kærleika Krists var troðið ofan í þá með offorsi og munkarnir lögðu sig meðvitað fram um að uppræta siði, tungumál og menningu frumbyggjanna, svo þeir yrðu móttækilegri fyrir bænakvakinu og syndatalinu. Munkurinn sem mundaði hnútasvipuna var æðsti yfirmaður Fransiskana á allmörgum trúboðsstöðvum þar um slóðir og hann var með einhverjum undarlegum hætti ekki talinn vondur maður. Hann hét Junípero Serra og fæddist af fátæku bændafólki á Mæjorka 1713. Frá blautu barnsbeini þráði hann að ganga í þjónustu kirkjunnar og breiða út trú á Jesú Krist. Hann varð doktor í guðfræði og hefði getað setið á hægum sessi á Mæjorka en reri að því öllum árum að komast til Mexíkó og gerast trúboði á slóðum þeirra Indíána sem enn voru heiðnir. Tæplega fertugur komst hann vestur um haf og var þar til æviloka. Hann var atorkumaður og brennandi í andanum svo honum voru brátt falin ábyrgðarverk. Til dæmis var hann um skeið útsendari rannsóknarréttarins illræmda í héraði einu og sendi skýrslur til yfirboðara sinna um ægilegar galdrakindur meðal héraðsbúa. Hann hafði þá látið handtaka nokkra, einkum konur, sem hann sakaði um viðurstyggilega glæpi eins og ákalla andskotann í líki kiðlinga og fljúga um loftið á kústsköftum. Serra krafðist harðrar refsingar yfir þeim djöfladýrkendum, ella myndi viðbjóður þessi breiðast út til frumbyggjanna. Því miður hefur mér ekki tekist að afla upplýsinga um hvaða refsingu þessar galdrakindur fengu, en rannsóknarrétturinn var náttúrlega ekki þekktur fyrir hálfkák eða miskunn.



JUNÍPERO SERRA. ÓVINUR DJÖFULSINS, VINUR SVIPUNNAR

**Sjálfspíslir**

Serra var þá líka orðinn frægur fyrir sjálfspíslir þær sem hann lagði á sig. Þær áttu að hreinsa sálu hans af syndum. Innan á kuflum Serra voru því ýmist þyrnar eða vírbútar sem rifu sífellt hörundið til blóðs, hann barði sig grjóti við hvert tækifæri, húðstrýkti sig með hárbeittum járnstöngum og hnútasvipum, og neitaði að láta gera að vondu sári á fæti svo hann varð æ haltari með árunum. Af einhverjum ástæðum hneigðust trúmenn í þá daga og stundum síðar til að telja eitthvað göfugt og kristilegt við slíkan masókisma ef yfirbragð hans var trúarlegt en ekki einungis kynferðislegt, en jafnvel þá þótti Serra ganga helstil langt í blóðþorsta sínum.

> „ER NOKKUÐ HÆTTULEGRA EN HUGSJÓNAMENN SEM TELJA SIG HAFA HÖNDLAÐ HINN EINA SANNLEIKA OG ÞEIR HAFI UMBOÐ FRÁ GUÐI TIL AÐ RÁÐA LÍFI OG DAUÐA ANNARS FÓLKS?

Hins vegar þótti yfirboðurum hans framganga hans gegn frumbyggjum í Kaliforníu til stakrar fyrirmyndar. Sú stóra Kalifornía sem Serra átti að annast tilheyrir reyndar nú bæði Mexíkó og Bandaríkjunum. Þangað var hann skipaður 1768 og gekk afar rösklega fram allt til æviloka 1784. Það eru til mörg dæmi um að Serra hafi sýnt einstökum frumbyggjum góðvild og jafnvel hlýju. En á þeim sama tíma létu líka þúsundir frumbyggja lífið þegar lifnaðarháttum þeirra var gerbylt, menning þeirra svívirt, margir drepnir sem hreyfðu mótbárum, öðrum refsað harðlega fyrir það sem þeim fannst óskiljanleg brot á dogmatískum siðareglum Spánverjanna. Og frumbyggjum var í fyrsta sinn kennt að berja börnin sín, það höfðu þeir aldrei látið sér detta í hug áður en var nú tjáð að það væri guði þóknanlegt og í samræmi við kristin gildi.

Lítill vafi er á að Serra trúði því í einlægni að þær ruddalegu trúboðsaðferðir sem hann og aðrir Fransiskanar notuðu, og þær ströngu refsingar sem hann og fleiri beittu, væru mikil sáluhjálp frumbyggjunum og eina ráðið til að forða þeim frá helvíti. En bætir einlægnin orðspor hans? Er nokkuð hættulegra en hugsjónamenn sem telja sig hafa höndlað hinn eina sannleika og þeir hafi umboð frá guði til að ráða lífi og dauða annars fólks?

**Prúðmennið Frans páfi**

En hvað? Ég sagði sjálfur áðan að þetta væri ekki óalgeng saga. Hvað er þá merkilegt við hana? Og hvað kemur hún geimverum við?

Jú, ef við fengjum nú gesti og þeir kæmust að því að andlegur leiðtogi stórs hluta mannkynsins – hið annálaða prúðmenni Frans páfi – hefði rétt í þessu tekið Junípero Serra, mann sem er persónulega ábyrgur fyrir dauða og þjáningum þúsunda, að páfi hefði tekið hann í dýrlingatölu sakir guðhræðslu hans – sem þýðir í raun að Serra telst nú sérlega guði þóknanlegur, hann er talinn fyrirmynd annars fólks og sérstakt göfugmenni og eiginlega kominn í stöðu hálfguðs því það má nú biðja til hans eins og guðs – hvernig ættu gestirnir að skilja það?

Nei, það varla hægt að bjóða gestum upp á svoleiðis furður. Svo kannski er þrátt fyrir allt best að það komi engir gestir, já, það séu bara alls engir gestir til, við séum ein hér í húsinu, kannski að smíða undursamleg tæki á efri hæðunum en að murka lífið hvert úr öðru í kjallaranum, og tilbiðjum ofstopamenn eins og Serra á miðhæðinni, og umhverfis húsið sé ekkert. Já, kannski er það bara best.

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# Ódýrt í Krónunni

Gerðu góð kaup!

Hollir og ódýrir kjúklingar



ÍSLENSKT **299 kr. kg** Íslenskir Krónu kjúklingavængir

ÍSLENSKT **699 kr. kg** Íslenskir Krónu kjúklingaleggir



ÍSLENSKT **889 kr. kg** Íslenskur Krónu kjúklingur með grillkryddi

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl



Heitt og klárt

Heill grillaður kjúklingur og 2 lítrar af Coca-Cola*

2 lítrar

**1499 kr. tvennan**

*Þú velur Coca-Cola eða Coca-Cola light, 2 lítra



25% afsláttur

ÍSLENSKT **1299 kr. kg**

Verð áður ~~1735~~ kr. kg

Íslenskt nautgripahakk

32% afsláttur

ÍSLENSKT **599 kr. kg**

Verð áður ~~881~~ kr. kg

Íslenskt grísahakk



**349 kr. kg**

Spænskar plómur

20% afsláttur

**399 kr. box-**

Verð áður ~~499~~ kr. boxið

Belgísk Driscoll's jarðarber, 250 g

**199 kr. kg**

Hollensk Jónagold epli

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

**60**
**ára brúðkaupsafmæli**
**DEMANTSBRÚÐKAUP**



Hjónin
**Edda Sigrún Ólafsdóttir og Helgi Hreiðar Sigurðsson**
fögnuðu sextíu ára hjúskaparafmæli í gær 25. september. Helgi og Edda eiga 5 börn, 14 barnabörn og 6 barnabarnabörn.



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Ketill Vilhjálmsson**
fyrrv. bifreiðastjóri,
Túngötu 5, Keflavík,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 21. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 1. október kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarsjóð Kirkjuvogskirkju í Höfnum, 0542-26-2902, kt. 690169-0299.

**Sigrún B. Ólafsdóttir**
**Magnús Ketilsson — Auður Tryggvadóttir**
**Sigurgísli Ketilsson — Halldóra Jóhannesdóttir**
**Páll Ketilsson — Ásdís B. Pálmadóttir**
**Valur Ketilsson — Hjördís Hilmarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Við þökkum ykkur fyrir hluttekningu, hlýjar kveðjur og vináttu við andlát og útför elsku mannsins míns, pabba, tengdapabba og afa,
**Gunnars Ingibergs Guðmundssonar**
Starfsfólki hjarta- og lungnaskurðdeildar Landspítalans og heimahjúkrun Karitas er þökkuð umhyggja og hlýja.

**Halldóra Hallfreðsdóttir**
**Díana Dröfn Ólafsdóttir — Guðmundur Karl Reynisson**
**Heimir Logi Gunnarsson**
**Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir — Guðmundur Tryggvi Ólafsson**
**og afabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfarastofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

*Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*
MEÐ VIRÐINGU OG KÆRLEIK Í 66 ÁR
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*
www.útför.is



# Barnakvikmyndahátíð haldin á RIFF um helgina

**Hátíðin er hluti af Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík og stendur hún yfir til mánudags.**

„Ég kynni myndirnar fyrir sýninguna, karakterana og aðstæður. Svo ætla ég að endursegja fyrri helminginn í grófum dráttum í hléi,“ segir leikkonan Thelma Marín Jónsdóttir en hún mun leiða gesti hátíðarinnar í gegnum tvær myndir á hátíðinni, Gullna hestinn, sem sýnd er í dag og svo Leynifélag Súpubæjarins sem slær botninn í barnakvikmyndahátíðina á mánudaginn.

„Ég verð tiltæk með hljóðnemann og ef ég sé að áhorfendur eru ekki alveg með á nótunum þá læði ég einhverju inn,“ segir hún og hlær.

Kvikmyndin Gullni hesturinn er opnunarmynd Barnakvikmyndahátíðarinnar en hátíðin er hluti af barnadagskrá Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF, sem stendur yfir til 4. október næstkomandi.

Gullni hesturinn er teiknimynd frá Litháen sem byggð er á leikriti og tók 10 ár að ljúka við gerð hennar. Myndin fjallar um baráttuna á milli góðs og ills segir frá Antiņš sem hefur sjö ár og sjö daga til þess að bjarga prinsessunni úr klóm svörtu móðurinnar sem handsamaði hana og nærist á sorg og tárum annarra.

Leynifélag í Súpubæ er leikin fjölskyldumynd frá Eistlandi og fjallar um Mari, Sadu, Olav og Anton sem stofna til leynisamfélags til að leika sér í feluleik sem fundinn var upp af afa Mari. Myndin á sér stað í hverfinu Súpubæ sem er í borginni Tartu. Í kjölfar eiturárásar á bæinn breytist fullorðið fólk í börn og söguhetjurnar þrjár hefja leit að móteitri.

„Mér fannst myndirnar mjög skemmtilegar,“ segir Thelma og heldur áfram: „Leynifélag í Súpubæ er alveg dásamleg. Inspírerandi, falleg og rosalega vel leikin.“

Thelma er menntuð leikkona og skipar ásamt þeim Herdísi Stefánsdóttur og Guðna Einarssyni hljómsveitina East Of My Youth sem gefa mun út sína fyrstu plötu á næsta ári. Thelma segist hafa verið áhugakona um kvikmyndir frá barnæsku og fagni því hátíðinni. „Mér finnst það nauðsynlegt að hvetja krakka til þess að horfa á kvikmyndir og þetta eru báðar mjög vandaðar myndir.“

Barnakvikmyndahátíðin verður sett klukkan klukkan 14.30 í Norræna húsinu og verður stuttmyndadagskrá fyrir börn og unglinga yfir helgina. Nánari dagskrá er hægt að skoða á vefsíðunni Riff.is

gydaloa@frettabladid.is

> **Ég verð tiltæk með hljóðnemann og ef ég sé að áhorfendur eru ekki alveg með á nótunum þá læði ég einhverju inn.**



**Thelma Marín Jónsdóttir leiðir börnin í gegnum dagskrána á Barnakvikmyndahátíðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Leynifélag Súpubæjarins er lokamynd hátíðarinnar.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Jóna Gróa Sigurðardóttir**
fyrrverandi borgarfulltrúi,
Sléttuvegi 31, Reykjavík,
lést á Landspítalanum við Hringbraut 17. september sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 29. september kl. 13.00.

**Guðmundur Jónsson**
**Ingunn Guðlaug Guðmundsdóttir — Magnús Andrésson**
**Sigurður Guðmundsson — Guðný Ívarsdóttir**
**Helga Guðmundsdóttir — Jóhann Gíslason**
**Auður Björk Guðmundsdóttir — Ægir Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
**Sigríður Helgadóttir**
Stillholti 12, Akranesi,
lést á sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 20. september sl. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 30. september kl. 14.00

**Helga Jónsdóttir — Einar Ásgeirsson**
**Hrannar Einarsson — Guðbjörg Ösp Einarsdóttir**
**Jón Valur Einarsson**
**Hildigunnur Einarsdóttir — Guðjón Jóhannesson**
**Andri Þór Einarsson**
**Einar Magni og Arnar Pálmi**

# Casino DAGAR

# Teningakast ræður afslættinum!

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM !

**Komdu milli 11-16 í dag og freistaðu gæfunnar !**

**OKKAR LÁGA VERÐ + ALLT AÐ 18% AUKA AFSLÁTTUR**

## Þín heppni stjórnar afslættinum !

Þegar búið er að stimpla inn vörurnar færðu að kasta þremur teningum á Casino borðinu okkar. Samtalan sem kemur upp er afslátturinn þinn og getur verið frá 3-18% af öllu !

⚅ + ⚅ + ⚅ = 18% afsláttur

Ef þú færð tvo eins færðu Trítla tvennu frá Nóa Síríus til viðbótar.




Ef þú færð þrjá eins áttu möguleika á því að fá allt sem þú keyptir endurgreitt. 2. október drögum við út einn heppinn viðskiptavin sem fær allt sem hann keypti greitt til baka !

*Aðeins eitt kast á mann. Afsláttur reiknast frá fullu verði.*

**Er heppnin með þér ?**

tl.is

**TÖLVU LISTINN**




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 |



Elsku sonur okkar, bróðir og mágur,

**Davíð Þór Egilsson**

lést af slysförum 19. september síðastliðinn. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarathöfn sem fer fram í Fella- og Hólakirkju, mánudaginn 28. september kl. 17.00. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Arnheiður M. Þórarinsdóttir** **Jón Þ. Steinþórsson**
**Egill Geirsson**
**Linda Björg Arnheiðardóttir** **Ægir Freyr Stefánsson**
**Hildur Birna Egilsdóttir** **Jose MBA**
**Herdís María Jónsdóttir** **Elísa Dagrún Jónsdóttir**
**og aðrir ástvinir.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,

**Vigfús Magnússon**

læknir,
Sóltúni 10, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á fjöllum mánudaginn 21. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 30. september kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim er vildu minnast hans er bent á líknarfélög.

**Kristín Vigfúsdóttir** **Finnur Ingólfsson**
**Ragnhildur Vigfúsdóttir** **Hafliði Helgason**
**Ástríður Vigdís Vigfúsdóttir** **Árni Leifsson**
**Guðrún Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær bróðir minn og mágur,

**Þorgrímur Einarsson**

sýningarstjóri,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 23. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 2. október kl. 15.00.

**Margrét Guðmundsdóttir**
**Sigrún Hermannsdóttir**
**og aðstandendur.**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Í. Ámundason**

löggiltur endurskoðandi,

lést á heimili sínu, Dalbraut 14, Reykjavík, þann 16. september sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Bestu þakkir og kveðjur færum við vinum, vandamönnum, Brynjari lækni, dagdeild 11C og Karitas heimahjúkrun. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Karitas heimahjúkrun og aðrar líknarstofnanir.

**Jóhanna Óskarsdóttir**
**Finnur Ísfeld Sigurðsson** **Málfríður Vilmundardóttir**
**Sigríður Lóa Sigurðardóttir** **Ævar Örn Ævarsson**
**Jóhanna Sif**
**Ámundi Örn Ísfeld**
**Ólafía Ósk**
**María Lóa**
**Sigurður Ísfeld**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Vals Waage**

Lindarseli 5.

Guð blessi ykkur öll.

**Helena Ásdís Brynjólfsdóttir**
**Guðrún Lind Valsdóttir Waage** **Smári Arnarsson**
**Stefanía Lind Stefánsdóttir Waage** **Bjarki Stefánsson**
**Stefán Valur Stefánsson**
**Ásdís Halldóra Lind Stefánsdóttir Waage**
**Stefán Stefánsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST:
26. SEPTEMBER 1960

## Kennedy og Nixon áttust við



Á þessum degi árið 1960 áttust bandarísku forsetaframbjóðendurnir John F. Kennedy og Richard Nixon við í einum frægustu sjónvarpskappræðum allra tíma. Þetta var í fyrsta sinn sem forsetaframbjóðendur mættust í sjónvarpskappræðum í Bandaríkjunum en þeim var einnig útvarpað. Þetta voru fyrstu kappræðurnar af fjórum og tekist var á um innanlandsmál.

Sjónvarp var nýjung á þessum tíma og fæstir stjórnmálamenn höfðu leitt hugann að því hvernig þeir gætu nýtt það sér í vil. Kennedy var einn af þeim fáu sem höfðu gert það. Þegar hann mætti í sjónvarpið var hann nýkominn af framboðsfundum í Kaliforníu og var sólbrúnn og hraustlegur. Nixon var á hinn bóginn nýrisinn úr rekkju eftir að hafa legið á spítala um nokkurra vikna skeið vegna hnémeiðsla. Hann var horaður og fölur og þvertók fyrir að láta farða sig fyrir sjónvarpið.

Yfirgnæfandi meirihluti sjónvarpsáhorfenda taldi að Kennedy hefði borið sigur úr býtum en þeim sem hlýddu á kappræðurnar í útvarpi fannst vera mjótt á munum. Lengi var það viðtekin skoðun að sjónvarpskappræðurnar hefðu valdið straumhvörfum í kosningabaráttunni og Kennedy átt sigur sinn þeim að þakka. Það er sennilega ofmat, en ljóst er að Kennedy átti vinsældir sínar sannarlega sjónvarpi að einhverju leyti að þakka.

# Stytting náms hefur slæm áhrif á tungumálakennslu

**Margrét Helga Hjartardóttir flytur erindi á Evrópska tungumáladeginum. Hún mun fjalla um áhrif styttingar framhaldsskólanáms í Kvennaskólanum á kennslu í tungumálum.**

Margrét Helga Hjartardóttir flytur erindi í dag á Evrópska tungumáladeginum. Í erindinu fjallar hún um stöðu tungumálakennslu í Kvennaskólanum eftir styttingu náms til stúdentsprófs, en haustið 2009 tók skólinn upp nýja námskrá þar sem miðað er að því að útskrifa nemendur með stúdentspróf eftir þriggja vetra nám.

„Til að gera langa sögu stutta fóru enskan og danskan þá leið að skera út alla upprifjun úr grunnskólanáminu og byrjuðu ofar. Kennarar reyndu að skera neðan af náminu og þétta allt, breyta inntaki námskeiðanna og kennsluaðferðum," segir Margrét. Hún segir það hafa gengið ágætlega í enskunni, þó þorir hún ekki að fullyrða um upplifun enskukennaranna.

Margrét segir dönskukennara þó ekki hafa sömu sögu að segja. „Dönskukennararnir finna fyrir gapi á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Það má segja að kennarar þar séu ósáttir og finnist að danskan hefði þurft að fá meira svigrúm við gerð nýrrar námsskrár," segir hún.



Margrét Helga segir stöðuna versta í þýsku- og frönskukennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margrét segir stöðuna versta í þýsku- og frönskukennslu, en skólinn kennir málin sem þriðju mál. Ekki var hægt að sleppa neinu úr fyrstu áföngum kennslunnar þar sem málin eru kennd á byrjendastigi, ólíkt ensku og dönsku.

„Það sem við horfumst í augu við er að einingum fækkaði á öllum brautum og þar er kannski sárasta skerðingin í okkar tilviki. Á brautum sem við köllum félagsvísinda- og náttúruvísindabrautir fór þriðja mál úr fjórum áföngum niður í þrjá, þetta finnst okkur mikil afturför. Þetta er til dæmis ekki nógur grunnur ef maður ætlar síðan í háskólanám í málinu. Við erum ekki með jafngóða stúdenta í þessum málum og áður," segir hún.

Margrét segist þó ekki vera að segja stúdentspróf Kvennaskólans minna virði og ekki beint tala gegn styttingu náms sem hafi sína kosti og galla. Hún segir margt gott hafa fengist út úr styttingunni en undirbúningstími styttingarinnar í Kvennaskólanum hafi verið of skammur, sumt hafi ekki verið nógu vel ígrundað, til dæmis hvað varðar fjölda eininga í kjarna brautanna. Hún segist jafnframt ekki vera sátt við hlut þýsku og frönsku.

„Okkur finnst skjóta skökku við að á sama tíma og ferðaþjónusta er að aukast svona mikið og þegar samfélagið og markaðurinn kallar á fólk með aukna málakunnáttu sé verið að skera niður í tungumálanámi," segir Margrét.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Merkisatburðir

**1580** Francis Drake lýkur hnattsiglingu sinni þegar Gullna hindin kemur til hafnar í Plymouth.

**1915** Við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík er afhjúpaður minnisvarði um Kristján 9. konung á afmælisdegi Kristjáns 10. Styttan, sem er eftir Einar Jónsson, sýnir konung með stjórnarskrána í framrétti hendi.

**1939** Við Raufarhöfn neyðist bresk Catalina-sjóflugvél til að lenda vegna þoku.

**1942** Ríkið leggur niður einkasölu sína á bifreiðum, sem það hafði haft í sjö ár.

**1950** Vegna mengunar í lofti er dimmt fram eftir degi á landinu og virðist sólin vera bláleit. Talið er að þetta stafi frá eldgosi á Filippseyjum eða skógareldum í Norður-Ameríku.

**1959** Í Reykjavík mælist metúrkoma á einum sólarhring, 49,2 millimetrar.

**1960** Á leið sinni vestur um haf kemur Harold Macmillan, forsætisráðherra Breta, við á Keflavíkurflugvelli og ræðir við starfsbróður sinn, Ólaf Thors, um landhelgismálið.

**1969** Ellefta breiðskífa Bítlanna, Abbey Road, kemur út í London.

**1970** Íslensk flugvél ferst á Mykinesi í Færeyjum. Þetta er Fokker Friendship farþegavél frá Flugfélagi Íslands og eru 30 farþegar um borð auk fjögurra manna áhafnar. Átta manns farast, þar af einn Íslendingur.

**200** Á bilinu 10-15 þúsund manns ganga mótmælagöngu niður Laugaveg til þess að mótmæla stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta voru talin vera fjölmennustu mótmæli á Íslandi frá 24. maí 1973.

**2008** **Gengisvísitala íslensku krónunnar fer upp í 183,91 stig og hefur þá aldrei verið hærri. Krónan hefur**



**aldrei verið lægri gagnvart evrunni (1/140,96) og ekki lægri gagnvart Bandaríkjadal síðan árið 2002 (1/96,80).**


ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR
Í 2 DAGA
AKUREYRI
OG
REYKJAVÍK
RÚMFÖT FRÁ
2.990
BARNAFÖT
70%
RISA LAGERSALA
LÍN DESIGN
LAUGARDAG OG SUNNUDAG
Barnaföt
Handklæði
Rúmföt
Barnavörur
Eldhúsvörur
Púðar
Dúkar
Smávörur
LUKKULEIKUR
ER HEPPNIN MEÐ ÞÉR?
Fylltu út þennan miða og komdu með hann í verslun okkar í dag.
NAFN PRENTSTAFI - TAKK
NETFANG PRENTSTAFI - TAKK
10 FRÁBÆRIR VINNINGAR
1. 50.000 kr inneign í verslun
2. 40.000 kr inneign í verslun
3. 20.000 kr inneign í verslun
4.-10. 10.000 kr inneign í verslun
Vinningshafar fá tilkynningu með tölvupósti mánudaginn 28. september.
Þú gleymir ekki tilfinningunni
LAUGAVEGI 178 | LAUGARDAG 11-17 | SUNNUDAG 11-17
GLERÁRTORGI | LAUGARDAG 10-17 | SUNNUDAG 13-17
Lín
DESIGN
Komdu og taktu þátt í lukkuleik Lín Design, allt að 50.000 kr vinningur.
LAUGAVEGI | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Síminn

Síminn hf. birtir lýsingu hlutabréfa í tengslum við almennt hlutafjárútboð og umsókn um að öll útgefin hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Arion banki

Heildarfjöldi útgefinna hluta í Símanum hf. er 9.650.000.000 og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Allir útgefnir hlutir í félaginu eru í sama flokki og jafn rétthæir. Félagið á 19 eigin hluti. Hlutir í félaginu eru gefnir út rafrænt í kerfum Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. Auðkenni hlutanna hjá Nasdaq Iceland verðbréfamiðstöð er SIMINN og er óskað eftir sama auðkenni í kerfum Nasdaq Iceland. ISIN númer þeirra er IS0000015089.

## Almennt útboð 5.-7. október

Arion banki hyggst selja 18% hlut í Símanum hf. með almennu útboði sem fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. hefur umsjón með. Markmið útboðsins er annars vegar að gera félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði en hins vegar horfir seljandi til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði. Stærð útboðsins nemur 1.737.000.000 hlutum eða 18% hlut í félaginu og nemur söluandvirði þeirra að lágmarki 4.689,9 milljónum króna. Seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 2.026.500.000 hluti sem samsvara 21% eignarhlut í Símanum hf. Á vef umsjónaraðila útboðsins, **www.arionbanki.is**, verður tekið við áskriftum frá 5. október 2015 klukkan 10.00 til 7. október 2015 klukkan 16.00. Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur verða í boði en ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn. Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 8. október 2015. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland opinberlega ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 13. október 2015 og geta viðskipti í fyrsta lagi hafist á Aðalmarkaði 15. október 2015.

### Tilboðsbók A

- Hver áskrift að andvirði 100.000 kr. – 10.000.000 kr.
- Verðbil 2,7-3,1 kr./hlut
- Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B

### Tilboðsbók B

- Áskrift að andvirði yfir 10 milljónum kr.
- Lágmarksverð 2,7 kr./hlut
- Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

**Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi.**
Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins í lýsingu hlutabréfa og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Aðstoð vegna úboðsins má nálgast hjá söluaðilum þess, fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka ásamt Arctica Finance, eða hjá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka í síma **444-7000** og tölvupóstfangi **siminn-utbod@arionbanki.is**.

## Nánari upplýsingar

Útgefandi lýsingar hlutabréfa er Síminn hf., kennitala 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. hefur umsjón með útboðinu og því ferli að fá hlutabréf félagsins tekin til viðskipta. Nánari upplýsingar um félagið, hlutabréf þess og skilmála útboðsins má finna í lýsingu félagsins sem dagsett er 25. september 2015 og birt er á vef félagsins, **siminn.is/siminn/fjarfestar**. Þar má nálgast lýsingarnar næstu 12 mánuði. Lýsingarnar má einnig nálgast á vef Arion banka, **arion.is**. Innbundin eintök af lýsingu hlutabréfa má nálgast frá 29. september 2015 hjá Símanum á skrifstofu félagsins í Ármúla 25, Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19, Reykjavík.

**Reykjavík, 26. september 2015**
**Stjórn Símans hf.**




Verð í þessari auglýsingu gilda til og með 27. september a.m.k.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Af nýslátruðu 2015
298 kr. kg
Kjarnafæði
Lambahjörtu og lambalifur af nýslátruðu, ferskt
Af nýslátruðu 2015
1.579 kr. kg
ÍSLANDS LAMB
Íslandslamb Lambalæri
af nýslátruðu, ferskt, sérskorið
Af nýslátruðu 2015
2.098 kr. kg
ÍSLANDS LAMB
Íslandslamb Lambahryggur,
hálfur lundapartur, ferskur
GOTT VERÐ Í BÓNUS!
BÓNUS Samlokuskinka
198 kr. pk.
BÓNUS Samlokuskinka, 237 g
698 kr. kg
SS
SS Lifrarpylsa
Frosin, ósoðin
659 kr. kg
Kjarnafæði Súpukjöt
haustslátrun 2014, frosið
Haust-slátrun 2014
BÓNUS Vanillu kremkex
398 kr. 700 g
Bónus Kremkex
700 g
1 kg
BÓNUS Tröllahafrar
298 kr. 1 kg
Bónus Tröllahafrar, 1 kg
head&shoulders
498 kr. 400 ml
Head & Shoulders
Sjampó, 400 ml, 4 teg.
90 töflur
BIG PACK 90 TABS
ALL IN 1
finish
POWERBALL
LEMON SPARKLE
BÓNUS Matarkex
298 kr. 700 g
Bónus Matarkex
700 g
BÓNUS HAFRAKEX
198 kr. 225 g
Bónus Hafrakex
225 g
HUGGIES
Natural Care
198 kr. 56 stk.
Huggies Þurrkur
56 stk.
1.498 kr. pk.
Finish Powerball
Uppþvottatöflur, lemon,
90 stk.
BÓNUS Mjólkurkex
298 kr. 610 g
Bónus Mjólkurkex
610 g
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

## Konráð og félagar á ferð og flugi 167

Bragi Halldórsson

„Eitthvað er þetta kunnuglegur fiskur," sagði Konráð. „Mér finnst eins og ég hafi séð hann einhvers staðar," bætti hann við hugsi. „Hann lítur ekki út eins og neinn fiskur sem ég hef borðað að minnsta kosti," sagði Kata. „Nei," sagði Konráð. „Ég held að ég hafi bara séð mynd af honum í bók." Kata horfði íbyggin á fiskinn. „Ég veit hvar ég hef séð mynd af honum. Það er búið að vera að fjalla um hann í fréttum." Konráð horfði undrandi á Kötu. „Fylgist þú með fréttum?" Konráði fannst Kata ekki líkleg til þess. „Það er margt sem þú veist ekki um mig," sagði Kata og glotti.



Getur þú hjálpað Kötu og Konráði að muna hvað þessi fiskur heitir? Heitir hann:

**A** Túnfiskur
**B** Makríll
**D** Bláfiskur



SVAR: B


Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði ?

Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.





Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is

Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is




Embla Karen er mikill klifurkappi og fer stundum að klifra í Klifurhúsinu. Hér er hún að sveifla sér í kaðli í garðinum hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skrifaði bók með ömmu sinni

**Embla Karen Garpsdóttir** er sjö ára og er í Hörðuvallaskóla í Kópavogi. Hún les mikið og hefur einnig gaman af því að skrifa, fara á hestbak og leika við vini sína.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum?** Að vera í smíði, þá smíða ég. Núna er ég að smíða fuglahús.

**Ertu að æfa eitthvað?** Ég er að æfa fimleika tvisvar í viku.

**Hver er uppáhaldsbókin þín og lestu mikið?** Já, já, ég les svona eina bók á viku. Snuðra og Tuðra er uppáhaldsbókin mín. Hún er um tvær systur sem eru alltaf að rífast hvor í annarri. Önnur þeirra meiddi sig og þá læra þær að vera góðar hvor við aðra.

**Þú skrifaðir sjálf bók sem þú gafst út, um hvað fjallaði hún?** Bókin heitir Ruglan og fjallar um rugluna. Ef maður verður leiður þá á maður að fara hlæja eða fara að hugga. Einu sinni þegar amma mín var að passa mig, hún er rithöfundur og heitir Elísabet Jökulsdóttir, þá töluðum við aðeins um rugluna og okkur datt í hug að búa til bók. Og við gerðum bara bókina en hún er uppseld samt.

**Hver eru áhugamálin þín?** Fara á hestbak, fimleikar, skrifa og leika við vini mína, sérstaklega Júlíu.

**Þú bjóst einu sinni í útlöndum, hvar var það og hvernig var það öðruvísi en að búa á Íslandi?** Ég var úti í Vancouver, mér fannst það rosalega öðruvísi, því bæði talaði ég ensku og alls konar meira. Kennarinn minn úti var rosalega ljúfur. Veðrið var eiginlega alltaf heitt, en stundum var rigning. Bækurnar voru á ensku og það var stundum erfitt að skrifa á ensku.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór?** Ég ætla verða leikskólakennari.

**Áttu gæludýr eða langar þig að eiga gæludýr?** Ég á ekkert gæludýr en mig langar að eignast hund. Litlu systur mína langar að eignast kött.

# Skemmtileg og óvenjuleg terta

## Pönnukökuterta Péturs og kattarins Brands

Í bókinni um Pétur og köttinn Brand búa þeir félagar til pönnukökutertu. Það er lítið mál að gera pönnukökutertu og um að gera prófa sig áfram.

Veljið fallegan disk til að setja pönnukökurnar á. Síðan eru þær bakaðar og settar á diskinn. Bæði er hægt að gera þunnar pönnukökur eða þykkar. Settu berjasultu á fyrstu, rjóma á þá næstu og svo koll af kolli þangað til það er kominn góður stafli. Efstu pönnukökuna má svo skreyta með berjum, sultu eða rjóma og þá er komin fínasta pönnukökuterta. Hægt er að nota alls kyns uppskriftir af pönnukökum en gott er að fá hjálp frá fullorðnum við að baka pönnukökurnar. Svo er um að gera að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn og skreyta kökuna skemmtilega.





**PÖNNUKÖKUUPPSKRIFT:**

**8 dl mjólk**
**4 dl hveiti**
**4 egg**
**1 tsk. salt**
**Smjör eða smjörlíki**

ER KOMIN Í VERSLANIR!

NÝ ÍSLENSK LITABÓK




NÝ ÍSLENSK LITABÓK EFTIR ELSU NIELSEN

ÍSLENSK LITADÝRÐ, SÝNIR TÚLKUN HENNAR Á ÍSLENSKRI NÁTTÚRUFEGURÐ OG DÝRARÍKI MEÐ STÓRBROTNUM PENNATEIKNINGUM.

FÆST Í NÆSTU VERSLUN OG Á EDDA.IS

www.edda.is | eddaisland | edda

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Suðaustan hvassviðri eða stormur og víða talsverð rigning, jafnvel mikil úrkoma suðaustan til. Hiti víða 8 til 13 stig.

## Flóð og fjara

| REYKJAVÍK: | | AKUREYRI | | ÍSAFJÖRÐUR | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLÓÐ | FJARA | FLÓÐ | FJARA | FLÓÐ | FJARA |
| **04.42** | **10.54** | **08.54** | **02.38** | **06.42** | **00.44** |
| 3,57m | 0.29m | 1,38m | 0,34m | 2,01m | 0,22m |
| **17.06** | **23.23** | **21.10** | **15.02** | **19.01** | **12.58** |
| 3,93m | 0,06m | 1,45m | 0,37m | 2,30m | 0,23m |

**Tunglfylling**
91% vaxandi

| **Sólarupprás** | **Sólarlag** |
|---|---|
| 07.20 | 19.15 |

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 15° | 15° | 14° | 15° | 16° | 12° | 0° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madrid** | **Brussel** | **Róm** |
| 15° | 16° | 17° | 14° | 27° | 15° | 25° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 14° | 17° | 23° | 24° | 28° | 21° | 14° |

## Reykjavík



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 9° | 8° | 9° | 9° | 9° |
| 8 | 6 | 14 | 8 | 5 |

## Ísafjörður



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 6° | 6° | 7° | 6° | 7° |
| 12 | 5 | 10 | 8 | 10 |

## Akureyri



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 7° | 7° | 9° | 7° | 9° |
| 12 | 3 | 24 | 6 | 7 |

## Egilsstaðir



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 10° | 9° | 9° | 8° | 10° |
| 6 | 6 | 25 | 4 | 4 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 7° | 9° | 9° | 8° | 10° |
| 3 | 5 | 17 | 5 | 3 |


# Skattfrádráttur
## vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar
Umsóknarfrestur til **1. október**

Fyrirtækjum sem stunda rannsókna- og þróunarstarf gefst kostur á að sækja um frádrátt frá tekjuskatti. Fyrirtæki sem ekki greiða tekjuskatt geta fengið samsvarandi endurgreiðslu.

Rannís tekur við umsóknum, leggur mat á hvort þær uppfylli öll skilyrði og tilkynnir fyrirtækjum og ríkisskattstjóra um niðurstöðuna.

**Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Rannís.**

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT


## Myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




NÝTT ÚTLIT
SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
Borða
Drekka
tyggja
WRIGLEY'S
Extra®
Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi



## SUPRA TERRAM

Supra Terram er latína og þýðir að koma upp á yfirborðið. Þetta er titill á síðustu einkasýningu Katrínar, í Parasol Unit Foundation for Contemporary Art í London, í sumar. Þar sýndi hún stóran helli sem teygði sig af fyrstu hæð upp á aðra hæð. Verkið er risastórt á neðri hæðinni en einungis efsti toppurinn sendur upp úr gólfinu á efri hæðinni. Þannig upplifir áhorfandinn verkið bæði sem ægistórt og pínulítið, eftir því hvort hann er uppi eða niðri.



**ÓBYGGÐ HÚS Í REYKJAVÍK 1920-1930** Á síðustu 10 árum hefur Katrín unnið seríu af verkum þar sem viðfangsefnið er óbyggð hús í Reykjavík. Þessi verk eru gerð úr ýmsum efnum eftir arkitektateikningum frá því milli 1920-1930, af húsum sem voru aldrei byggð. Eftir að Katrín skapar þessi módel, eru þau ýmist brotin eða brennd, en síðan endurbyggð og verða þannig eins og minjar um fyrra ástand sitt. Þessi verk ásamt seríunni Ellefu, sem samanstendur af ellefu verkum þar sem Katrín minnist bernskuheimilis síns í Hlíðunum, voru í aðalhlutverki á stórri sýningu Katrínar í MIT háskólalistasafninu í Boston síðasta vor.



**BOUVETOYA** Verk Katrínar, Bouvetoya, má sjá í New York um þessar mundir en þar er það til sýnis í The High Line lystigarðinum sem liggur ofan á gömlum upphækkuðum járnbrautarteinum í Chelsea-hverfinu. Þetta er í fyrsta skipti sem undirhlið garðsins eru notuð, og hefur Katrín hengt litla eyju á hvolf yfir höfðum vegfarenda. Verkið er endurgerð á raunverulegri eyju í Suður-Atlantshafi, sem um margt er lík Íslandi. Verkið er hluti af sýningunni Panorama og stendur hún fram í mars 2016.



**BOISERIE** Verkið Boiserie er nákvæm endurgerð á frönsku 18. aldar herbergi sem er varðveitt í Metropolitan-safninu. Verkið gerði Katrín í boði safnins og var það sýnt þar árið 2010. Verkið, sem er í 80% stærð, er lokaður marghyrndur klefi sem áhorfendur skoða í gegnum veggspegla hans. Verkið er drifhvít kyrralífsmynd, fullbúin með húsgögnum og húsmunum herbergisins og hefur draumkennda og jafnvel draugalega áferð. Þetta verk hefur nýlega bæst í safneign Listasafns Reykjavíkur og verður opnuð sýning með því og öðrum verkum Katrínar þar 3. október.



Katrín Sigurðardóttir í óða önn að setja upp sýninguna í Hafnarhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Í gegnum list komumst við nær kjarnanum í lífi okkar

**Næstkomandi laugardag verður opnuð í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur sýning á verkum Katrínar Sigurðardóttur. Þar gefst gestum kostur á að skyggnast inn í myndheim listakonunnar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Katrín Sigurðardóttir myndlistarkona hefur á undanförnum árum haslað sér völl í heimi alþjóðlegrar myndlistar. Í tvo áratugi hefur hún kannað hvernig skynjun okkar er háð rýmislegri upplifun. Í verkum sínum vinnur hún oft á mörkum myndlistar og arkitektúrs.

„Skúlptúr er oftar en ekki bygging. Íslenska orðið höggmynd nær aðeins yfir verk sem eru höggvin út eða þar sem form er grafið út úr stærri massa. En skúlptúr getur líka verið byggður upp og þannig er það yfirleitt í mínum verkum. Upphaflega hafði ég áhuga á arkitektúr sem aðferð til að lýsa rými í gegnum teikningu. Kannski að nota tæknimál til að gera mjög ótæknilegum hliðum tilverunnar skil. Pendúllinn í arkitektúr er alltaf manneskjan, og þó að hana vanti alltaf í verkin mín, þá er hún samt sem áður aðalviðfangsefnið.“

Katrín sýnir í Bandaríkjunum og Evrópu en eftir viku verður opnuð í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur sýningin Horft inn í hvítan kassa. Þar verður skyggnst inn í myndheim Katrínar frá hugmynd til listaverks.

„Í gegnum list komumst við nær kjarnanum í lífi okkar, á þann hátt sem við getum ekki í gegnum hversdagslega upplifun. Fyrir mér er það bæði tilgangur og nauðsyn þess sem ég geri.“



Fjölskyldufjör
á laugardag
Kaffi, kleinur og ís*
*Tilboðin gilda á meðan birgðir endast
Ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira fylgir gjöf
Ævar les úr nýrri bók á laugardag kl. 14
Allt að 90% afsláttur
Yfir 4000 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!
RISALAGERSALA
á Fiskislóð 39
OPIÐ ALLA HELGINA kl. 10–19
UPPHAFIÐ
LEIÐSÖGN Í MÁLI OG MYNDUM UM FORSÖGU LÍFSINS
NÁTTÚRAN
LEIÐSÖGN Í MÁLI OG MYNDUM
Stórvirki
4.990
kr. stk.
ORÐBRAGÐ
1.990 kr.
BAD CREDIT GREAT CHARACTER
99 kr.
SKRÍPÓ
1.490 kr.
Strympa
Spegillinn sem Strumpaði
Riddarastrumpur
10 bækur í pakka
3.990 kr.
NORA ROBERTS
Vitnið
ADLER OLSEN
990 kr.
990 kr.
VÍN
– frá þrúgu í glas
990 kr.
UNIVERSE ÍSLAND Í 80 TILRAUNUM
1.490 kr.
SÖLVEIG EIRÍKSDÓTTIR
Eftirréttir
Sollu
990 kr.
*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.
Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · Opið alla daga kl. 10–19

# Reykjavík var björt og falleg í gegnum linsu Gunnars Rúnars

**Í dag verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur yfirlitssýning á verkum Gunnars Rúnars Ólafssonar, ljósmyndara og kvikmyndagerðarmanns, sem myndaði mannlíf og menningu í Reykjavík af stakri natni.**







Gísli Helgason

Á yfirlitssýningunni á verkum Gunnars Rúnars Ólafssonar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur verða sýndar nýjar handstækkaðar ljósmyndir gerðar eftir filmum sem voru teknar á árabilinu 1947-1964. Auk þess sýnir Kvikmyndasafn Íslands valin myndbrot úr kvikmyndum Gunnars Rúnars. Gísli Helgason hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur hefur að undanförnu unnið að undirbúningi sýningarinnar og þekkir flestum betur áhugaverðan feril Gunnars Rúnars.

„Það vita nú ekki allir en ferill Gunnars Rúnars hófst sem áhugamanns í Hafnarfirði, þar sem hann var fæddur árið 1917 og lést 1965, tæplega 48 ára gamall. En í upphafi ferilsins fór hann um bæinn og tók portrettmyndir af eldri borgurum bæjarins, mest voru þetta karlar en þó var eitthvað um myndir af konum þarna í bland. Það voru gefnar út bækur með þessum myndum á sínum tíma og þá fylgdu vísur og kveðskapur myndunum. Ég er ekki frá því að þetta hafi gengið alveg ágætlega.“

Gísli segir að Gunnar Rúnar hafi svo seinna lært ljósmyndun í New York Institute of Photography sumarið 1945. „Þaðan fór hann til Los Angeles og kynnti sér kvikmyndagerð hjá einu stærsta kvikmyndaveri Bandaríkjanna, Metro Goldwyn Mayer í Hollywood. Þar var hann viðstaddur upptökur fjölmargra kvikmynda og starfaði m.a. við hlið margra af þekktustu leikurum samtímans og eflaust hefur þessi tími í Hollywood haft einhver áhrif á hann.

Eftir heimkomuna 1946 og fram til 1957 starfaði Gunnar einkum sem kvikmyndagerðarmaður en tók að auki ljósmyndir fyrir Morgunblaðið 1953–1957. Frá 1958 starfaði Gunnar sem iðnaðar- og auglýsingaljósmyndari og tók myndir fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Hann myndaði m.a. fyrir Rafha hf., Hafnarfjarðarbæ og Akureyri, auk þess nýttu Sjálfstæðisflokkurinn og búnaðarfélög víða um land sér þjónustu hans.

Gunnar Rúnar myndaði líka reglulega fyrir Reykjavíkurborg. Á þeim tíma hafði Sjálfstæðisflokkurinn hreinan meirihluta í borgarstjórn og áhrifafólk innan borgarinnar þekkti vel til natni Gunnars Rúnar og listfengis. Það hefur eflaust ekki heldur komið að sök að Gunnar Rúnar var sjálfstæðismaður, var virkur í félagsstarfi í Hafnarfirði og svona. Þegar hann fer að vinna fyrir Reykjavík þá var hann afskaplega flinkur við að láta borgina líta vel út. Séð í gegnum myndavél Gunnars Rúnars er Reykjavík einkar viðkunnanleg borg, nútímaleg, vel skipulögð, björt og krakkarnir hressir. Snyrtilegir almenningsgarðar mynda fagurlega umgjörð utan um heilbrigt mannlíf og kraftmikil uppbygging á sér stað. Þarna má líka finna stórskemmtilegar myndir af börnum og unglingum bæði í leik og starfi.

Málið er að þegar maður fer að skoða feril Gunnars Rúnars þá sér maður hvað hann var markaðsþenkjandi. Hann var líka með markaðsnef og opnaði til að mynda minjagripaverslun, gerði líka póstkort fyrir Árbæjarsafnið og fleira.

En svo var hann líka mikið að pæla í fortíðinni. Nútíminn er í myndunum en hann er líka mikið að mynda handrit og kirkjubækur, byggðasöfn og fleira sem snýr að ákveðnum menningargrunni eins og Hafnfirðingarnir sem hann myndaði fyrst á ferlinum. Eins tók hann að sér að mynda fyrir búnaðarsambönd og fór þá í að mynda alla íbúana og bæina í sveitunum. Þá fóru einhverjir karlar með honum og tóku viðtöl við fólkið sem einhver sá svo um að hljóðrita líka og þetta er afar skemmtileg heimild.“

Gísli segir að það verði líka gaman fyrir sýningargesti að sjá kvikmyndað efni eftir Gunnar Rúnar. „Við höfðum samband við Kvikmyndasafn Íslands sem fór í gegnum og skannaði inn marga klukkutíma af efni og tók svo saman í skemmtilegan u.þ.b. 50 mínútna bút sem fær að rúlla í Kubbnum. Við nýtum nefnilega allt pláss hér á safninu undir sýningu, hvern krók og kima.“

# Að sjá sjálfan sig speglast í glerinu

BÆKUR

## Hendingskast

**Höfundur:** Sigurjón Bergþór Daðason
**Útgefandi:** Veröld

Reykjavík 2015

★★★☆☆




„Ég sé sjálfan mig speglast í glerinu.“ Með þessari einföldu setningu hefst fyrsta skáldsaga Sigurjóns Bergþórs Daðasonar, Hendingskast. Þar segir ungur maður frá lífi sínu, vina sinna og fjölskyldu, yfir nokkurra mánaða skeið í Reykjavík samtímans. Þetta tímabil er um margt viðburðaríkt í lífi unga mannsins sem er nýbúinn að missa vinnuna sama dag og góður vinur vinnur stóra vinninginn í lottó, brestir koma í samband aðalpersónunnar og kærustunnar, foreldrar standa í miðaldurskreppu, hús er málað að næturlagi og svo mætti jafnvel áfram telja.

Líf aðalpersónunnar, kærustunnar, vina og fjölskyldu er líf forréttinda þeirra sem hafa í raun flest öll allt til alls en kunna fátt að meta. Aðeins Anton, vinur aðalpersónunnar og ungur lögfræðingur, er ekki alinn upp við líf forréttinda enda er hann eina persónan sem hefur í sér dugnað til þess að koma sér áfram í lífinu og standa á eigin fótum. Aðalpersónan hins vegar stundar vinnu fremur með það markmið að reyna að öðlast meira sjálfstæði frá efnuðum foreldrum en þó ekki meir en svo að það er alltaf hægt að biðja um meiri pening þegar á móti blæs. Lífsstíllinn er heilt yfir þannig að það er erfitt fyrir marga að finna til samkenndar með raunum ungs manns sem hefur allt til alls. Þetta er frásögn ungs manns sem lifir sínu sjálfhverfa lífi og leiðist seint að skoða spegilmynd sína. Þarna birtist sjálfhverfa kynslóðin í hnotskurn.

Því þrátt fyrir viðburðaríka daga líður sagan og líf aðalpersónunnar áfram í sjálfhverfu tilbreytingarleysi. Það er logn yfir lífi þeirra sem láta sig örlög annarra litlu varða. Sagan er reyndar dálítið lengi að koma sér af stað og ná almennilegum skriðþunga en eftir því sem á líður grípur frásögnin lesandann fastari tökum. Fyrstu persónu frásögn líður dálítið fyrir hversu áhugalaus aðalpersónan er í raun um fólkið í kringum sig því það gerir höfundi erfitt fyrir með að draga upp skýrar og áhugaverðar aukapersónur. En eftir því sem líður á frásögnina eru aukapersónur betur mótaðar og lifna fremur við í framvindu sögunnar. Það er líka sjálfsagt að hafa í huga að hér er á ferðinni fyrsta skáldsaga höfundar og það er ekki laust við að honum vaxi ásmegin eftir því sem á líður.

Þó svo styrkur Sigurjóns Bergþórs sé enn sem komið er ekki í persónusköpuninni þá er hann ótvírætt til staðar í stílnum. Frásögnin flæðir fallega áfram, orðfærið er breitt og skemmtilegt og setningarnar eru margar hverjar fallega mótaðar. Þá hefur Sigurjón Bergþór einnig einkar gott lag á að lýsa umhverfi, nýta liti og draga upp myndir af húsakosti í örfáum en meitluðum orðum. Táknheimur sögunnar er heildstæður og vel mótaður og þá einkum er varðar sterka litabeitingu og skýra rýmisnotkun.

Sem fyrsta skáldsaga er Hendingskast vel heppnuð og full ástæða til þess að vonast eftir að Sigurjón Bergþór haldi ótrauður áfram. Gallinn er að persónur Hendingskasts eru sjálfhverfar og spegla sig í sífellu í glerinu og til þess að gera þær aðeins meira spennandi hefði kannski þurft aðeins þéttari framvindu, eins og er að finna í seinni hluta bókarinnar, og aðeins meiri slagkraft í annars kómíska viðburði.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Vel heppnuð fyrsta skáldsaga hjá góðum stílista um helst til óáhugaverðar persónur.

# Sneri við um leið og ég sá brekku

Í dag opna 8 íslenskir myndlistarmenn sýninguna Reykjavík Stories í Quartair-galleríinu í Den Haag í Hollandi. Sýningarstjóri er Tim Junge og hann hefur haft veg og vanda af undirbúningi verkefnisins. Finnur Arnar er einn listamannanna sem taka þátt í sýningunni og hann segir að Quartair-galleríið eigi sér talsverða sögu af því að vinna með Íslendingum. „Listamennirnir sem taka þátt í verkefninu að þessu sinni eru auk mín Jón Óskar, Hulda Hákon, Jóhann Ludwig Torfason, Ragnhildur Jóhanns, Guðmundur Thoroddsen, Sindri Leifsson og Dodda Maggý. Verk okkar allra á sýningunni tengjast með einum eða öðrum hætti Reykjavík. Höfuðborg sem við þekkjum og upplifum hvert með sínum hætti og höfum kynnst misvel og lengi.

Það er mikil hefð fyrir samstarfi á milli landanna í myndlist enda hafa gríðarlega margir íslenskir myndlistarmenn stundað nám í Hollandi og fundið sig vel. Ekki eru það fjöllin sem toga okkur hingað því ég hef nú ekki séð nema eina brekku hérna í borginni enn sem komið er. Að sjálfsögðu sneri ég snarlega við og fann mér aðra leið að mínum áfangastað,“ segir Finnur og hlær.

**LISTAMENNIRNIR SEM TAKA ÞÁTT Í VERKEFNINU AÐ ÞESSU SINNI ERU AUK MÍN JÓN ÓSKAR, HULDA HÁKON, JÓHANN LUDWIG TORFASON, RAGNHILDUR JÓHANNS, GUÐMUNDUR THORODDSEN, SINDRI LEIFSSON OG DODDA MAGGÝ. VERK OKKAR ALLRA Á SÝNINGUNNI TENGJAST MEÐ EINUM EÐA ÖÐRUM HÆTTI REYKJAVÍK.**

Finnur Arnar

Finnur bætir við að það séu líka ákveðin hugmyndafræðileg tengsl á milli Quartair-gallerísins og Nýló en bæði eru þessi gallerí í raun listamannarekin. Þar sem Tim Junge býr heima á Íslandi og hefur þar verið maðurinn á bak við art 365 og þekkir einnig vel til Nýló fannst honum tilvalið að efla samstarfið þarna á milli. Verkin á sýningunni eru í raun jafn ólík og listamennirnir eru margir; það eru þarna myndbandsverk, ljósmyndir, málverk, skúlptúrar og Sindri Leifsson ætlar að performera við opnunina.“

Í tilefni sýningarinnar kemur út vegleg bók um sýninguna og verk listamannanna þar sem Markús Þór Andrésson skrifar megintexta en Bergdís Ellertsdóttir sendiherra ritar formála. Hún mun einnig opna sýninguna formlega. Finnur bendir á að þau hafi fengið styrk frá Reykjavíkurborg til þess að standa straum af kostnaði við útgáfuna. „Við erum ákaflega þakklát fyrir stuðninginn og vonum að það geti orðið framhald á samstarfinu. En nú er allt tilbúið og við að fara á listviðburð á ströndinni og hér er enn sumar og sól. Það verða s.s. léttklæddir listamenn á ströndinni – það er eitthvað.“ **– mg**

VERÐHRUN!

HEFST Í DAG!

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18 • MÖRKINNI 1

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

## BÆKUR FRÁ 99 KR.




ALDREI MEIRA ÚRVAL AF BARNABÓKUM!



BÓKAPAKKAR Á FRÁBÆRU VERÐI

OG NÚ ENN LÆGRA VERÐ!

ALLIR SEM VERSLA FÁ FRÍA BÓK!

BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| EVEREST 3D | KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 |
| EVEREST 2D VIP | KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 |
| HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ÍSLTAL 2D | KL. 12 - 2 - 4 - 6 |
| KNOCK KNOCK | KL. 10:45 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 - 10:40 |
| VACATION | KL. 6 - 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:10 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 3:10 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL | KL. 12 - 2 - 4 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL | KL. 1:10 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 8 |
| EVEREST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SICARIO | KL. 10:40 |
| HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ÍSLTAL 3D | KL. 3 |
| HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ÍSLTAL 2D | KL. 6 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 4 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| EVEREST 3D | KL. 2:50 - 5:25 - 8 - 10:35 |
| HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ÍSLTAL 3D | KL. 12:45 |
| HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 1:20 - 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 |
| PAWN SACRIFICE | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| LOVE & MERCY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 3:20 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| PAWN SACRIFICE | KL. 8 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 10:30 |
| VACATION | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 1:20 - 3:30 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL | KL. 1:30 - 3:30 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| EVEREST 3D | 2, 5, 8, 10:30 |
| SICARIO | 8, 10:30 (P) |
| HÓTEL TRANSYLV. 2D ÍSL | 2, 4 |
| HÓTEL TRANSYLV. 2D ENS | 6 (ótextuð) |
| HÓTEL TRANSYLV. 3D ÍSL | 2 |
| MAZE RUNNER | 8 |
| NO ESCAPE | 10:40 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6 |
| SKÓSVEINARNIR 2D ÍSL | 4 |

Góða skemmtun í bíó











# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur & sunnudagur

## 26. SEPTEMBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** Showmen íslenskir erum við
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salnum í Kópavogi, Hamraborg 6
Tónleikar í tilefni af 75 ára afmælis Ómars Ragnarssonar. Meðal gesta er Raggi Bjarna. Miðaverð 4.990 kr.

**Hvað?** Bestu lög Björgvins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háskólabíó við Hagatorg
Björgvin rifjar upp ferilinn í tónum og tali ásamt hljómsveit. Miðaverð er 6.900 og 7.900 krónur.

**Hvað?** Dúkkulísurnar og Ylja
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bæjarbíó, Strandgötu 6
Miðaverð er 3.000 krónur.

**Hvað?** Ensími
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Hafnarstræti 96
Ensími leikur lög af nýjustu plötu sinni, Herðubreið, í bland við eldra efni.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Speed Sisters
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu 54
Amber Fares, leikstýra heimildarmyndarinnar Speed Sisters, tekur þátt í umræðum um myndina, Palestínu og stöðu palestínskra kvenna. Miðaverð 1.400 krónur.

### Hátíðir

**Hvað?** Opnun Barnahátíðar í Norræna húsinu
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu 5
Skemmtileg dagskrá fyrir yngsta kvikmyndaáhugafólkið. Viðburðurinn er í tengslum við RIFF og nánari dagskrá hægt að kynna sér á Riff.is. Miðaverð er 500 krónur.

**Hvað?** Íslenska bjórhátíðin
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a
Hátíð í anda Októberfest. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur íslensk og erlend lög. Harmonikkuleikarinn Gréta rokk og jóðlarinn Hrefna Björg syngja, spila og jóðla. Dj Atli endar kvöldið. Íslenskur mjöður, saltkringlur og veitingar í matartjöldum. Frítt inn.

### Málþing

**Hvað?** Verka-konur
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Ráðhús Reykjavíkur
Sjö konur segja frá afrekum og verkum og hvernig þær sjá áframhaldandi baráttu fyrir kvenréttindum. Í lok fundar verða opnar umræður um framtíð kvenréttindabaráttu og femínisma.

### Opnanir

**Hvað?** Oaxaca
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Mjólkurbúðin, Listagilinu á Akureyri
Ásdís Ásgeirsdóttir opnar ljósmyndasýninguna Oaxaca í dag. Sýningin er nefnd eftir borg í Mexíkó þar sem Ásdís tók myndirnar. Sýningin stendur til 4. október. Allir velkomnir.

**Hvað?** Yfirlitssýning á verkum Gunnars Rúnars Ólafssonar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15
Yfirlitssýning á verkum ljósmyndarans og kvikmyndagerðarmannsins Gunnars Rúnars Ólafssonar verður opnuð í dag. Myndirnar á sýningunni eru teknar á árunum 1947-1964 og einnig sýnir Kvikmyndasafn Íslands valin brot úr myndverkum Gunnars. Allir velkomnir.

## 27. SEPTEMBER 2015

### Dansleikir

**Hvað?** Dansleikur í Ásgarði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Félag eldri borgara, Stangarhyl 4
Hljómsveit hússins leikur fyrir dansi. Veitingar við flestra hæfi.

### Uppákomur

**Hvað?** Tómasarmessa
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Breiðholtskirkja
Þema messunnar er Hjálp án skilyrða? og einkennist messan af fjölbreyttum söng og tónlist. Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar og Þorvaldur Halldórsson leiðir tónlistina ásamt sönghóp.

### Síðasti Séns

**Hvað?** Spektrum
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Íslensk grafík, Tryggvagötu 17
